


Starfsskýrsla

2014



I MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðsla	8
5. Gæðastjórnun	10
6. Löggjöf	12
7. Evrópumál	13
8. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum	15
II MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	18
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	18
2. Skipulag eftirlits	19
3. Leyfisveitingar	20
4. Opinbert eftirlit með matvælum og fóðri	22
5. Sérstök eftirlitsverkefni	28
6. Vöktun og mælingar	29
7. Matarbornir sjúkdómar	32
8. Yfirkjötmát	33
III HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	34
1. Um heilbrigði og velferð dýra	34
2. Skipulag eftirlits	34
3. Fjöldi búfjár	36
4. Smitsjúkdómar	37
5. Dýravelferð	38
6. Opinbert eftirlit eftir dýrategundum	40
7. Lyfjamál	53
8. Aukaafurðir dýra	53
IV INN- OG ÚTFLUTNINGUR	54
1. Um inn- og útflutning	54
2. Innflutningur matvæla	55
3. Innflutningur dýra	58
4. Innflutningur áburðar, fóðurs og plantna	59
5. Útflutningur matvæla	62
6. Útflutningur dýra	65
7. Útflutningur plantna	65
V SÚNUR	66
1. Um súnur og súnivalda	66
2. Salmonella	66
3. Kampýlóbakter	71
4. E. coli	73
5. Listeria	74
6. Q-hitasótt	74
7. Sýklalyfjapól	74
VI VIÐAUKI	75
1. Starfsmannalisti	75
2. Lagabreytingar	76
3. Vöktun aðskotaefna og lyfjaleifa	80
4. Efnagreiningar, innflutningur og innlend framleiðsla á fóðri	81
5. Sérstök eftirlitsverkefni	82
6. Framleiðslumagn búfjárafurða	83
7. Niðurstöður kjötmats	84
8. Frænnflutningur	86

Stefna Matvælastofnunar

Allt frá því Matvælastofnun tók til starfa hefur hún lagt áherslu á gæðastjórnun og markmiðssetningu í störfum sínum. Einnig hefur verið lögð áhersla á vel skilgreint verklag við áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja, sem meðal annars gefur þeim kost á að dregið sé úr opinberu eftirlit og þar með kostnaði ef þau standa vel að sínum málum. Nú hefur stofnunin lagt fram kerfi fyrir innri úttektir á starfsemi opinberra eftirlitsaðila á starfssviði sínu og einnig rannsóknastofnana sem Matvælastofnun og aðrir opinberir eftirlitsaðilar skipta við. Framkvæmdin verður í samvinnu við samtök hagsmunaaðila og er markmiðið að koma á úrbótum í opinberu eftirliti þar sem þörf er á.



Samhliða þessu hefur Matvælastofnun mótað stefnu í störfum sínum fyrir tímabilið 2015 til 2020 og koma helstu stefnumiðin hér fram. Þau verða studd með setningu markmiða sem eiga að vera leiðandi í störfum stofnunarinnar á þessu tímabili. Stefna Matvælastofnunar snýr bæði að ytra og innra umhverfi hennar og þar með hagsmunum starfsmanna og þeirra sem eftirlit beinist að eða nýta þjónustu stofnunarinnar. Neytendavernd og miðlun upplýsinga eru einnig grunnforsendur í stefnu og störfum okkar. Stefnumið Matvælastofnunar eru:

Samræmt verklag

Við þróum áfram gæðakerfi og gerum úttektir á eigin starfsemi og annarra. Verkferlar verða í reglubundinni endurskoðun sem tryggir skilvirk, fagleg og samræmd vinnubrögð, sem bera árangur. Við vinnum sem ein stofnun, ein heild og um land allt

Velferð og verðmætasköpun

Við stuðlum að einfaldara og markvissara regluverki sem tekur tillit til þarfa neytenda og viðskiptavina okkar. Með störfum okkar skapast forsendur til markaðssetningar heilbrigðra dýra og öruggra afurða, jafnt innanlands sem utan. Við verndum heilsu manna, dýra og plantna og aukum velferð og verðmætasköpun

Miðlun upplýsinga

Við leiðbeinum til að bæta vinnubrögð jafnt innan sem utan stofnunar og veitum upplýsingar til að auka aðhald og auðvelda almenningi að taka upplýsta ákvörðun. Áhersla á forvarnir bætir öryggi matvæla, lýðheilsu, heilbrigði og velferð dýra og plöntuheilbrigði. Við stundum opna stjórnábyrgð, fræðum og upplýsum

Gott starfsumhverfi

Við sköpum starfsumhverfi sem tryggir að starfsfólk nýti og þrói þekkingu sína samfélaginu til gagns. Starfsumhverfi verði sveigjanlegt, til fyrirmyndar og stuðli að vellíðan og árangri í starfi. Ánægja í starfi og gagnkvæm virðing er allra hagur

Framangreind stefna ber með sér að Matvælastofnun leggur áherslu á að störf hennar byggist á skráðum verklagsreglum, vinnulýsingum og leiðbeiningum. Þetta verklag kemur fram í gæðahandbók á heimasíðu stofnunarinnar, www.mast.is. Þar má einnig skoða þá upplýsingastefnu sem starfsmenn eiga að fylgja í störfum sínum. Fyrirtækin í landinu bera síðan ábyrgð á eigin starfsemi og öryggi afurða. Í þessu felst ábyrgð á neytendavernd, sem jafnframt er verkefni opinberra eftirlitsaðila, auk þess að vinna að fræðslu og upplýsingagjöf til neytenda. Starfsleyfi er forsenda fyrir markaðssetningu afurða og hagur fyrirtækja af opinberri eftirlitsstarfsemi er því augljós. Í samræmi við stefnu sína og skyldur vinnur Matvælastofnun því að opnun markaða fyrir íslenskar afurði og þar með að verðmætasköpun fyrir fyrirtæki og íslenskt samfélag.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

Útgefandi
Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot
Hjalti Andrason

Prentun
Samskipti ehf.

© Matvælastofnun 2015. Heimilt er að birta efni úr ritinu sé getið heimildar.
Starfsskýrsla MAST má einnig nálgast á vef Matvælastofnunar: www.mast.is.

1. Um Matvælastofnun

Matvælastofnun starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES.

1.1. Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnáslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2. Verkefni

Matvælastofnun vinnur að matvælaöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá frumframleiðslu og heilbrigði og velferð dýra, til heilnæmis búfjár- og sjávarafurða, plöntuheilbrigðis, fódurs og vinnslu og dreifingar þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr. Einnig fer stofnunin með fódureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælaöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisþjónusta við dýr
- Stjórnásluverkefni: Löggjöf, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjäreftirlit

1.3. Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:


- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnáslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsmanna. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvarðanatöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnáslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja skal ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4. Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af sér nýsköpun í matvælaframleiðslu og aukin alþjóðaviðskipti.

1.5. Stjórnskipulag og störf

Nýtt skipurit fyrir Matvælastofnun var samþykkt í byrjun ársins 2013. Í innra skipulagi er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *Heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *Matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *Stjórnáslu og löggjöf* og *Rekstur og mannauð*. Gæðamál heyrja beint undir forstjóra og þá rekur stofnunin *Inn- og útflutningsskrifstofu* og sex *Umdæmisskrifstofur*. Starfsmenn eru um 86 en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga og þar sem stofnunin er einnig með verksamninga við aðra aðila. Afla má frekari upplýsinga eða koma með fyrirspurnir á netfangið mast@mast.is.



Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar

Starfsfólk Matvælastofnunar hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisskrifstofur starfa héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmat og einnig stjórnáslu í samvinnu við lögfræðinga stofnunarinnar. Þá hefur Matvælastofnun líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fódurmála, lyfjamála, fiskeldis og áburðareftirlits.

Á komandi árum má síðan gera ráð fyrir að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því að verkefnum Matvælastofnunar fjölga í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á dýravelferð, matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6. Frá heilbrigði til hollustu

Vígurð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með heilbrigðisþjónustu við dýr eða samstarfi og samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið fer með víðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu og um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.


2. Rekstur og fjármál

Rekstur Matvælastofnunar gekk vel á árinu þrátt fyrir áframhaldandi aðhald en uppsöfnuð hagræðingarkrafa frá hrúni nemur yfir 260 mkr á verðlagi ársins 2014. Tekjuafgangur var ríflega 33 mkr eða sem nemur rúmlega 2% af heildarfrjárlögum stofnunarinnar. Er þetta lítilleg hækkun frá fyrra ári. Framlag ríkisins jókst úr 853,4 mkr árið 2013 í 933 mkr árið 2014 og munar þar mestu um að verkefni dýraeftirlitsmanna færðust yfir til stofnunarinnar um áramótin. Þá jukust tekjur úr 381,3 mkr árið 2013 í 417,5 mkr árið 2014.

2.1. Rekstrarreikningur

Tafla I.2.1: Rekstrarreikningur árið 2014

Matvælastofnun	2014	2013
Tekjur		
Sértekjur	25.931.863	24.830.683
Ríkistekjur	391.599.971	356.491.116
	417.531.834	381.321.799
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	842.044.204	745.998.321
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	28.765.231	26.825.390
Funda- og ferðakostnaður	80.428.476	72.050.757
Aðkeypt sérfræðipjónusta	180.818.583	202.766.067
Rekstur áhaldna og tækja	4.487.782	4.322.668
Annar rekstrarkostnaður	20.343.520	17.479.934
Húsnæðiskostnaður	121.549.372	112.306.907
Bifreiðarekstur	16.472.745	14.755.134
Tilfærslur	365.200	913.500
	1.295.275.113	1.197.418.678
Eignakaup	24.135.095	12.887.754
	1.319.410.208	1.210.306.432
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur	(901.878.374)	(828.984.633)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	2.058.842	1.535.418
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag	(899.819.532)	(827.449.215)
Ríkisframlag	933.000.000	853.400.000
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	33.180.468	25.950.785
Höfuðstóll í lok árs	59.053.110	25.872.642



Mynd I.2.1: Skipting kostnaðar árið 2014

Af gjöldum stofnunarinnar er það launakostnaður sem vegur þyngst eða tæplega 64%. Þar á eftir kemur aðkeypt sérfræðipjónusta með tæplega 14% en þar undir fellur m.a. þjónustusamningar vegna dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum, rannsóknir, hugbúnaðarvinna o.fl. Húsnæðiskostnaður var þriðji stærsti liðurinn með ríflega 9% af heildargjöldum.

2.2. Stuðningur við bændur

Eitt af verkefnum Matvælastofnunar er að sinna greiðsluþjónustu til sjálfstætt starfandi dýralækna vegna þjónustu við bændur. Á árinu 2014 nam þessi kostnaður 193,5 mkr eða ríflega 20% af framlagi ríkisins til stofnunarinnar og skiptist hann í þrennt; dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum til að tryggja bændum aðgang að dýralækni, bakvaktarþjónustu dýralækna og akstursjöfnunargjald vegna ferða dýralækna. Tafla I.2.2. sýnir skiptingu milli þessara þriggja þátta.

Tafla I.2.2: Stuðningur við bændur 2014

Stuðningur við bændur	mkr
Dýralæknar - Bakvaktir	119,0
Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum	60,1
Akstursjöfnunargjald	14,4
Samtals	193,5

Með reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðþjónustu við dýr á landsvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti. Stuðningur þessi nær til alls níu þjónustusvæða og var heildarkostnaður um 60,1 mkr árið 2014.


Bakvaktir sjálfstætt starfandi dýralækna skiptast í 13 vaktsvæði og eru skipulagðar af héraðsdýralæknum skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Árið 2014 var greitt fyrir 84.793 klst. að upphæð 119 mkr með launatengdum gjöldum.

Markmiðið með greiðslum á ferða- og aksturskostnaði vegna vitjana dýralækna er að jafna ferða- og aksturskostnað bænda vegna sjúkraitjana dýralækna og er miðað við að greiðslur dekki kostnað umfram 80 km í hverri vitjun. Kostnaður vegna þessa nam alls um 14,4 mkr árið 2014.

3. Starfsmenn

Nokkrar fjölgun starfsmanna varð á árinu vegna aukinna verkefna hjá Matvælastofnun. Þann 1. janúar 214 tóku gildi ný lög um velferð dýra og á sama tíma tóku gildi ný lög um búfjárhald. Með þeim færðist allt búfjárefirlit frá sveitarfélögum til stofnunarinnar. Með gildistöku þessara laga og um leið auknum verkefnum hjá stofnuninni voru ráðnir voru sex starfsmenn til eftirlits með dýrahaldi og starfa þeir undir stjórn héraðsdýralækna, einn í hverju umdæmi. Vegna aukinna verkefna á öðrum sviðum voru ráðnir fjórir starfsmenn í 3,5 stöðugildi sem til samans gera aukningu á stöðugildum um 9,5 á árinu.

Mynd I.3.1: Kynjahlutfall starfsmanna



Að venju var nokkuð um tímabundnar ráðningar í tengslum við skammtímaverkefni. Ráðnir voru 13 dýralæknar til eftirlitsstarfa við haustslátrun sauðfjár, þar af voru 11 erlendir. Einnig voru ráðnir tveir starfsmenn til viðhalds varnargirðinga. Gengu öll þessi árstíðabundnu verkefni samkvæmt áætlun.


Í heild voru unnin 83,5 ársverk hjá stofnuninni samanborið við 75,2 ársverk árið áður. Starfsmenn voru 74 í upphafi árs í 70,4 stöðugildum og í lok árs voru þeir 86 í 81,7 stöðugildum. Lista yfir starfsfólk í lok árs 2014 er að finna í [Viðauka VI.1.](#)

Starfsmannavelta var tæp 7% samanborið við 8% árið áður. Háskólamenntuðum starfsmönnum hefur fjölgað þannig að nú eru rúmlega 88% með háskólamenntun samanborið við 84% árið áður.

Kynjahlutföll eru lítillega breytt frá síðasta ári en konur eru nú 53% starfsmanna en karlar 47%, en árið áður voru hlutföllin 52% konur á móti 48% karla.


Meðalaldur starfsmanna er 46,4 ár og hefur hann lækkað frá síðasta ári en þá var meðalaldurinn 48,9 ár. Aldursdreifing er á bilinu 26 til 70 ár. Konurnar eru fjölmennari í yngri aldurshópnum og flestar eru þær aldersbilinu 31-35 ára. Karlar eru eins og áður fjölmennari í eldri aldurshópnum og fjölmennastir eru þeir á aldersbilinu 56-60 ára.

Mynd I.3.2: Aldursdreifing starfsmanna



Myndin hér að neðan sýnir dreifingu og kynjaskiptingu starfsmanna á milli sviða. Fjölmenast er matvælaöryggis- og neytendasviðið með 18 starfsmenn. Þar á eftir koma dýraheilbrigðissvið, skrifstofa inn- og útflutnings ásamt rekstrar- og mannauðssviði með 11 starfsmenn hvert. Á stjórnsýslusviði eru 10 starfsmenn og í umdæmum héraðsdýralækna starfa samtals 25 starfsmenn.

Mynd 1.3.3: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa*



* Forstjóri og gæðastjóri eru sjálfstæðar einingar skv. skipuriti en eru hér flokkaðir undir Rekstrar- og mannauðssviði

4. Fræðsla


Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kunna að stafa sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða.

Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflutningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1. Vefsíða

Fjöldi heimsóknna á vef Matvælastofnunar stóð í stað milli ára en þar áður hafði fjöldi heimsóknna aukist með hverju ári frá því að hún hóf starfsemi 1. janúar 2008. Fjöldi birtra fréttanna á vef jókst úr 134 í 149 milli ára. Árið 2014 heimsóttu 1.690 mismunandi notendur vefinn í hverri viku að meðaltali en þeir voru 1.686 árið áður.

Mynd 1.4.1: Fjöldi heimsóknna og fréttabirtinga á vef Matvælastofnunar



Tafla 1.4.1: Mest skoðuðu síður á forsiðu mast.is og mest skoðuðu fréttir á vef MAST á árinu 2014 (pageviews)

Sæti	Vefsíða	Fjöldi flettinga (%)	Sæti	Frétt	Fjöldi flettinga (%)
1.	Matvælastofnun	14,434 (3.44%)	1.	Grunur um salmonellu í heilsuvörum	938 (0.22%)
2.	Starfsfólk	11,839 (3.26%)	2.	Rafræn skil á haustskýrslum	731 (0.17%)
3.	Leit	9,771 (2.33%)	3.	MAST stöðvar dreifingu hunda frá Dalsmynni	490 (0.12%)
4.	Matvæli	8,976 (2.14%)	4.	Hundur slapp á Keflavíkflugvelli	481 (0.11%)
5.	Eyðublöð	8,914 (2.13%)	5.	Fjögur kúabú svipt starfsleyfi	478 (0.11%)
6.	Lög og reglur	8,291 (1.98%)	6.	Miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda	425 (0.10%)
7.	English	7,653 (1.83%)	7.	Ólöglegar geldingar leikmanna	412 (0.10%)
8.	Inn- og útflutningur	7,430 (1.77%)	8.	Kóprabjalla í Chicopee gæludýrafóðri	396 (0.09%)
9.	Dýraheilbrigði	7,066 (1.69%)	9.	Hunter líklega hræddur og svangur	358 (0.09%)
10.	Lög og reglur - Matvæli	5,993 (1.43%)	10.	Áhættumiðað eftirlit á sveitabæjum	346 (0.08%)

4.2. Útgáfa

Í kjölfar mikillar umræðu í samfélaginu um upprunamerkingar á kjötvörum tók Matvælastofnun þátt í útgáfu bæklingins *Frá hvaða landi kemur maturinn?* í samstarfi við Neytendasamtökin, Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök verslunar og þjónustu. Bæklingurinn inniheldur leiðbeiningar til neytenda, matvælaframleiðenda, verslana og veitingastaða um upprunamerkingar matvæla.

4.3. Fjölmiðlar

Lokun hundabús, afnám geldingar grísa án deyfingar, flúormengun frá álveri Alcoa í Reyðarfirði, áhrif brennisteinsdíoxíðs frá eldgosinu í Holuhrauni á heilbrigði dýra og öryggi matjurta, vanhirt sauðfé í Loðmundarfirði, vörslusvipting sauðfjár af býli í Suðurumdæmi, úttekt sendinefndar frá Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Kasakstan á fisk-, kjöt- og mjólkurframleiðslu hérlendis og óviðunandi dýralæknaþjónusta á Austurlandi var það sem bar helst á góma í fjölmiðlaumræðunni á árinu.

Matvælastofnun hóf samstarf við Bændablaðið um regluleg greinaskrif í blaðinu með það að markmiði að bæta upplýsingagjöf um málefni stofnunarinnar til bænda. Fjórtán greinar voru skrifaðar fyrir Bændablaðið á árinu. Greinar Matvælastofnunar eru aðgengilegar sem fyrr á vef stofnunarinnar undir *Útgáfa*.

4.4. Fundir og ráðstefnur

Tvö norræn málþing voru haldin á vegum Matvælastofnunar í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Annars vegar var haldið málþing um rekjanleika 21. október á Icelandair Hótel Reykjavík Natura og hins vegar málþing um sýklalyfjapól 13.-14. nóvember á Centerhotel Plaza. Viðburðirnir lóðuðu að fjölda sérfræðinga frá systurstofnunum og öðrum opinberum aðilum á Norðurlöndunum sem deildu þekkingu sinni og reynslusögum með innlendum aðilum.

Matvælastofnun stóð fyrir málstofu um velferð dýra á fræðapingi landbúnaðarins, Landsýn, 7. mars þar sem nýju dýravelferðarlögin voru kynnt.

Samráðsþing Matvælastofnunar var haldið 14. maí 2014 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Tilgangur samráðsþingsins er að styrkja samskipti Matvælastofnunar við eftirlitsþega og neytendur. Þemað að þessu sinni var *hagsmunagæsla og opnun markaða*.

Matvælastofnun hélt eftirfarandi fræðslufundi á árinu:

- Notkun Skráargatsins - 18. febrúar 2014
- Bólusetning - nýr valkostur við geldingar grísa - 6. maí 2014
- Snertiefni matvæla - 2. desember 2014

Fjöldi starfsmanna sótti námskeið í Evrópu á vegum Better Training for Safer Food (BTSF).

5. Gæðastjórnun

5.1. Gæðahandbók

Vinna við gæðahandbók hélt áfram á árinu, ný skjöl gefin út og önnur endurútgefin. Alls hafa 230 skjöl verið samþykkt og gefin út en 229 skjöl eru enn í vinnslu. Almennur gildistími skjala í gæðahandbókinni er 36 mánuðir. Við árslok var fjöldi skjala í gæðahandbókinni samkvæmt *Töflu 1.5.1* eftirfarandi:


Tafla 1.5.1: Útgáfa skjala í gæðahandbók Matvælastofnunar 2014

Tegund skjals	Í vinnslu	% í vinnslu	Útgefið	% Útg.	Alls
Eyðublað	41	39	63	61	104
Gátlisti	11	28	28	72	39
Leiðbeiningar	60	45	73	55	133
Listi	26	65	14	35	40
Stefnuskjal	9	64	5	36	14
Verklagsregla	20	59	14	41	34
Vinnulýsing	62	65	33	35	95
Samtals	229	50	230	50	459

5.2. Innri úttektir

Matvælastofnun lauk árið 2013 við tillögu að úttektarkerfi á opinberu eftirliti með framleiðslu matvæla. Ráðuneytið staðfesti kerfið á árinu, sem tekur til alls opinbers eftirlits með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð sem framkvæmt er í landinu og nær til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna skv. eftirlitslöggjöfni, s.s. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirliti sveitafélaga, opinberum rannsóknarstofum o.fl.. Gert er ráð fyrir að úttektir skv. nýju úttektarkerfi hefjist á árinu 2015.


Mynd 1.5.1: Ábendingar flokkaðar eftir efni og fjölda



5.3. Fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir

Stofnunin skráir og heldur utan um allar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir sem berast henni. Alls bárust stofnuninni 640 **ábendingar** á árinu 2014 borið saman við 443 á árinu 2013 sem er 44% aukning á milli ára. Efnislega skiptingu ábendinga má sjá á *Mynd 1.5.1*. Jafnframt bárust fjölmargar **fyrirspurnir** á árinu og fjölgaði þeim úr 778 í 953 (22%) milli ára. Efnislega skiptingu fyrirspurna má sjá á *Mynd 1.5.2*. Stofnuninni bárust 14 **kvartanir** um starfsemi sína á árinu.

Mynd 1.5.2: Fyrirspurnir flokkaðar eftir efni og fjölda



6. Löggjöf

6.1. Sett lög

Með lögum nr. 37/2014 um breytingu á lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru voru heimildir Matvælastofnunar til eftirlits með áburðarfyrirtækjum styrktar og þær gerðar skýrari og líkari þeim heimildum sem gilda um fódurfyrirtæki. Með lögnum voru þvingunarúrræði Matvælastofnunar gagnvart áburðar- og fódurfyrirtækjum bætt og stofnuninni fengin heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á tilteknum ákvæðum laganna. Þá var jafnframt bætt við ákvæðum um starfsleyfissskyldu fódurfyrirtækja sem framleiða lyfjablandað fóður og kveðið á um tilkynningar- og skráningarskyldu fyrirtækja, m.a. vegna innflutnings á áburði og þegar örverur greinast í sýnatökum hjá fódurfyrirtækjum.

Í lögum nr. 49/2014 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi var eftirlit og stjórnsýsluverkefni með fiskeldi fært frá Fiskistofu til Matvælastofnunar. Tilgangur laganna er að einfalda stjórnsýsluna og auka hagkvæmni og skilvirkni eftirlits og leyfisveitinga. Meðal annarra nýmæla eru ákvæði sem stuðla eiga að auknu öryggi í fiskeldi og draga úr umhverfisáhrifum fiskeldis, sem og ákvæði um nýjan sjóð – Umhverfissjóð fiskeldis. Sjóðurinn skal greiða kostnað við burðarþróunarsóknir, vöktun á svæðum þar sem fiskeldi er stundað og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins telur að lágmarkað geti umhverfisáhrif fiskeldis.

Í árslok afgreidd svo Alþingi lög nr. 130/2014 um vernd afurðaheita sem vísa til landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Meginmarkmið laganna er að setja upp gæðakerfi fyrir afurðir með því veita afurðarheiti vernd og hindra að aðrir aðilar, en þeir sem uppfylla ákveðin skilyrði, geti notað viðkomandi heiti við markaðssetningu á afurðum. Lögin eru umfangsmikil og fjalla um hvaða heiti geta notið verndar og hvað felst í verndinni. Samkvæmt lögnum geta allir aðilar sem uppfylla skilyrði afurðarlýsingar notað viðkomandi heiti. Þá er að finna ákvæði um hvernig standa skuli að umsókn og hvaða stjórnsýslumeðferð hún fær áður en verndin er veitt. Gengið er út frá því að Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna sinni eftirliti með lögnum.

6.2. Stjórnsýslufyrirmæli

Reglugerðarsetning og upptaka EES-gerða í íslenskan rétt er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Á árinu voru settar 87 reglugerðir sem varða starfsemi Matvælastofnunar og er lang stærsti hluti þeirra vegna innleiðingar á gerðum sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Ef frá er talin reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, er ekki sérstök þörf á að rekja efni þessara gerða, heldur látið nægja að vísa í viðauka VI.2 varðandi frekari upplýsingar.

Með reglugerð nr. 1294/2014 er reglugerð (EB) nr. 1169/2011 innleidd héraðs, en með henni eru gerðar kröfur um skýrari, ítarlegri og nákvæmari upplýsingar um innihald matvæla sem auðveldar eiga neytendum að taka upplýsta ákvörðun um þau matvæli sem þeir neyta. Í reglugerðinni er að finna þær meginreglur sem matvælafyrirtæki verða að uppfylla varðandi merkingar matvæla, s.s. varðandi læsileika á umbúðum, framsetningu varðandi ofnæmisvalda, næringargildisupplýsingar, upprunamerkingar, merkingar á viðbættu vatni o.s.frv.

Í innleiðingarreglugerðinni er einnig að finna nokkrar breytingar á reglum varðandi dagsetningar og verður framvegis heimilt að markaðssetja matvæli sem komin eru fram yfir „best fyrir“ dagsetningu, svo framarlega að slíkar vörur séu aðgreindar frá öðrum vörum. Nota skal merkinguna „notist eigi síðar en“ á viðkvæm matvæli og verður ekki heimilt að markaðssetja matvæli með slíkri merkingu ef sá tími er liðinn. Þá verður ekki lengur skylt að merkja þökkunardag á kælivörur, en skylt verður þó að merkja frystidagsetningu á fisk og kjöt og merkja sérstaklega ef slík matvæli hafa verið þídd upp.


Rétt er að vekja athygli á nokkrum reglugerðum sem settar voru á árinu og tengjast ekki EES-samningnum. Fyrst ber að nefna útgáfu reglugerða um velferð dýra sem settar voru á grundvelli laga nr. 55/2013, en þær eru nr. 910/2014 (um velferð hrossa), 1065/2014 (um velferð nautgripa), 1066/2014 (um velferð sauðfjár og geitfjár), 1276/2014 (um velferð svína) og 1277/2014 (um velferð minka). Tilgangur þessara reglugerða er að tryggja velferð og heilbrigði þessara dýrategunda með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði en með reglugerðunum eru settar lágmarkskröfur um aðbúnað viðkomandi dýrategunda. Ýmis nýmæli er að finna í reglugerðunum, en vísað er að öðru leyti til umfjöllunar um efnisatriði í kafla III.

Að lokum er vert að benda á reglugerð nr. 664/2014 og 665/2014 (um 2. breytingu á reglugerð nr. 580/2012 um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja), en með þeim voru gerðar umfangsmiklar breytingar á regluverki varðandi möguleika veiðimanna til að selja eitt hreindýr á ári án þess að þurfa að fara með dýrið í gegnum skoðun í sláturhúsi eða verkunarstöð.

7. Evrópumál

7.1. Upptaka gerða Evrópusambandsins (ESB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. Standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2013 var um 170. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækur en á árinu voru 12 gerðir metnar þannig að þær ættu ekki við um Ísland og voru þær allar á sviði dýraheilbrigðis.



Á árinu tók EFTA skrifstofan upp nýtt vinnulag við upptöku gerða í EES samninginn en þó nokkur brögð hafa verið að því á síðustu árum að staðalskjöl hafa ekki borist innan tímamarka frá bæði Íslandi og Noregi og miklar tafir hafa því orðið á innleiðingu Evrópuerða í landsrétt ríkjanna. Helsta breytingin er sú að sérfræðingar EFTA fylgjast nú með gerð og útgáfu ESB gerða mun fyrir í ferlinu en áður, þ.e. áður en þær eru birtar í stjórnartíðindum ESB og þannig gefst sérfræðingum Íslands og Noregs tækifæri til að skoða og gefa álit sitt á gerðunum mun fyrir í ferlinu en áður. Að auki var ákveðið að gerðir í fjölmörgum málaflokkum færu í EES samningin án þess að skila þyrfti staðalskjali fyrir hverja slíka gerð. Sérfræðingar landanna sem og stjórnvöld fá þó alltaf kynningu á gerðunum og geta haft áhrif á ferlið ef einhver ástæða er talin til. Þetta vinnulag hófst 1. október 2014 og lofar mjög góðu en þess skal þó getið að stjórnvöld eru eins og áður upplýst um hverja gerð sem fer í EES samning.

7.2. Ytri úttektir

Á hverju ári koma til landsins aðilar í þeim tilgangi að taka út starfsemi Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eða til að gera úttekt á þeim framleiðslufyrirtækjum sem hafa leyfi til útflutnings til tiltekinna ríkja utan EES. Nokkur aukning hefur verið á fjölda slíkra úttekta á síðustu árum og skipar undirbúningur þeirra, framkvæmd og verkefnastjórnun sífellt meiri sess í starfsemi Matvælastofnunar enda koma alla jafna fjölmargir starfsmenn að hverri heimsókn. Mikilvægt er vel takist til í slíkum úttektum þar sem útkoma þeirra getur haft áhrif á útflutningshagsmuni Íslands og möguleika fyrirtækja á aðgangi að erlendum mörkuðum með vörur sínar sem og á gagnkvæma viðurkenningu erlendra systurstofnana MAST á opinberu eftirliti sem stofnunin sinnir.

7.2.1. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í 4 hefðbundnar eftirlitsferðir.

Eftirlitsferðir ESA árið 2014:

- Frumframleiðsla (afurða ekki úr dýraríkinu) 3. – 7. mars
- Dýravelferð við aflífur 5. - 9. maí
- Unnar garnir 22. – 26. september
- Rekjanleiki og merkingar nautgripa og merkingar nautakjöts 3. – 7. nóvember

Lokaskýrslur ESA má finna á vefslóðinni:

<http://www.efasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

7.2.2. Matvælaeftirlit Bandaríkjanna (USDA/FSIS)

Í september kom hingað til lands fulltrúi bandaríska matvælaeftirlitsins til úttektar á eftirlitskerfi Íslands í sláturhúsum og kjötvinnslum sem hafa leyfi til að flytja ferskt kjöt til Bandaríkjanna. Úttektin stóð yfir í 2 vikur og voru fjölmargir aðilar heimsóttir, bæði vinnslur, rannsóknastofur og eftirlitsaðilar. Heimsóknin gekk að óskum og niðurstöður voru jákvæðar gagnvart eftirlitskerfi Íslendinga á þessu sviði.

7.2.3. Matvælaeftirlit Tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan (Customs Union)

Í nóvember kom hingað til lands stór sendinefnd sérfræðinga á vegum Tollabandalags ofangreindra ríkja en megin tilgangur heimsóknarinnar var að taka út eftirlitskerfi í framleiðslu dýraafurða á Íslandi (sjávar- og búfjárafurðir) með það fyrir augum að kanna með hvaða hætti mætti halda áfram með og auka viðskipti milli þjóðanna með þessar vörur. Heimsóknin stóð yfir í 2 vikur og skiptist sendinefndin í tvö teymi sem fóru í fjölda fyrirtækja og rannsóknastofur um allt land. Fjöldi starfsmanna Matvælastofnunar kom að undirbúningi og framkvæmd heimsóknarinnar en mikil gagnaöflun og upplýsingasöfnun fylgdi undirbúningi hennar. Ljóst er að fullt traust ríkir á milli eftirlitsstofnana Íslands og Rússlands og sú gagnkvæma viðurkenning sem ríkt hefur á síðustu árum verður áfram við líði. Frekari viðurkenning fyrirtækja og leyfi til úttflutnings til ríkja tollabandalagsins verður því í höndum Matvælastofnunar og ljóst að um mikla hagsmuni er að ræða í náinni framtíð. Drög að skýrslu úttektarnefndarinnar bárust um tveimur mánuðum eftir að heimsókninni lauk og hófst þá vinna við úrbætur vegna þess sem kann að vera ábótavant.

7.2.4. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA)

Ísland er fullgildur aðili að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA) og er Matvælastofnun tengiliður við EFSA á Íslandi og tekur beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar með setu í svokölluðu tengiliðaneti (Focal Point Network) og í Ráðgjafanefnd (Advisory Forum). Í báðum þessum hópum á sæti einn aðili frá hverju aðildarríki EFSA (ESB ríki auk EES-EFTA ríkja). Matvælastofnun tekur virkan þátt í þessu samstarfi og hefur nýtt vel þá möguleika sem bjóðast á þessum vettvangi. Þá hafa sérfræðingar Matvælastofnunar einnig sótt fundi í tilteknum vísindanefndum á sínu sviði (Scientific Networks) sem hafa reynst gagnlegir til að fylgjast með nýjungum á hverju sviði og mynda tengsl við sérfræðinga annarra ríkja. Meginhlutverk EFSA er ráðgjöf og álitsgjöf til framkvæmdastjórnarinnar auk áhættumats á sviði matvæla, dýraheilbrigðis, fódurs og plöntuheilbrigðis. Þetta starf byggir einkum á samstarfi vísindamanna, sérfræðinga og rannsóknastofnana í aðildarríkjunum. Það er hlutverk tengiliða í ríkjunum að hvetja slíka aðila og stofnanir í sínu landi til samstarfs við EFSA og halda utan um upplýsingagjöf og samskipti milli aðila. Haldin er sérstök skrá yfir slíkar samstarfsstofnanir sem kallast „Art36 Database“ með tilvísan í 36. grein reglugerðar EB nr. 178/2002. Þrjár stofnanir á Íslandi eru skráðar í þennan gagnagrunn og lýst sig þannig reiðubúnar til samstarfs við EFSA á ákveðnum sérsviðum. Einnig heldur EFSA úti sérstökum gagnagrunni yfir þá sérfræðinga sem reiðubúnir eru til samstarfs sem óháðir einstaklingar, hver á sínu sviði (Expert Database). Margvísleg gögn og skýrslur varðandi áhættumat og ýmis önnur mál er að finna á vef EFSA (www.efsa.europa.eu) og er það meðal annars hlutverk „Focal Point“ tengiliða að kynna slíkt og dreifa til allra sem málið kann að varða.

8. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 99/1993

8.1. Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands. Matvælastofnun samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega. Í tilefni af athugasemdum ríkisendurskoðunar um framkvæmd greiðslna skv. búvörulögum var í lok ársins 2014 gert samkomulag milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins annars vegar og Bændasamtaka Íslands hins vegar um að unnið yrði að færslu þeirra verkefna þannig að þau yrðu flutt til Matvælastofnunar fyrir 1. janúar 2016.

Athygli er vakin á að þær tölur sem hér eru birtar innan sviga eru frá árinu 2013.

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 262/2014 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2014 - 2017 er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskrá til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu var fjöldi lögbýla með skráð greiðslumark sauðfjár 1.769 (1.808). Lögbýli skráð með greiðslumark mjólkur voru 664 (672).
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Enginn framleiðandi lagði inn greiðslumark til geymslu.
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 649 (659) og 1751 (1738) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 69 (86) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 17 (22) vegna mjólkurframleiðslu og 52 (64) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 7.804 m.kr. (7.700), þar af 5.439 m.kr. (5.298) vegna mjólkurframleiðslu og 2.365 m.kr. (2.402) vegna sauðfjárframleiðslu.

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

8.2. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands og Landgræðsla ríkisins. Ný reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu tók gildi í lok ársins og er Matvælastofnun með henni m.a. ætlað að sjá um umsjón, útgáfu og dreifingu gæðahandbókar frá 1. janúar 2015. Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar eru að:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1657 (1606).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 103 (98), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu var 340 (59).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. Heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.288 m.kr. (1.256).
- Að annast eftirliti með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

8.3. Gripagreiðslur í nautgriparékt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi stjórnvöld komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirmælum reglugerðarinnar, auk eftirtalinna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 753 (769) og voru gerðar 26 (34) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar krónur 644 m.kr. (627) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.
- Fjöldi athugasemda sem gerðar voru vegna skráningar nautgripa voru 90 á árinu.

8.4. Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur

Þann 1. desember 2010 hófust viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Um nýtt fyrirkomulag slíkra viðskipta er að ræða. Viðskipti með greiðslumark mjólkur eiga sér stað á uppboðsmarkaði sem Matvælastofnun er falið að annast skv. reglugerð nr. 190/2011 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Á uppboðsmarkaði mætast kaupendur og seljendur og verð á greiðslumarki hvers uppboðsmarkaðar ákvarðast.

Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Kaup og sala á greiðslumarki mjólkur eru því í raun viðskipti með framleiðslurétt og þar með réttindi til að njóta beingreiðslna úr ríkissjóði. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir þrisvar á ári, þann 1. apríl, 1. september og 1. nóvember. Eigendur greiðslumarks mjólkur sem hug hafa á að selja frá sér, eða afla sér frekara greiðslumarks, gera skrifleg tilboð þar sem fram kemur ósk viðkomandi um verð og magn. Verð sem myndast á kvótamarkaði kallast jafnvægisverð. Öll viðskipti á tilteknum kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði.

- Á uppboðsmarkaði þann 1. apríl 2014 bárust 32 (67) tilboð um kaup og sölu.
- Á uppboðsmarkaði þann 1. september 2014 bárust 10 tilboð um kaup og sölu.
- Á uppboðsmarkaði þann 1. nóvember 2014 bárust 6 (61) tilboð um kaup og sölu.
- Alls urðu viðskipti á árinu með 98.873 (1.807.807) lítra mjólkur.
- Til sölu voru á árinu boðnir 2.317.868 lítrar (1.807.520) en tilboð bárust um kaup á 200.854 lítrum (4.104.976).



1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Markmiðið með starfsemi matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er að efla gæði aðfanga, stuðla að öryggi matvæla allt frá hafi/haga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi.

Meginþinginn í starfsemi sviðsins er eftirlit með áburði, fóðri og matvælum og eru helstu niðurstöður þess eftirlits birtar í kaflanum hér á eftir.

Starfsemi sviðsins undanfarin ár hefur að öðru leyti einkennst mjög af innleiðingu á nýrri löggjöf Evrópusambandsins um hollustuhætti við fóður- og matvælaframleiðslu og opinbert eftirlit. Við innleiðingu á nýju löggjöfinni hefur jafnframt verið lögð mikil áhersla á samræmingu eftirlitsins. Vinna við að rýna og uppfæra eftirlitskerfið hefur staðið yfir á árinu og er ráðgert að henni ljúki í byrjun árs 2015. Matvælastofnun vinnur stöðugt að uppbyggingu gæðakerfis fyrir starfsemi sína, skilgreiningu verklags sem unnið skal eftir, gerð leiðbeininga, gátlista, skýrsluforma og reglna um eftirfylgni með frávikum.

Gefnar voru út reglur um afhendingu hreindýraveiðimanna á kjöti af einu hreindýri beint til neytenda án þess að það þurfi að fara í gegnum skoðun í verkunarstöð. Drög að reglugerð um aðlögun á löggjöfinni vegna lítilla fyrirtækja, hefðbundinna íslenskra matvæla eins og taðreykts / kofareykts hangikjöts, útipurrkunar á fiski, hákarls- og skötuverkunar er langt komin og ráðgert að hún verði gefin út um mitt ár 2015. Í henni verða nýtt ákvæði í löggjöfinni um sveigjanleika við framleiðslu matvæla til að koma til móts við þarfir lítilla fyrirtækja og framleiðslu hefðbundinna matvæla. Það verður mikill áfangi þegar þessu verki er lokið, því tímafrek vinna hefur tengst því að svara fyrirsprungnum frá litlum fyrirtækjum sem vilja hefja starfsemi og sem hafa þegar hafið starfsemi.

Framundan er áframhaldandi vinna við að festa í sessi eftirlitskerfið með fóðri og matvælum, gerð eftirlitsáætlunar til margra ára og þróun kerfis til að sýna fram á virkni opinbers eftirlits.

Innri úttektir á starfsemi Matvælastofnunar, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og rannsóknastofum hafa verið í undirbúningi og ráðgert að hefja þær á árinu 2015.

Nýtt kerfi til skipulags á matvælaeftirliti heilbrigðiseftirlitssvæða, sambærilegt því sem Matvælastofnun hefur byggt upp fyrir opinbert eftirlit með fóðri og dýraafurðum, er nú að komast í innleiðingarferli. Með innleiðingu þess er stigið stórt skref fram á við til að samræma matvælaeftirlit á öllu landinu.

Matvælastofnun tók ásamt Matís og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þátt í tvíhliða samstarfsverkefni Íslands og Þýskalands. Helstu forgangsatríði verkefnisins voru að bæta aðstöðu og þekkingu til efnagreininga á matvælum. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fengu einnig þjálfun í sýnatökum, eftirliti og túlkun löggjafar vegna óæskilegra efna í matvælum og fóðri.

Árlega koma nokkrar erlendar sendinefndir til Íslands til ytri úttekta á eftirlitskerfi vegna fóðurs og matvæla. Matvælastofnun undirbýr slíkar heimsóknir, tekur á móti sendinefndum og skipuleggur aðgerðir vegna athugasemda sem koma í kjölfar úttektanna. Þessar heimsóknir eru í senn mjög gagnlegar og mjög tímafrekar fyrir stofnunina. Á árinu voru ytri úttektir frá ESA, USA og Tollabandalagi Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan og gegndu starfsmenn sviðsins veigamiklu hlutverki í þessum úttektum.

2. Skipulag eftirlits

Markmið opinbers eftirlits með matvælum og fóðri er að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, ábyrgjast góðar starfsvenjur í viðskiptum með fóður og matvæli og vernda hagsmunum neytenda.

Matvælaöryggis- og neytendamálasvið ber faglega ábyrgð á skipulagi og útfærslu eftirlits með matvælum úr dýraríkinu og fóðri. Þá heyrir einnig undir sviðið leyfisveitingar, eftirlit með ræktun skelfisks, eftirlit með áburði, yfirkjömat og samræming matvælaeftirlits á landinu.

Reglubundið eftirlit skal vera áhættumiðað og innleiddi Matvælastofnun um mitt ár 2012 nýtt kerfi til þess að meta eftirlitsþörf fyrirtækja út frá áhættu og frammistöðu í eftirliti. Kerfið er byggt upp með þeim hætti að eftirlitsþörf fyrirtækja er metin út frá áhættu sem fylgir starfsemi þeirra og frammistöðu þeirra við að tryggja öryggi afurða.

Fyrirtæki eru flokkuð í einn af átta áhættuflokkum út frá þremur áhættuþáttum;

1. tegund vinnslu og hráefna sem unnið er með,
2. stærð fyrirtækja eða umfangi framleiðslunnar og
3. neytendahópnum sem afurðirnar eru markaðssettar fyrir.

Þá er einnig horft til þess hvort fyrirtæki pakki og merki vörur í neytendaumbúðum og/eða séu með fjölpætta starfsemi. Meginþunga eftirlits er svo forgangsraðað þar sem áhættan er mest.

Þá er einnig horft til frammistöðu fyrirtækja í undangengnum eftirlitsferðum og eru fyrirtæki flokkuð út frá því í þrjá frammistöðuflokka A, B eða C. Frammistaða fyrirtækja er metin með samræmdum hætti út frá fyrirfram skilgreindum skoðunaratríðum þar sem horft er til frávika fyrirtækja frá lögbundnum kröfum og alvarleika þeirra frávika. Fyrirtæki sem sýna góðan árangur við að tryggja öryggi matvæla, uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar og eru með skilvirkt innra eftirlit geta flokkast sem A-fyrirtæki sem þýðir að áhættumiðað eftirlit með þeim er helmingað. Fyrirtæki sem ekki standa sig vel og eru með ítrekuð og/eða alvarleg frávik svo grípa þarf til aðgerða gegn þeim flokkast sem C-fyrirtæki og er eftirlit með þeim aukið um 50%. Með þessu fæst forgangsröðun í eftirliti svo þungi þess sé þar sem vandamál eru til staðar. Þá tryggir þetta jafnframt að þau fyrirtæki sem standa sig vel fái ekki óþarfa eftirlit og sé umbunað fyrir góða frammistöðu. Nánari upplýsingar um áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfið má finna á heimasíðu stofnunarinnar.


Auk reglubundins eftirlits framkvæmir Matvælastofnun úttektir vegna umsókna um starfsleyfi. Þá getur einnig komið til viðbótareftirlits vegna eftirfylgni með úrbótum, ábendinga eða brota sem uppvíst hefur orðið um.

Héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar annast daglegt eftirlit í sláturhúsum, heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og afurðum en Matvælaöryggis- og neytendamálasvið hefur faglega umsjón með því og ber ábyrgð á samræmingu. Þá ber Matvælaöryggis- og neytendamálasvið einnig ábyrgð á kjötmati í sláturhúsum og samræmingu þess. Sviðið ber einnig faglega ábyrgð á hollustuháttum í frumframleiðslu.

Auk reglubundins eftirlits með starfsstöðvum í fóðurframleiðslu felst fóðureftirlit einnig í skráningu allra innflytjenda á fóðri og skráningu nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu nýrra fóðurtegunda eru innihaldslýsingar og notkunarleiðbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki Matvælastofnunar gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörinni.

Skelfiskeftirlit tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla eða kræklinga, kúfkelja, ígulkeru, beitukóns og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarsvöldum með heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum í sjó og örverum og þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

Eftirliti með matvælum og fóðri er sinnt skv. verklagi sem birt er í Gæðahandbók Matvælastofnunar sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.



2.1. Samræmi og samstarf

Mikið er lagt í það að tryggja samræmingu í eftirlitinu bæði innan og milli greina. Fagsviðsstjóri samræmingar og fagsviðsstjórar einstakra greina bera ábyrgð á samræmingu eftirlits með matvælum og fóðri milli eftirlitsmanna og milli umdæma. Héraðsdýralæknar bera ábyrgð á samræmingu eftirlits innan síns umdæmis. Þá er einnig unnið að samræmingu með heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Til þess að tryggja samræmi í eftirlitinu er eftirliti sinnt samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi, skjalfestum verklagsreglum og eftirlitsáætlunum. Þá hefur mikið verið lagt í vinnu við eftirlitsgagnagrunninn „Ísleyf“ sem heldur utan um allar upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður úr eftirliti og stuðlar að samræmdri skráningu eftirlits. Þá er mikið lagt upp úr þjálfun og símenntun eftirlitsmanna, sem dæmi um þjálfunaráherslur á árinu voru efni og hlutir í snertingu við matvæli og aukefni í matvælum. Þá eru einnig haldnir tíðir samræmingarfundir og farið í tvenndarskoðanir.

Innlent og erlent samstarf er einnig veigamikill þáttur í starfi Matvælastofnunar og sinna starfsmenn Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs slíku samstarfi á breiðum vettvangi. Í slíku samstarfi taka starfsmenn sviðsins þátt í að móta stefnu og innleiðingu á löggjöf er varðar matvælaöryggis- og neytendamál bæði hér innanlands sem og á Norðurlöndunum og í Evrópu. Þá skiptir slíkt samstarf miklu fyrir símenntun starfsmanna og samræmi í útfærslum við innleiðingu löggjafar.

2.1.1. Örugg matvæli

Á árinu 2014 tók Matvælastofnun þátt í verkefninu „Örugg matvæli“ sem er tvíhliða samstarfsverkefni milli Íslands og Þýskalands um að efla þekkingu og rannsóknargetu á Íslandi á ýmsum sviðum er varða öryggi matvæla. Samstarfsaðilar Matvælastofnunar í verkefninu voru Matis, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, German Federal Ministry of Food and Agriculture (BMEL), Federal Institute for Risk Assessment (BfR) og Lower Saxony State Office for Consumer Protection and Food Safety (LAVES) í Þýskalandi. Helstu forgangsatríði verkefnisins voru að bæta greiningu varnarefnaleifa og annarra aðskotaefna í matvælum, svo sem PCB, auk greininga á erfðabreytingum í matvælum og fóðri. Annar mikilvægur þáttur var að innleiða efnagreiningaraðferðir til að mæla þörungaeitur í skelfiski. Sem hluti af verkefninu voru haldin þrjú námskeið fyrir starfsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða í sýnatökum, eftirliti, áhættumati og túlkun löggjafar á þessum sviðum. Samtals komu hingað til lands 9 sérfræðingar frá þýsku samstarfsstofnunum til að veita þessa þjálfun, auk þess sem 5 íslenskir sérfræðingar fóru í kynnisheimsókn til Þýskalands. Þá dvaldi hér á landi þýskur verkefnastjóri verkefnisins í 6 mánuði. Verkefnið heppnaðist afar vel og er verið að ræða hugsanlegt framhald á samstarfi milli íslenskra og þýskra stofnana á sviði matvælaöryggis.

3. Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir leyfi til vinnslu matvæla úr dýraríkinu og fódurs í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, sáðvöru og fóðri. Þá þurfa allir innflytjendur á fóðri að vera skráðir hjá stofnuninni sem og allir frumframleiðendur matjurta.


3.1. Leyfi til vinnslu matvæla úr dýraríkinu og fódurs

Í lok árs 2014 voru samtals 525 starfsstöðvar með leyfi til vinnslu fódurs og matvæla úr dýraríkinu en það er fækkun um 18 starfsstöðvar milli ára. Þá var 21 starfsstöð enn í umsóknarferli um áramót. Í *Töflu II.3.1.* má sjá fjölda starfsstöðva með leyfi og breytingar milli ára. Til lagarafurða telst framleiðsla á fiski og skeldýrum og til búvara telst framleiðsla á kjöti, mjólk og eggjum. Á *Mynd II.3.1.* má sjá hlutfallslega skiptingu leyfisskyldra fyrirtækja milli greina.

Tafla II.3.1: Staða starfsleyfa við lok árs 2014

Ár:	Lagarafurðir			Búvörur			Fóður			Samtals		
	2013	2014	Munur milli ára	2013	2014	Munur milli ára	2013	2014	Munur milli ára	2013	2014	Munur milli ára
Í gildi	351	346	-5	52	61	8	102	92	-10	505	499	-6
Í gildi – skilyrt	21	18	-3	10	5	-5	7	3	-4	38	26	-12
Umsóknarferli	11	10	-1	11	8	-3	2	3	1	26	21	-5
Samtals	383	374	-9	73	74	1	111	98	-13	569	546	-23

II.3.1: Hlutfallslegur fjöldi starfsstöðva eftir greinum í lok árs 2014



3.2. Leyfi til skelfiskræktunar

Matvælastofnun annast einnig leyfisveitingar til skelræktenda samkvæmt lögum nr. 90/2011. Leyfisveitingar til skelræktenda eru tvíþættar, annars vegar er um að ræða tilraunaleyfi sem eru veitt til 3 ára og hins vegar ræktunarleyfi sem veitt eru til 10 ára. Tilraunaleyfi eru eingöngu veitt í þeim tilgangi að kanna aðstæður til skelræktar og könnun á mengun, en ræktunarleyfi veita fulla heimild til framleiðslu afurða. Matvælastofnun veitir jafnframt leyfi fyrir starfsemi afgangslustöðva vegna framleiðslu á lifandi skelfiski.

Alls hafa 20 leyfi verið gefin út til skelræktar, en þar af eru 4 ræktendur sem setja afurðir sínar á markað. Samtals framleiddu þeir um 37 tonn af kræklingi árið 2014.

3.2.1. Flokkun og heilnæmiskönnun framleiðslusvæða

Á gildistíma tilraunaleyfis skal flokka og heilnæmiskanna framleiðslusvæði, en eingöngu er heimilt að uppskera skelfisk af flokkuðum framleiðslusvæðum. Framleiðslusvæði eru flokkuð samkvæmt fjölda *E. coli* í skelkjöti í A, B, C og eingöngu er heimilt að markaðssetja uppskeru beint af A-svæði, en skelfisk af B og C svæðum þarf að setja í hreinan sjó fyrir markaðssetningu. Magn þungmálma og annarra mengunarefna er jafnframt kannað í heilnæmiskönnun auk þess sem skrá þarf og gera grein fyrir mengunaruppsprettum. Öll framleiðslusvæði sem flokkuð hafa verið eru í A flokki sem heimil er að setja uppskeru beint á neytendamarkað (sjá *Töflu II.3.2.*). Eitt svæði* hefur þó reynst vera breytilegt m.t.t. fjölda *E. coli* og er framleiðsla þessa svæðis höfð í hreinum sjó til hreinsunar áður en varan fer á markað.

Tafla II.3.2: Flokkun framleiðslusvæða á lifandi skeldýrum 2014

Virk framleiðslu svæði 2014	Flokkun svæðis	Tegund	Athugasemdir
Breiðafjörður	A	Bláskel	Ræktun og veiðar
"	A	Hörpuskel	Veiðar
"	A	Ígulker	Veiðar
"	A	Beitukóngur	Veiðar
Berufjörður	A	Ígulker	Veiðar
"	A	Sæbjúgu	Veiðar
Faxaflói	A	Bláskel	Ræktun*
"	A	Sæbjúgu	Veiðar
Hvalfjörður	A	Bláskel	Ræktun og veiðar
Steingrímsfjörður	A	Bláskel	Ræktun
Þistilfjörður	A	Kúfiskel	Veiðar



4. Opinbert eftirlit með matvælum og fóðri

4.1. Niðurstöður reglubundins eftirlits

Reglubundið eftirlit með matvælum og fóðri er afar umfangsmikið og nær til landsins alls. Níu starfsmenn Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sinna nánast eingöngu opinberu eftirliti á vettvangi. Þá eru þó nokkrir starfsmenn sem sinna eftirliti á vettvangi samhliða öðrum störfum. Eftirliti með vinnslu á búvörum og hollustuháttum í sláturhúsum er sinnt af héraðsdýralæknum og eftirlitsdýralæknum að mestu.

2994 tímum var varið við reglubundið eftirlit í leyfisskyldum starfsstöðvum sem framleiða fóður eða matvæli úr dýraríkinu á árinu 2014. Þessir tímar taka ekki til undirbúnings, frágangs né ferðatíma heldur aðeins þess tíma sem varið er í virku eftirliti í starfsstöðvum. Eins og sjá má í *Töflu II.4.1.* var farið í 1.191 eftirlitsheimsókn í 485 starfsstöðvum á árinu 2014, en skýrsla er skrifuð að lokinni hverri heimsókn. Í heildina var farið yfir 57.022 skoðunatriði og í u.þ.b. 73% tilfella voru kröfur uppfylltar. Í 27% tilfella voru því skráð frávik sem kröfðust einhverra úrbóta.

Tafla II.4.1: Niðurstöður reglubundins eftirlits 2014

Vinnsla	Fjöldi skoðunatriða – Heild		Fjöldi skoðunatriða – Í lagi		Fjöldi eftirlitsskýrsla		Fjöldi starfsstöðva	
	2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014
Lagarafurðir	37.933	39.945	85%	75%	885	812	351	330
Búvörur	6.506	9.440	64%	70%	190	222	52	70
Fóður	4.246	7.637	76%	74%	94	157	102	85
Samtals	48.685	57.022	75%	73%	1.169	1.191	505	485

Eftirfylgni er höfð með öllum frávikum sem upp koma í eftirlitinu, ýmist með sérstökum eftirfylgniskoðunum eða í næstu reglulegu eftirlitsheimsókn. Ef upp koma alvarleg frávik frá ákvæðum laga og reglugerða skal úrbótum lokið innan 7 virkra daga, að öðrum kosti er gripið til þvingunarúrræða. Gefi frávikileg tilefni til getur einnig verið gripið til þvingunarúrræða þegar í stað.

Í *Töflu II.4.2.* má sjá yfirlit yfir alvarleg frávik sem upp komu í eftirliti á árinu. Flest alvarleg frávik voru gefin við úrbótaáætlanir fyrirtækja, en alltaf er gefið alvarlegt frávik þegar ljóst er að starfsstöðvar fylgi ekki eigin úrbótaáætlunum og að þær séu ekki virkar. Á þetta einnig við þó frávik sem sett hafi verið á úrbótaáætlun séu ekki alvarleg, enda hafa fyrirtæki þá haft mikið svigrúm til þess að bregðast við aðstæðum og gera tilhlýðilegar úrbætur. Í heildina voru alvarleg frávik aðeins 0,19% af heildarfjölda skoðaðra atriða, en gefið var alvarlegt frávik í 90 eftirlitsheimsóknum í 74 starfsstöðvum á árinu.

Í nánast öllum tilfellum gripu fyrirtæki þegar til ráðstafana til lagfæringa á alvarlegum frávikum. Í aðeins fjórum tilfellum þurfti að grípa til aðgerða gegn fyrirtækjum. Í þremur tilfellum vegna þess að fyrirtæki lagfærðu ekki alvarlegt frávik innan tilskilins tíma. Einu af þessum fyrirtækjum var lokað en í tveimur tilfellum voru nægilegar úrbætur gerðar eftir að gripið var til þvingunarúrræða. Í einu tilfelli þurfti að grípa til aðgerða gegn fyrirtæki vegna niðurstöðu úr reglubundnum sýnatökum.

Tafla II.4.2: Alvarleg frávik 2014

Vinnsla	Heildarfjöldi alvarlegra frávika	Hlutfall af heildarfjölda skoðunatriða	Fjöldi eftirlitsheimsókna þar sem upp komu alvarleg frávik	Hlutfall af heildarfjölda heimsókna	Fjöldi starfsstöðva með alvarlegt frávik	Hlutfall af heildarfjölda starfsstöðva
Lagarafurðir	88	0,22%	67	8,25%	52	15,76%
Búvörur	5	0,05%	5	2,25%	5	7,14%
Fóður	18	0,24%	18	11,46%	17	20,00%
Samtals	111	0,19%	90	7,56%	74	15,26%


4.1.1 Frammistöðuflokkun

Niðurstöður frammistöðuflokkunar (sjá *Töflu II.4.3.*) benda til þess að staða fyrirtækja sem framleiða fóður og matvæli úr dýraríkinu sé almennt góð. Töluverð aukning hefur orðið á starfsstöðvum sem uppfylla skilyrði til þess að komast í frammistöðuflokk A og í lok árs 2014 voru þetta um 32% starfsstöðva (sjá *Mynd II.4.1.*). Við upptöku frammistöðuflokkunarferfisins um mitt ár 2012 voru allar starfsstöðvar flokkaðar í frammistöðuflokk B og hafa því öll fyrirtæki þurft að sýna fram á frá þeim tíma að þau uppfylli tilskyldar kröfur. Með tímanum má því búast við að það dragi úr fjölda fyrirtækja sem færast upp í A flokk á ári hverju.

Tafla II.4.3: Staða frammistöðuflokkunar fyrirtækja í lok árs 2014. Fjöldi miðast við starfsstöðvar með gild leyfi

Flokkun	Lagarafurðir			Búvörur			Fóður		
	Fjöldi fyrirtækja 2013	Fjöldi fyrirtækja 2014	Hlutfallslegur fj. fyrirtækja 2014	Fjöldi fyrirtækja 2013	Fjöldi fyrirtækja 2014	Hlutfalls. fj. fyrirtækja 2014	Fjöldi fyrirtækja 2013	Fjöldi fyrirtækja 2014	Hlutfalls. fj. fyrirtækja 2014
A	70	126	36,4%	7	22	36,1%	0	10	10,9%
B	257	189	54,6%	42	39	63,9%	101	78	84,8%
C	24	31	9,0%	3	0	0,0%	1	4	4,3%
Samtals	351	346	100,0%	52	61	100,0%	102	92	100,0%

Mynd II.4.1. Hlutfallslegur fjöldi fyrirtækja í hverjum frammistöðuflokki í lok árs 2014



4.2. Lagarafurðir

5,5 eftirlitsmenn sinna eftirliti með þeim u.þ.b. 370 starfsstöðvum sem framleiða matvæli úr lagarafurðum, en þetta er um 69% allra fyrirtækja sem eru með starfsleyfi frá Matvælastofnun (sjá *Mynd II.3.1.*). Fagsviðsstjóri annast leyfisveitingar og ber ábyrgð á framkvæmd og skipulagi eftirlitsins. Landinu hefur verið skipt upp í eftirlitssvæði og hver eftirlitsmaður hefur umsjón með tilteknum svæðum. Í öllum tilvikum er skiptingin þannig að hver eftirlitsmaður hefur bæði heimasvæði og svæði fjær heimili sínu. Heildartímafjöldi við eftirlit á vettvangi var um 2500 klst. í fiskvinnslum, vinnslu- og heilfrystiskipum, og er þá talið bæði reglubundið eftirlit, eftirfylgni og úttektir vegna umsókna um starfsleyfi. Hluti kostnaðar sem hlýst af eftirlitinu er greiddur af eftirlitsþegum í gegnum eftirlitsgjöld en þau eru í heildina um 50 milljónir króna á ári vegna eftirlits með lagarafurðum.

4.2.1. Strandveiðar 2014

Strandveiði var stunduð af samtals 648 bátum á árinu 2014. Matvælastofnun fylgist á hverju ári m.a. með hitastigi í lönduðum aflu. Árið 2014 samdi Matvælastofnun við Fiskistofu um að mæla hitastig í lönduðum aflu á sama hátt og Matvælastofnun hefur áður gert. Niðurstöður mælinga í maí – júlí sýna að meðalhitastig í lönduðum aflu var 2,9°C, en hitastig aflu skal vera undir 4°C, fjórum klukkustundum eftir að aflinn er tekinn um borð.

4.3. Búfjárafurðir

Á árinu 2014 var u.þ.b. 750 tímum varið í reglubundið opinbert eftirlit með hollustuháttum í kjötvinnslum, mjólkurstöðvum og sláturhúsum, en farið var í 222 eftirlitsheimsóknir í þau 70 fyrirtæki sem hafa starfsleyfi (sjá *II.4.1*). Eftirliti er sinnt af umdæmum héraðsdýralækna undir handleiðslu sérgreinadýralæknis, fagssviðsstjóra og annarra sérfræðinga. Til viðbótar sinna eftirlitsdýralæknar og aðstoðarmenn þeirra einnig daglegu eftirliti með slátrun búfjár og heilbrigðis skoðun sláturafurða.

Ástand fyrirtækja á þessu sviði er almennt gott en í lok árs voru 36,1% þeirra flokkuð í frammistöðuflokk A (sjá *Töflu II.4.3*). Fjöldi fyrirtækja í greinunum er nokkuð stöðugur milli ára.

Úr Ljósmyndakeppni
MAST 2014



Sigurvegari
í flokknum
„Landbúnaður“

Töluverð aukning hefur hins vegar orðið í fyrirspurnum og vinnu vegna lítilla fyrirtækja sem framleiða búfjárafurðir, t.d. undir merkjum Beint frá býli. Á haustdögum fékk auk þess lítið handverkssláturhús starfsleyfi til sauðfjárslátrunar og vinnslu.

Framleiðslumagn í slátrun búfjár helst nokkuð í jafnvægi milli ára (sjá *Viðauka VI.6*). Töluverð aukning hefur hins vegar orðið á innveginni mjólk í afurðastöðvar milli ára (sjá *Viðauka 11.6*). Þetta má skýra með því að bændur voru hvattir til að auka framleiðslu á mjólk vegna aukinnar eftirspurnar á mjólkurafurðum.

4.4. Fóður

Samtals höfðu 28 starfsstöðvar samþykki til að nota forblöndur og aukefni við framleiðslu sína (α-merkt) skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 (innleidd með reglugerð (IS) nr. 107/2010) um kröfur er varða hollustuhætti fóðurs. 47 fyrirtæki hafa leyfi til framleiðslu fóðurs úr afurðum dýra skv. reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (innleidd með reglugerð (IS) nr. 108/2010) um meðferð og notkun afurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, þar af eru 11 fiskimjöls- og lýsisframleiðendur.

Á árinu 2014 voru nýskráðar fóðurtegundir 217 samanborið við 202 árið áður. Magn innflutts fóðurs hefur aukist á undanförunum árum. Nánar er fjallað um innflutning á fóðri í kafla *IV.4*. Mikil aukning var á innflutningi á kúafóðri og alifuglafóðri árið 2014 frá fyrra ári eða nálægt 70% fyrir hvora tegund. Einnig hefur innflutningur á fiskafóðri og gæludýrafóðri aukist nokkuð eða um 20% milli ára. Innlend fóðurframleiðsla hefur dregist saman um 14% milli ára. Þó hefur framleiðsla kúafóðurs aukist um 30% og gæludýrafóðurs um 60%. Fóðurframleiðsla fyrir önnur dýr hefur hins vegar minnkað. Hægt er að bera saman innflutning á fóðri og innlenda framleiðslu fóðurs í töflum í *Viðauka VI.4*.

2,5 starfsmenn sinntu eftirliti með framleiðslu og innflutningi fóðurs og var 245 tímum varið í reglubundið eftirlit og sýnatökur í innlendum framleiðslustöðvum. Farið var í 157 eftirlitsferðir í þau 85 fyrirtæki sem hafa starfsleyfi til fóðurframleiðslu (sjá *Töflu II.4.1*). Þá er ótalin sá tími sem fór í skráningar á fóðri og innflutningseftirlit.

4.5. Skelfiskur

Eftirlit með framleiðslu skelfisks felst einkum í vöktun á eiturþörungum og þörungaeitri. Er slíkt eftirlit bæði á svæðum þar sem verið er að rækta og veiða skelfisk og á svæðum eins og Hvalfirði sem eru nýtt af almenningi til skelfisktekju. Eftirlit var viðhaft árið 2014 á 5 svæðum við landið (sjá *Töflu II.4.4*) í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunarinnar. Eiturþörungur fundust á öllum svæðum yfir sumarmánuði ársins 2014, en í litlu magni og líkt og á síðasta ári greindist þörungaeitur í kræklingi yfir viðmiðunarmörkum eingöngu í Hvalfirði.

Tafla II.4.4.: Eftirlitsniðurstöður vegna skelfisks 2014


Svæði		Greiningar á eiturþörungum og þörungaeitri			Lokað v. eitrunar
		Heildarfj. sýna	Jákvæð sýni	Yfir viðmiðunarmörkum	
Breiðafjörður	Eiturþörungur	22	12	2	Nei
	Þörungaeitur	9	2	0	
Faxaflói	Eiturþörungur	15	5	1	Nei
	Þörungaeitur	6	4	0	
Hvalfjörður	Eiturþörungur	15	13	2	Ágúst-des
	Þörungaeitur	8	7	4	
Steingrímsfjörður	Eiturþörungur	3	3	0	Nei
	Þörungaeitur	3	2	0	
Þistilfjörður	Eiturþörungur	6	1	0	Nei
	Þörungaeitur	5	3	0	
Fjöldi sýna:		92	52	9	

Eftirlitsniðurstöður eru birtar á heimasíðu Matvælastofnunar á slóðinni:

<http://mast.is/matvaelastofnun/eftirlitsnidurstodur/skelfiskur/>

Helstu breytingar á veiðum skeldýra á milli ára (sjá *Mynd II.4.2*.) er að hörpudiskur er nú veiddur í fyrsta skipti frá aldamótum, en tilraunaveiðar hafa verið stundaðar á árinu í Breiðafirði. Veiðar á sæbjúgum hafa dregist saman, en magn beitukóns helst svipað milli ára og veiðar á ígulkerum aukast á milli ára.

Mynd II.4.2: Þróun veiða á skeldýrum 2012-2014 (tonn)



4.6. Matjurtir

Ræktendur matjurtu voru á árinu hvattir til að skrá sig hjá Matvælastofnun, en skylt er að framleiðendur skrái starfsemi sína skv. reglugerð nr. 103/2010. Í lok árs höfðu 48 ræktendur matjurtu skráð starfsemi sína. Matvælastofnun fór í eftirlit hjá 10 framleiðendum. Einnig voru tekin sýni til greiningar á varnarefnum samhliða eftirlitinu og má finna samantekt niðurstaðna í kafla II.6.1.

Í eftirlitinu var lögð áhersla á notkun varnarefna, geymslu þeirra og skráningu, uppruna vatns og umgengni með tilliti til hættu á mengun matjurtu. Almennt var staðan góð hjá þeim sem voru heimsóttir og hvergi var þörf á eftirfylgni.

4.7. Eftirlit heilbrigðisnefnda

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Á vegum heilbrigðisnefnda starfar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og er landinu skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Matvælaeftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða er undir yfirumsjón Matvælastofnunar en í því felst m.a. samræming matvælaeftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu, og að vinna í nánú samstarfi við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa að samræmingu krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði matvælaeftirlits.

4.7.1. Neysluvatn

Heilbrigðiseftirlitssvæði hafa einnig eftirlit með öllum neysluvatnsveitum á landinu að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða minna en 20 íbúðum eða sumarústöðum. Allar vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum eru undir eftirliti heilbrigðiseftirlitssvæða. Þannig eru t.d. allar vatnsveitur sem þjóna býlum sem framleiða afurðir til manneldis undir eftirliti, enda slík býli skilgreind sem matvælafyrirtæki.

Árlega tekur Matvælastofnun saman niðurstöður úr eftirliti og sýnatökum á neysluvatni frá hverju eftirlitssvæði. Á árinu 2014 var unnið að gerð ýtarlegs yfirlits um gæði neysluvatns á Íslandi á árunum 2002 til 2012. Skýrslan var unnin fyrir Matvælastofnun af Maríu J. Gunnarsdóttur og Sigurði Magnúsi Garðarssyni hjá Vatnaverkefni Háskóla Íslands. Sýndu niðurstöður skýrslunnar að ástand neysluvatns á Íslandi á þessu tímabili var almennt mjög gott og að gæði neysluvatns hafi aukist á tímabilinu. Í sumum tilfellum er þörf á úrbótum hjá minni vatnsveitum, einkum litlum einkaveitum. Ástandið var lakast á Austurlandi og Vestfjörðum þar sem erfiðara er að nálgast grunnvatn en í öðrum landshlutum. Nánari upplýsingar má finna í skýrslunni sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.

Tafla II.4.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Skammstöfun	Svæði
HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
HES	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi.
HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

4.7.2. Matvælahópur

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Í hópnum eru 10 fulltrúar, 8 frá heilbrigðiseftirlitinu og 2 frá Matvælastofnun, en jafnframt eru kallaðir til sérfræðingar í þeim málum sem um er rætt hverju sinni. Markmið með starfsemi hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja samræmd eftirlitsverkefna, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins, auk vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna, haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum og annarra samskipta vegna sameiginlegra verkefna. Jafnframt sækja verðandi heilbrigðisfulltrúar námskeið hjá Matvælastofnun.

Á hverju ári skipuleggur hópurinn eftirlitsverkefni sem unnin eru í samvinnu Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Nánari upplýsingar um eftirlitsverkefni og niðurstöður þeirra er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar og í kafla II.5.

4.7.3. Samræming eftirlits

Á síðustu árum hefur verið unnið að gerð nýs áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfis til að meta eftirlitsþörf fyrirtækja sem falla undir eftirlit heilbrigðiseftirlitssvæða sem er sambærilegt við það áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi sem Matvælastofnun innleiddi árið 2012. Með kerfinu er leitast við að auka samræmi og gagnsæi í eftirliti og tryggja að tíðni eftirlits sé regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti. Unnið var að lokafrágangi leiðbeininga um áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfið á árinu 2014 ásamt áætlun um innleiðingu þess. Leiðbeiningarnar verða gefnar út af Matvælastofnun í janúar 2015 og er gert ráð fyrir að öll heilbrigðiseftirlitssvæði hafi að fullu innleitt kerfið að tveimur árum liðnum.

Á síðasta ári bauð Matvælastofnun heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga aðgang að eftirlitsgagnagrunni sínum, „Ísleyfi“, til þess að halda utan um skráningar og niðurstöður matvælaeftirlits. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gerðu samning við Matvælastofnun um notkun Ísleyfs til reynslu. Þessi svæði vinna nú náið með Matvælastofnun að upptöku Ísleyfs fyrir sitt matvælaeftirlit og munu formlegar skráningar þeirra í eftirlitsgrunninn hefjast á fyrri hluta árs 2015.

4.7.4. Þjálfun

Á árinu 2014 tók Matvælastofnun í samstarfi við Matís þátt í tvíhliða verkefninu „Örugg matvæli“ (sjá kafla II.2.1.1.) milli þýskra og íslenskra stjórnvalda. Sem hluti af þessu verkefni gafst heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga kostur á að sækja þrjú námskeið á árinu auk þess að fara í kynnisheimsókn til Þýskalands. Þá hélt Matvælastofnun í samvinnu við Umhverfisstofnun námskeið fyrir verðandi heilbrigðisfulltrúa. Einnig voru haldin námskeið á vegum Matvælastofnunar fyrir eftirlitsfólk um löggjöf á sviði efna og hluta sem ætlað er að snerta matvæli og um aukefni í matvælum.

5. Sérstök eftirlitsverkefni

Á hverju ári stendur Matvælastofnun fyrir sérstökum eftirlitsverkefnum til að skoða og rannsaka nánar afmarkaða þætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Nánari upplýsingar um eftirlitsverkefni má finna á heimasíðu Matvælastofnunar.

5.1. Salmonella og kampýlóbakter í erlendu alifuglakjöti

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun stóðu saman að söfnun sýna af alifuglakjöti á markaði sem framleitt var erlendis. Skimað var fyrir salmonellu og kampýlóbakter í 115 kjötsýnum af kjúklingum, öndum, kalkúnum og gæsum. Í fimm sýnum greindist kampýlóbakter og í einu sýni salmonella. Stofnarnir voru prófaðir fyrir næmi sýklalyfja. Salmonella var næm gagnvart þeim 12 sýklalyfjum (ampicillin, cefotaxime, ceftazidime, chloramphenicol, colistin, gentamicin, meropenem, nalidixic acid, sulfonamides, tetracyclines, trimethoprim) sem hún var prófuð fyrir. Kampýlóbakter stofnarnir voru prófaðir fyrir 6 sýklalyfjum. Einn stofnanna var næmur fyrir öllum lyfjunum, 2 stofnar voru ónæmir fyrir einu lyfi, 1 stofn var ónæmur fyrir 2 lyfjum og einn reyndist fjölonæmur (sjá niðurstöður í *Viðauka VI.5.1.*). Jákvæðir kampýlóbakter stofnar sem greindust í íslenskum alifuglum voru einnig prófaðir fyrir sýklalyfjum. Matvælastofnun gefur síðar á árinu út skýrslu um sýklalyfjapólsprófanir og verða niðurstöðurnar bornar saman og ræddar.

5.2. Listería

Í desember tóku starfsmenn Matvælastofnunar sýni af matvælum tilbúnum til neyslu, s.s reyktum laxi og ýmis konar áleggi, til greiningar á listeríu (*Listeria monocytogenes*). Sýnataka fór fram hjá framleiðendum matvæla. *Listeria monocytogenes* má ekki greinast í matvælum við upphaf geymslutíma ef samsetning þeirra er þannig að bakterían geti fjölgað sér sé hún til staðar. Sýnin voru tekin úr 23 framleiðslulotum frá 16 framleiðendum. Ekki greindist *Listeria monocytogenes* í neinu af sýnunum.

5.3. Upprunamerkingar matjurta

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun stóðu fyrir verkefni til að kanna hvort upplýsingar sem skylt er að gefa um uppruna matjurta væru til staðar, hvort þær væru læsilegar og hvort þær væru villandi. Skoðaðar voru innpakkaðar og óinnpakkaðar matjurtir í 49 verslunum.

Á innpökkuðum matjurtum voru upplýsingar um upprunaland á 84% vara sem innihéldu eina matjurtategund. Á vörum með blöndu af tegundum voru upplýsingar um upprunaland allra tegunda á þremur af hverjum fjórum vörum. Upplýsingar um upprunaland vantaði því á 16 % þeirra vara sem innihéldu eina tegund matjurta en á um fjórðung vara sem innihéldu blöndu matjurta. Merkingar þessara vara voru almennt vel læsilegar (92% varanna) og skýrar (ekki villandi, 93% varanna).

Á óinnpakkaðar matjurtir vantaði upprunamerkingar við þriðjung þeirra eða upprunamerkingin var þannig að ekki var greinilegt hvort hún ætti við matjurtina. Við þriðjung óinnpakkaðra matjurta var upprunamerkingin ekki vel læsileg þó hún væri til staðar. Mikill munur reyndist vera á milli verslana, sumar þeirra voru með allar óinnpakkaðar matjurtir vel merktar en einnig voru dæmi um verslanir þar sem engar upprunamerkingar voru til staðar.

5.4. Erlend samstarfsverkefni

Matvælastofnun tók á árinu 2014 þátt í samevrópsku eftirlitsverkefni varðandi rannsókn á nautakjötsafurðum á markaði til að kanna hvort þær innihéldu hrossakjöt án þess að þess væri getið á umbúðum. Tekin voru 10 sýni af kjötvörum á markaði. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ekkert hrossakjöt greindist í nautakjötsafurðunum.

Þá hefur verið unnið að tveimur samnorrænum verkefnum frá árinu 2013 á vegum samstarfshóps matvælastofnana Norðurlandanna, en þar eiga sæti tveir sérfræðingar frá Matvælastofnun. Annað verkefnið snýr að gerð samnorrænna leiðbeininga um samræmisýfirlýsingar en hitt verkefnið er eftirlitsverkefni um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Vinna við bæði verkefnið fór að mestu fram á árinu 2014. Bæði eftirlitsmenn Matvælastofnunar og heilbrigðisfulltrúar tóku þátt í að framkvæma eftirlitið. Skýrsla um niðurstöður eftirlitsverkefnisins er í vinnslu og verður birt árið 2015.

6. Vöktun og mælingar

Opinberar mælingar og vöktun á aðskota- og eiturefnum, lyfjaleifum og varnarefnum eru mikilvægur en kostnaðarsamur þáttur í því að sannreyna öryggi fódurs og matvæla. Matvælastofnun útbýr árlega sýnatökuáætlanir í samræmi við lögbundnar kröfur, sér um að sýnatökur séu framkvæmdar og fylgir eftir niðurstöðum mælinga, ef aðgerða er þörf. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga tekur flest sýni vegna varnarefnaleifa í ávöxtum og grænmeti og annast eftirfylgni þegar þess er þörf.

6.1. Varnarefnaleifar

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fara með eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fódri og reglugerð nr. 1137/2013 um samræmda eftirlitsáætlun vegna varnarefnaleifa fyrir árin 2013, 2014 og 2015.

Breytingar voru gerðar á framkvæmd eftirlitsins á árinu 2014. Helmingur sýna af innlendri ræktun var tekinn hjá frumframleiðendum af eftirlitsmönnum Matvælastofnunar. Áður voru nær öll sýni tekin hjá dreifingaraðilum í Reykjavík eða í verslunum. Þá urðu einnig breytingar á greiðslufyrirkomulagi vegna sýnatöku og mælinga, en nú þurfa þeir sem sýni eru tekin hjá að greiða að fullu fyrir mælingarnar.

Árið 2014 voru tekin 239 sýni til mælinga á varnarefnaleifum (sjá *Töflu II.6.1.*). Að auki voru tekin 2 sýni vegna eftirfylgni þegar efni greindust yfir hámarksgildum. Nú voru í fyrsta sinn tekin sýni af kornvörum hjá innflytjendum og hjá einu fyrirtæki sem malar og vinnur heilt korn í neytendaumbúðir. Kornsýnin voru 17, þar af 8 hveitisýni og 9 sýni af hrísgrjónum. 128 sýni voru tekin af grænmeti, þar af voru 38 af íslenskri ræktun. 94 sýni voru tekin af ávöxtum, þar af 1 sýni af íslenskum jarðarberjum. Sýni af innlendri ræktun voru alls 39 en önnur sýni komu frá 34 mismunandi löndum auk 3 sýna með óþekktan uppruna (kornsýni). Flest sýnin komu frá löndum innan EES (sjá *Töflu II.6.2.*).

Sýnatökur náðu yfir 9 mánaða tímabil, frá 11. mars til 9. desember, en engin sýni voru tekin í júlí. Sýni voru tekin af eftirlitsmönnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 1-3 skipti í mánuði og í hvert skipti voru tekin um 16 sýni. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar tóku 14 sýni hjá garðyrkjubændum.

Matís ohf sá um mælingar á sýnunum eins og fyrri ár. Fjöldi efna sem hægt er að skima fyrir hefur fjölgað með tilkomu verkefnisins „Örug matvæli“, samstarfsverkefni íslenskra og þýskra stjórnvalda (sjá kafla *II.2.1.1.*). Með tilkomu nýs tækjabúnaðar og fjölgun faggilda greiningaaðferða er nú skimað fyrir 96 efnum í stað 64 áður. 112 sýni, þar með talið öll kornsýnin, voru mæld með nýju aðferðinni. Vinna við að fá faggildinguna fyrir nýju efnin var vel á veg komin í lok árs.

Tvö sýni reyndust innihalda leifar varnarefna yfir hámarksgildum. Annað sýnið var innlendir rófur, en magnið var rétt yfir hámarksgildi og innan óvissumarka mælingar svo ekki var ástæða til frekari aðgerða. Hitt sýnið var grænkál frá Bandaríkjunum, en mælingar á næstu sendingu sýndu gildi innan hámarksgildis. Ekki var flutt meira inn frá þeim framleiðanda.

Tafla II.6.1: Fjöldi sýna fyrir varnarefnamælingar eftir gerð matjurta 2014

Gerð sýnis	Fjöldi
Aldingrænmeti	33
Belgávextir	9
Ber og smá aldin	19
Blaðgænmeti og ferskar kryddjurtir	22
Kál	25
Kjarnaávextir	26
Kornvörur	17
Laukur	6
Rótarávextir og hnyði	29
Sítusávextir	23
Steinaldin	6
Stöngulgrænmeti (ferskt)	0
Sveppir	3
Ýmsir ávextir	21
Samtals	239

Tafla II.6.2: Fjöldi sýna fyrir varnarefnamælingar eftir uppruna 2014

Heimsálfa	Fjöldi sýna	Hlutfall	Fjöldi landa
Evrópa	164	69%	14
Norður Ameríka	24	10%	5
Suður Ameríka	19	8%	5
Afríka	17	7%	4
Asía	10	4%	5
Óstaðsett	3	1%	
Eyjaálfa	2	1%	1
Samtals	239	100%	34

6.2. Aðskotaefni og lyfjaleifar

Lyfjaleifar og aðskotaefni voru mæld í búfé og búfjárafurðum skv. aðskotaefnaáætlun 2014.

Aðskotaefnaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á héruð og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum. Héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar sjá um nær allar sýnatökur, en fiskeftirlitsmenn hafa tekið hluta af sýnum úr fiskeldi. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum eru tekin í öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni eru tekin á kúabúum, en þar eru einnig tekin þvagsýni til að skima fyrir ólöglegum lyfjum úr bæði mjólkurkúum og ungneytum. Eggjasýni eru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum eftir því sem við á. Sýni úr fiskeldi eru flest tekin við slátrun og vinnslu. Þá voru einnig tekin sýni af nýrum hreindýra - sjá *Töflu II.6.3.*

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi og óleyfilegum lyfjum, minnst 30 tegundum af sýklalyfjum, hnísla- og sníklalyfjum og öðrum lyfjum, en einnig aðskotaefnum eins og þrávirkum lífrænum efnum, PCB-efnum, þungmálum og sveppaeitri. Skimað var fyrir sumum eða öllum efnum í hverju sýni. Sýnin voru greind hjá faggiltum rannsóknastofum bæði héraðs og erlendis. Niðurstöður mælinga er að finna í *Víðauka VI.3.*

Tvö sýni mældust yfir viðmiðunarmörkum og samkvæmt verklagi var málið skoðað nánar, en ekki var ástæða til að bregðast frekar við þar sem um líffræðilegan breytileika var að ræða í báðum tilvikum.

6.3. Histamín

Makrill, síld, og túnfiskur innihalda aminosýruna histidín og ef ákveðnar tegundir baktería ná að fjölga sér þá getur histamín myndast. Histamín getur valdið einkennum sem líkjast ofnæmisviðbrögðum, sé það til staðar í matvælum í einhverju magni. Kæling hráefnis strax við veiðar sem og góð kæling í vinnsluferlinu ætti að koma í veg fyrir myndun histamíns. Tekin voru nokkur sýni af makríl til mælingar á histamín. Tekin voru 6 sýni frá minni skipum sem ísuðu aflann og eitt sýni var tekið af heitreyktum makríl í lofttæmdum umbúðum sem geymdur var í kæli við 4 °C í 4 vikur. Niðurstaðan var að histamín var <10 ppm í öllum sýnunum. Greiningarmörk aðferðarinnar eru 10 ppm.

6.4. Efnagreiningar á fódri

Sýni eru tekin úr framleiðslu fódurs skv. árlegri sýnatökuáætlun og eru sýnatökustaðir valdir með slembiúrtaki. Í sýnum eru greindar örverur eins og salmonella og aðskotaefni s.s díoxín, PCB, sveppaeitur og þungmálmur. Einnig eru greind ýmis efni (t.d. snefilefni og vítamín), en þau mega aðeins vera í ákveðnu magni í fódri. Tekin voru 88 sýni á árinu sem gerðar voru 209 greiningar á (sjá *Töflur II.6.4.* og *II.6.5.*)

Tafla II.6.4: Háefni til fódurgerðar; fjöldi sýna, greininga og frávíka. Sýnin eru tekin hjá framleiðendum og í fódurverksmiðjum.

Hráefni til fódurgerðar	Fjöldi sýna	Fjöldi greininga	Fjöldi frávíka
Bygg	8	16	0
Fiskimjöl	10	43	0
Gras-, Repju-, Sykkurófnakögg	2	5	0
Lýsi	4	9	1
Maísglútenmjöl	1	3	0
Maís	2	5	0
Skeljakalk	1	3	0
Sojamjöl	1	3	0
Sojapróteinþykkni	1	2	0
Þörungamjöl	1	3	1
Samtals	31	88	2

Tafla II.6.5: Fódurblöndur og ryksýni; fjöldi sýna, greininga og frávíka.

Sýnin eru tekin af tilbúnu fódri, úr vinnslurás og vinnsluumhverfi fódurfyrirtækja.

Fódurblöndur	Fjöldi sýna	Fjöldi greininga	Fjöldi frávíka
Ryksýni úr fódurverksmiðjum	33	33	3
Svínafóður	3	12	0
Fiskafóður	7	25	3
Jórturdýrafóður	6	24	1
Alifuglafóður	6	20	1
Gæludýrafóður	1	1	1
Forblöndur	1	3	0
Samtals	57	121	9

6.4.1. Frávik í mælingum á fódri

Nokkur frávik komu í ljós við efnagreiningar á fódri. Í einu tilviki greindust tvö frávik í sama sýni.

Næringarefni voru mæld í 3 sýnum og mældust 2 þeirra utan leyfðra vikmarka um næringarefnainnihald. Fyrirtækið var krafð um úrbætur í kjölfarið og verður næringarefnainnihald mælt aftur við næstu sýnatöku.

Arsen mældist of hátt í þamjölum en það mældist 78 mg/kg, en má mest vera 40 mg/kg sé það notað sem hráefni í fódur. Í greiningum Matvælastofnunar er ekki greint á milli hvort um lífrænt bundið eða ólífrænt arsen er að ræða. Lífrænt bundið arsen er talið skaðlítið. Þamjöl er að mestu leyti notað í aðra vinnslu en í fódur og er þá hreinsað áður en því er blandað í fódrið.

Díoxín og díoxínlik PCB efni ásamt ekki díoxínlikum PCB efnum greindust yfir leyfilegum mörkum í kolmunnalýsi. Um lítið magn var að ræða og fór það allt í aðra vinnslu en í fódur.

Kopar mældist yfir mörkum í einu sýni af kúafóðurblöndu. Mælingin gaf 66 mg/kg af kopar, en má mest vera 35 mg/kg af heilfóðri fyrir nautgrip. Fyrirtækið sendi systursýni í greiningu og þar mældist kopar vera 47 mg/kg. Þetta fóður má því aðeins gefa með koparsnauðu gróffóðri og varhugavert er að gefa sauðfé þetta fóður þar sem hámark í heilfóðri er 15 mg/kg heilfóðurs. Fyrirtækinu var jafnframt bent á að leggja áherslu á að fódrið væri ekki ætlað sauðfé.

Selen mældist lítillega yfir mörkum í einu sýni af kúafóðurblöndu, en þar sem um var að ræða selenbættan fódurbæti voru ekki gerðar athugasemdir við þetta atriði.

Hníslalyf mældust undir leyfðum mörkum í sýni af eldisfóðri kjúklinga eða 63 mg/kg, en það verður að vera milli 100 – 125 mg/kg til að halda virkni. Efnagreining fyrirtækisins á systursýni gaf gildið 99 mg/kg. Matvælastofnun tók annað sýni af sömu fódurtegund, efnagreining á því sýni fyrir hníslalyf gaf gildið 110 mg/kg, sem er innan tilskilinna marka.

Erfðabreytt soja mældist í einu sýni af fiskafóðri. Fódrið var ekki merkt erfðabreytt. Í skýringum fyrirtækisins kom fram að um víxlmengun hafi verið að ræða. Fyrirtækið greip í framhaldi til aðgerða til að koma í veg fyrir endurtekin tilfelli af þessum sökum.

Salmonella greindist í einu fódurfyrirtæki eftir sýnatöku Matvælastofnunar. Við endurtekna sýnatöku greindist salmonella í tveim sýnum til viðbótar. Í kjölfarið gerði fyrirtækið ítarlega úrbótaáætlun og hóf framkvæmdir samkvæmt henni. Voru m.a. gerðar verulegar úrbætur á þrifum sem og á húsnæði og búnaði. Þær úrbætur stóðu enn yfir um áramót og hefur Matvælastofnun haft grannt eftirlit með framgangi mála.

Í desember greindist salmonella við innra eftirlit í öðru fódurfyrirtæki. Það mál var enn í vinnslu um áramót. Þá fannst kóprabjalla í innfluttu hundafóðri. Kaupandi vörunnar gerði Matvælastofnun viðvart og í kjölfarið var viðkomandi fódurlota innkölluð og fódriinu fargað.

7. Matarbornir sjúkdómar

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavald sjúkdómsins svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans.

7.1. Einstök tilvik

Matvælastofnun fékk tilkynningar frá nokkrum einstaklingum sem töldu sig hafa orðið veika eftir neyslu á matvælum. Einstök tilvik eru skráð en ekki rannsökuð frekar ef aðeins einn einstaklingur veikist. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Undantekning er þó ef upp koma alvarleg tilvik. Dæmi um slíka undantekningu var tilkynning um að barn á Norðurlandi hefði greinst með sjúkdóm sem rekja má til verótoxín myndandi *E. coli* (VTEC). Barnið var á leiksskóla og veikindi með niðurgangi voru í gangi meðal barnanna þegar tilkynning barst. Málið var því rannsakað í samvinnu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar og Sóttvarnalæknis. Niðurstaðan var að orsök veikinda barnanna á leikskólanum var önnur og ekki var hægt greina uppruna sýkingar barnsins sem hafði greinst með VTEC.

7.2. Matareitranir

3 tilvik komu upp sem þar sem einkenni bentu til þess að um matareitrun væri að ræða en einkenni matareitrunar koma fram ca. 2-8 klst eftir neyslu. Tvö tilvik tengdust neyslu tælenskra rétta sem voru eldaðir á veitingahúsi og í eldhúsi með tímabundið starfsleyfi. Þriðja tilvikið kom upp í daggæslu á einkaheimili. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélagsins á því svæði sem matareitrunin kom upp sá um rannsókn málsins. Rannsóknirnar leiddu í ljós að *Bacillus cereus* og *Staphylococcus aureus* greindust í sýnum af matvælum sem tekin voru til greiningar. *Bacillus cereus* má oft rekja til hrísgrjóna og voru hrísgrjón í öllum tilfellum hluti af máltíð þeirra sem veiktust. Bakterían getur fjölgað sér í hrísgrjónum ef þau eru látin standa lengi við kjörhitastig bakteríunnar eða ef kæling er ekki nægjanlega hröð. *Staphylococcus aureus* er baktería sem finnst í nösum, hálsi og húð hjá fólki og dýrum. Hún getur því borist í matvæli við snertingu og náð að fjölga sér hratt ef matvæli eru lengi að kólna eða þeim er haldið heitum undir 60°C. Heilbrigðiseftirlit fór yfir vinnuferla með fyrirtækjunum til að fyrirbyggja að slíkt komi fyrir aftur.

7.3. Kampýlóbakter

Í júlí greindist kampýlóbakter í sýnum frá 48 einstaklingum skv. upplýsingum frá Sóttvarnalækni. Einstaklingarnir voru á öllum aldri og búsettir um allt land. Matvælastofnun fékk til rannsóknar 3 tilvik þar sem grunur lék á að uppruni sýkingar væri hinn sami. Í einu tilviki var hægt að tengja sameiginlegan uppruna þar sem þeir sem veiktust höfðu dvalið saman í veiðihúsi. Grunur beindist að neysluvatni hússins þar sem vatnið kom frá einkavatsnbóli og var frágangi þess ábótavant. Greining sýna leiddi í ljós að vatnið var mengað af *E. coli* og kampýlóbakter. Tilmæli um suðu vatnsins voru strax sett upp í veiðihúsinu og síðar var útfjólublá geislun sett upp til að koma í veg fyrir frekari mengun.

8. Yfirkjötmat

Yfirkjötmat Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmat
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum.
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa.
 - Meta hæfni þeirra.
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmat og störf kjötmatsmanna.
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2014 var haft eftirlit með kjötmati í 12 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 9 þeirra, svínum í 4 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Í þessum húsum eru alls 38 kjötmatsmenn skráðir með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjöt matsins var með eðlilegum hætti en í nokkrum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni.

Fagsviðsstjóri og yfirkjötmatmaður tóku þátt í samræmingaræfingu í EUROP-mati á lambaskrokkum með norskum og breskum yfirkjötmatmönnum í júní. Æfingin fór fram í Englandi.

Gerð var áætlun í ársbyrjun um innleiðingu EUROP-mats á nautgripum en verkefninu var frestað um eitt ár.

Af niðurstöðum kjöt mats sauðfjár má nefna að árið 2014 var meðalvigt lambaskrokka 16,31 kg og hafði aldrei verið meiri, fyrra met var 16,28 kg árið 2012. Framleiðsla lambakjöts nam 8.924,7 tonnum og var 247,7 tonnum (3,1%) meiri en 2013. Holdfyllingarmat var að meðaltali mjög gott. Hlutfall skrokka í tveimur bestu flokkunum (E og U) 2014 var 28,1%. Fitustig hélst hóflegt að meðaltali. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) var 10,1% sem er meðaltal árána 2012 og 2013. Innlagðir skokkar af fullorðnu fé árið 2014 voru 46.415 (1.175.128 kg).

Framleiðsla á nautgripakjöti var 3.495,4 tonn, 586,3 tonnum (14,4%) minni en 2013. Samdráttur í ungneytakjöti nam 262,6 tonnum eða 10,%. Meðalvigt var þó heldur hærri en 2013 og flokkunin ívið betri.

Framleiðsla grísakjöts nam 6.236,4 tonnum og jókst um 133,7 tonn (2,2%). Meðalvigt grísaskrokka hefur farið vaxandi, fór yfir 81 kg árið 2013 og 2014 var hún 81,3 kg.

Hrossaslátrun dróst saman milli ára en hún náði hámarki árið 2012. Árið 2014 var innvegið kjöt af 9.262 hrossum, alls 1.195,8 tonn samanborið við 1.293,1 tonn árið 2013 (-7,5%).

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokkka eru birtar í töflum í [Viðauka VI.7.](#)



1. Um heilbrigði og velferð dýra

Ný lög um velferð dýra tóku gildi þann 1. janúar 2014 og því settu dýravelferðarmál óneitanlega svip sinn á starfsemi sviðsins á árinu. Með gildistöku laganna hófu sex dýraeftirlitsmenn störf hjá Matvælastofnun, einn í hverju umdæmi, og þar með hóf stofnunin reglubundið eftirlit með sauðfjár- og hrossahaldi sem áður hafði verið á vegum sveitarfélaga. Auk þess bættist við eftirlit með gæðastýringu í sauðfjárrækt og öflun hagtalna í búfjárrækt. Fyrstur vikunnar og mánuðirnir einkenndust af undirbúningi og samræmingu eftirlitsins, meðal annars með gerð skoðunarhandbóka. Endurskoðun eldri reglugerða um aðbúnað búfjár tók lengri tíma en ráðuneytið áætlaði og á árinu þurfti því að vinna bæði á grundvelli nýrra laga og gamalla reglugerða, en þar gætti eðlilega ósamræmis þar sem nýju löggin eru með margvísleg nýmæli. Ekki kom þó til neinna vandræða vegna þessa.

Umfjöllun fjölmiðla var mikil á köflum varðandi búfjárhald, svo sem varðandi geldingu grísa og básahald nautgripa að ógleymdri viðtækri umfjöllun um skaðlega notkun stangaméla með tunguboga, en notkun þeirra var bönnuð á haustmánuðum með setningu ákvæðis þar um í reglugerð um velferð hrossa. Fjölmiðlar fjölluðu einnig um verðandi reglugerðir um velferð einstakra dýrategunda en sérstaklega var tekist á um væntanlega alifuglareglugerð. Undir lok ársins voru reglugerðir um velferð hrossa, sauðfjár- og geitfjár, nautgripa, minka og svína gefnar út.

Nokkur alvarleg dýravelferðarmál komu upp á árinu og þurfti Matvælastofnun nokkrum sinnum að fjarlægja dýr frá umráðamönnum. Hafa nýju löggin sannað gildi sitt varðandi skilvirkni opinberra afskipta strax á fyrsta ári. Viðtækasta aðgerðin var á haustdögum þegar um 400 fjár voru fjarlægð af bæ á Suðurlandi en þar höfðu til nokkurra ára verið gerðar kröfur um úrbætur en án árangurs.

Engir alvarlegir smitsjúkdómar komu upp á árinu en garnaveiki í sauðfé á Austurlandi skaut þó upp kollinum, á svæði þar sem ekki hafði verið bólusettt gegn veikinni til margra ára. Í kjölfarið hófu bændur á svæðinu að bólusetja fé sitt að nýju. Á árinu varð áherslubreyting í öflun sýna til skimunar á kúariðu. Horfið var frá sýnatökum eingöngu í sláturhúsum og leitað þess í stað til kúabænda um að fá sýni úr felldum eldri nautgripum heima á bæ en slíkt er nýmæli fyrir bændur. Þeir tóku þó vel við sér og undir lok ársins náðist tilskilinn fjöldi sýna og gott betur og er þakkað fyrir gott samstarf við nautgripabændur.

Sviðið fer með stjórnslu og yfirumsjón allra mála sem tengjast heilbrigði og velferð dýra, svo sem stjórnslulega ráðgjöf til ráðuneytis og annarra stofnana, túlkun laga og reglugerða, samskipti við erlendar stofnarnir, vöktun dýrasjúkdóma og skipulag eftirlits með heilbrigði og velferð dýra. Sviðið er í nánú samstarfi við svið matvælaöryggis og neytendaverndar, við inn- og útflutningsskrifstofuna í Reykjavík og síðast en ekki síst við allar umdæmaskrifstofur stofnunarinnar.

2. Skipulag eftirlits


2.1. Hlutverk/verkefni sérgreinadýralækna/sérfræðinga

Almennt hafa sérgreinadýralæknar og sérfræðingar starfsaðstöðu á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi, nema sérgreinadýralæknir hrossasjúkdóma sem hefur aðsetur á Hólum í Hjaltadal og sérgreinadýralæknir loðdýrasjúkdóma sem staðsettur er á Ísafirði. Sérgreinadýralæknar og sérfræðingar vinna við stjórnslu, skipulag og úrvinnslu vöktunar dýrasjúkdóma og súna, samræmingu og úrvinnslu eftirlits í frumframleiðslu auk eftirlitsstarfa og framkvæmd sýnatöku. Þessu eru gerð skil í köflum hverrar dýrategundar, dýrasjúkdóma, dýravelferðar, lyfja, aukaafurða dýra og súna.

2.2. Hlutverk/verkefni umdæmaskrifstofa

Landinu er skipt í sex umdæmi. Í hverju umdæmi starfar héraðsdýralæknir ásamt eftirlitsdýralæknum og dýraeftirlitsmönnum en í Vestur- og Austurumdæmi eru þó engir eftirlitsdýralæknar. Umdæmin eru misjöfn að stærð, bæði landfræðilega og með tilliti til fjölda dýra og annarrar starfsemi sem fellur undir starfssvið stofnunarinnar. Á *Mynd III.2.1.* má sjá landfræðilega skiptinu umdæmanna og í *Töflu III.3.1.* er gefinn upp fjöldi dýra annars vegar og magn eldisfisks hins vegar.

Mynd III.2.1: Umdæmi Matvælastofnunar



Tafla III.2.1: Eftirlitsheimsóknir í frumframleiðslu 2014*

Umdæmi	Fjöldi eftirlitsheimsókna	Fjöldi bóva
Suðvesturumdæmi	79	53
Vesturumdæmi	194	171
Norðvesturumdæmi	161	144
Norðausturumdæmi	172	157
Austurumdæmi	134	106
Suðurumdæmi	220	201
Samtals á landsvísi	960	832

* á búum þar sem dýr eru alin til mannelis

Verkefni umdæmaskrifstofa eru fjölbætt. Meginþungi starfa héraðs- og eftirlitsdýralækna og dýraeftirlitsmanna er framkvæmd eftirlits með öllu sem viðkemur matvælum „frá haga til maga“. Það tekur til skoðunar starfsemi og sýnatökur er varða dýraheilbrigði, dýravelferð og framleiðslu afurða úr dýraríkinu. Yfirlit yfir eftirlit í frumframleiðslu má sjá í *Töflu III.2.1.* Umdæmaskrifstofurnar annast einnig varnir vegna smitsjúkdóma, viðbrögð við grun um alvarlega dýrasjúkdóma, afgreiðslu tilkynninga um illa meðferð á dýrum ásamt fleiru en sjá má yfirlit yfir margþætt verkefni þeirra í *Töflu III.2.2.*

Tafla III.2.3: Umfang ýmissa verkefna umdæmaskrifstofa 2014

Verkefni	Umdæmi:	SV	V	NV	NA	A	S	Alls
Inn- og útflutningur								
Hross í útflutningsskoðun		1.269	0	0	0	15	0	1.284
Hundar útskrifaðir úr einangrun		128	0	0	33	0	0	161
Kettir útskrifaðir úr einangrun		21	0	0	10	0	0	31
Önnur gæludýr - hópar útskrifaðir úr einangrun		18	0	0	0	0	0	18
Loðdýr - hópar útskrifaðir úr einangrun		0	0	1	0	0	0	1
Úttekt á notuðum landbúnaðarvélum/-tækjum		33	0	0	0	0	0	33
Sjúkdómavarnir								
Riða - fjöldi kinda í niðurskurði		0	0	0	0	0	0	0
Línubróttar - fjöldi slátraðra kina								
Garnaveiki - fjöldi bólusettra lamba		671	5.458	19.170	7.794	9.069	9.021	51.183
Leyfi útgefin v/sölu líflamba		0	384	0	143	81	0	608
Leyfi útgefin v/kaupa líflamba		15	69	124	99	45	72	424
Leyfi til flutnings naugripa á milli varnarhólfa		0	12	13	7	5	23	60
Leyfi til flutnings heyja á milli varnarhólfa		0	0	-	2	14	3	19
Leyfi til flutnings landbúnaðarvéla á milli varnarhólfa		3	2	-	2	2	4	13
Leyfi til flutnings landbúnaðarvéla á milli varnarhólfa		3	0	1	-	2	12	18

2.3. Dýralæknaþjónusta

Í því skyni að tryggja velferð dýra og reglubundna dýralækna- og bráðaþjónustu í dreifðari byggðum setur ráðherra reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Alls eru níu þjónustusvæði skilgreind í reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum og runnu allir þjónustusamningarnir út 1. nóvember. Ráðuneytið ákvað að breyta ekki reglugerðinni þrátt fyrir að Matvælastofnun vekti athygli á nauðsyn þess að endurskoða skipan og stærð þjónustusvæðanna. Allir níu þjónustusamningarnir voru auglýstir lausir til umsóknar og gengið frá samningum á sjö svæðum en aðeins að hluta á tveimur svæðum, þ.e. á N-Austurlandi og Austurlandi. Um áramót var enginn þjónustusamningur við dýralækni á svæðinu frá Ljósavatnsskarði í vestri að Hófaskarði í austri annars vegar og frá Hellisheiði eystri í norðri að Fárskrúðsfirði í suðri hins vegar.

Landinu öllu er skipt í 13 vaktsvæði skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Héraðsdýralæknar hafa samskipti við starfandi dýralækna í hverju héraði og annast skipulagningu bakvakta dýralækna utan hefðbundins dagvinnutíma. Í *Töflu III.2.4* má sjá hvernig þjónustu- og vaktsvæði skiptast niður eftir umdæmum og áætlaður fjöldi starfandi dýralækna í hverju umdæmi.


Tafla III.2.4: Skipting þjónustu- og vaktsvæða og fjöldi dýralækna eftir umdæmum

Umdæmi	Þjónustuvæði	Vaktsvæði	Fjöldi starfandi dýralækna*
Suðvesturumdæmi	1	1	32
Vesturumdæmi	3	4	8
Norðvesturumdæmi	1	1	6
Norðausturumdæmi	1	2	8
Austurumdæmi	3	3	5
Suðurumdæmi	1	2	14
Samtals á landsvísu	10	13	73

* Fjöldi starfandi dýralækna sem stunda dýralækningar að miklu eða öllu leyti

Matvælastofnun heldur skrá yfir alla dýralækna sem hafa leyfi til að starfa hér á landi sem slíkir en til þess þurfa þeir leyfi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Á árinu voru gefin út níu ný dýralæknaeyfi en um síðustu áramót höfðu þá alls 180 íslensk leyfi verið gefin út frá upphafi. Kynjaskiptingin hefur snúist við, fyrst um sinn voru dýralæknar karlkyns en nú er mikill meirihluti dýralækna sem ljúka námi kvenkyns. Alls hafa 79 karlar og 101 kona fengið íslenskt dýralæknaeyfi. Á *Mynd III.2.2* má sjá fjölda útgefna dýralæknaeyfa síðustu 10 ár skipt eftir kynjum.

Mynd III.2.2: Fjöldi útgefna dýralæknaeyfa á ári eftir kynjum



3. Fjöldi búfjár

Tafla III.2.1: Fjöldi dýra í umdæmum og á landsvísu árið 2014

Umdæmi	Nautgripir	Sauðfé	Geitfé og lífkíð	Svín ¹	Loðdýr	Alifuglar ²	Eldisfiskur ³
Suðvesturumdæmi	1.294	3.897	55	8.396	3.188	418.700	2.395
Vesturumdæmi	11.236	123.170	341	9.941	8	180.700	3.507
Norðvesturumdæmi	11.254	120.614	202	1.046	15.350	32.300	152
Norðausturumdæmi	16.842	76.949	176	4.841	2.089	77.900	1.466
Austurumdæmi	4.484	79.882	102	92	4.033	4.200	227
Suðurumdæmi	29.334	83.294	111	5.678	40.092	369.500	542
Samtals á landsvísu	74.444	487.806	987	29.994	64.760	1.083.300	8.289

¹ Gyltur, geltir og eldisgrísir ² Fjöldi fuglastæða ³ Framleidd tonn

4. Smitsjúkdómar

4.1. Varnir

Einn liður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu varðandi smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni: <http://web.oie.int/wahis/public.php?page=home>.

4.2. Vöktun

Tafla III.4.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2014

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna			
			í heild	neikvæð	jákvæð	
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjólk	78 bú	78	0	
	Smitandi barkabólga/ smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Mjólk	78 bú	78	0	
	Salmonella Dublin	Mjólk	78 bú	78	0	
	Q-hitasótt	Mjólk	78 bú	78	0	
	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	76 (15 bú)	76	0	
	Kúariða (BSE)	Heili	240 (117 bú)	240	0	
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	2 (1 bú)	1	1	
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	19 (5 bú)	18	1	
	Sauðfé	Riða (Scrapie)	Heili	3.949 (193 bú)	3.947	2 (1 bú)
		Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	205 (5 bú)	157	48
Garnaveiki (Paratuberculosis)		Garnir	62 (15 bú)	39	23	
Mæðiveiki		Blóð	100 (20 bú)	100	0	
Svín	Smitandi fósturlát (Ovine Brucellosis)	Blóð	100 (20 bú)	100	0	
	PRRS-veiki	Blóð	232 (4 bú)	232	0	
	Aujeszky veiki	Blóð	232 (4 bú)	232	0	
	Svínainflúensa H3N2	Blóð	232 (4 bú)	163	69 ¹	
	Svínainflúensa H1N1	Blóð	232 (4 bú)	186	46 ¹	
Hross	Hestainflúensa (EI)	Blóð	50 (50 staðir)	50	0	
	Smitandi háls og lungnakvef /fósturlát (EHV-1)	Blóð	50 (50 staðir)	50	0	
	Smitandi slagæðabólga (EAV)	Blóð	50 (50 staðir)	50	0	
	Alifuglar	Newcastle veiki (ND)	Blóð	59 (2 bú)	59	0
Fuglakregða (Mycoplasma synoviae)		Blóð	90 (3 bú)	90	0	
Fuglakregða (Mycoplasma gallisepticum)		Blóð	100 (1 bú)	100	0	
Smitandi berkjubólga		Blóð	20 (4 bú)	20	0	
Gumboroveiki		Blóð	20 (4 bú)	20	0	
Fuglaflensa (AI) – ELISA próf		Blóð	59 (2 bú)	59	0	
Fuglaflensa (AI) – PCR próf		Strok	100 (5 bú)	92	8 ³	
Loðdýr	Plasmacytósa	Blóð	4.703 (29 bú)	4.703	0	
Fiskar	Veirublæði (VHS) - frumulínur	Líffæri	432 (12 stöðvar)	432	0	
	Iðradrep (IHN) - frumulínur	Líffæri	432 (12 stöðvar)	432	0	
	Brisdrep (IPN)	Líffæri	432 (12 stöðvar)	432	0	
	Blóðþorri (ISA)	Líffæri	10.310 (3 stöðvar)	10.264	46 ²	
	Brisveiki (PD)	Líffæri	8.772 (2 stöðvar)	8.772	0	
	Hjartarof (CMS/PMCV)	Líffæri	4.713 (3 stöðvar)	4.713	0	
	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	1.989 (13 stöðvar)		2 stöðvar	
	Villtur lax	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	628 (24 ár)	14	6 ár

¹ Jákvæð mótefnasvör. Engin klínisk einkenni.

² Stofn ISA veirunnar með litla/enga meinvirkni (HPR0).

³ Neikvætt fyrir H5 og H7

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjú flokka samkvæmt reglugerð um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma nr. 52/2014, sem sett er með stöð lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómunum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr, hins vegar eru reglubundnar sýnatökur. Samkvæmt lögum ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktum sjúkdómi, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram. Það er þó ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerðina, þ.e. skimun með sýnatökum. Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með reglubundnum sýnatökum er meðal annars tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar, kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrenni- og viðskiptalöndum. Í *Töflu III.4.1* má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2014. Enginn nýr alvarlegur sjúkdómur greindist á árinu. Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir yfirskriftinni *Eftirlitsniðurstöður*.

Í flokki A eru þeir sjúkdómar sem hafa alvarlegar afleiðingar fyrir dýrin sem sýkjast, eigendur þeirra og í sumum tilvikum fyrir þjóðfélagið allt. Þegar A- sjúkdómar koma upp er oftast reynt að útrýma þeim með niðurskurði á öllum sýktum dýrum og jafnvel heilbrigðum móttækilegum dýrum í nágrenni sýktra dýra, til að stöðva dreifingu smitefnisins. Eini landlægi A-sjúkdómurinn hér á landi er riðuveiki. Hún greindist í sýnum sem tekin voru við slátrun haustið 2014 frá einum bæ á Vatnsnesi. Margir af sjúkdómum í flokki B gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér kæmu þeir upp hér á landi, þar sem dýrin hafa ekki komist í kynni við þá áður og hafa því ekki myndað mótstöðu gegn þeim. Flestir sjúkdómar í þessum flokki hafa aldrei greinst hér en nokkrir sjást af og til og örfáir eru landlægir, s.s. garnaveiki og veiruskita. Flestir af sjúkdómunum í flokki C eru landlægir en tíðni þeirra er þó mismikil. Þeim má flestum halda í skefjum með smitvörnum, góðum aðbúnaði og í sumum tilvikum bólusetningum.

4.3 Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir yfirskriftinni "viðbragðsáætlanir". Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

5. Dýravelferð

5.1. Stjórnsýsla vegna nýrra laga og reglugerða

Árið 2014 var fyrsta starfsárið eftir að ný lög um velferð dýra tóku gildi og því var mikil vinna lögð í að endurskoða og uppfæra verkferla Matvælastofnunar til samræmis við nýju lögin. Ný lög færa Matvælastofnun ýmsar heimildir til beitingu þvingana og/eða refsinga við brotum á ákvæðum laganna og lögð var vinna í að skilgreina verklag við slíkar aðgerðir. Sérstaklega var unnið að gerð ákveðins kerfis um greiningu á alvarleika brota sem verður lagt til grundvallar við ákvörðun álagningar stjórnvaldssekta, en stjórnvaldssekt er refsing sem stofnunin getur lagt á aðila sem brýtur tiltekin ákvæði laganna eða reglugerða og því mikilvægt að alvarleiki brota sé metinn á kerfislagan og samræmdan hátt.

Á árinu var lögð lokahönd á endurskoðun reglugerða um velferð hvorrar dýrategundar og kom stofnunin mikið að þeirri vinnu sem faglegur ráðgjafi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Um áramót hafði ráðuneytið gefið út fimm nýjar reglugerðir um dýravelferð, þ.e. fyrir hross, sauðfé, nautgripi, minka og svín, en reglugerðir fyrir alifugla og gæludýr voru ótúgðar um áramót.

Ísland hefur nýlega innleitt evrópska reglugerð nr. 1099/2009 (EC) sem fjallar um „Vernd dýra við aflifun“ og hefur Matvælastofnun eftirlit með að reglugerðinni sé framfylgt. Reglugerðin gerir meðal annars kröfur um hæfnámskeið fyrir lykilmenn í sláturferlinu varðandi meðferð dýra og aflifun og ber stofnunin ábyrgð á að slíkt námskeið séu aðgengileg. Stofnunin ber auk þess ábyrgð á útgáfu hæfisskrifteina til handa þeim sem standast próf í námsefninu. Hæfnámskeiða og skirteina er einnig krafist fyrir þá sem aflífa minka á minkabúum. Í upphafi árs var lögð mikil vinna í að tryggja aðgengi að hæfnámskeiðum fyrir starfsfólk sem kemur að meðferð lifandi dýra, deyfingu og aflifun í sláturhúsum og

í loðdýraeldi. Matvælastofnun hélt fimm námskeið á árinu 2014 fyrir starfsmenn allra sláturhúsa landsins sem slátra ferfætlingum og starfsmenn minkabúa. Námskeiði fyrir starfsmenn alifuglasláturhúsa var frestað til 2015. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði á vormánuðum 2014 úttekt á því hvernig Ísland framfylgir reglugerðinni og kom í ljós að ákvæðum sem varða lykilkætti við deyfingu alifugla var sumstaðar ábótavant og hefur Matvælastofnun unnið að úrbótum á því.

5.2. Tilkynningar um illa meðferð á dýrum

Ný dýravelferðarlög fela í sér að þeim sem verða varir við að dýr sé sjúkt, sært, þjargarlaust eða að aðbúnaður sé ekki fullnægjandi ber að tilkynna slíkt til umráðarmanna eða lögreglu. Á vefsíðu Matvælastofnunar www.mast.is hefur verið settur upp sérstakur ábendingahappur, þar sem almenningur getur sent inn ábendingar undir nafni eða nafnlaust. Öllum ábendingum er fylgt eftir og kannað hvort ábending um illa meðferð eigi við rök að styðjast. Mikil aukning var á ábendingum sem bárust Matvælastofnun undanfarið en þeim hefur fjölgaði úr 49 ábendingum árið 2012, í 376 ábendingar á árinu 2013 og nú 532 á árinu 2014, en mest varð aukning á ábendingum vegna hunda og katta, eða tvöföldun frá árinu 2013. Eflaust má skýra þessa miklu aukningu til bættar skráningar ábendinga og að almenningi hafi verið gert auðveldara fyrir að tilkynna um þegar grunur leikur á illri meðferð á dýrum. Skiptingu ábendinga eftir dýrategundum má sjá í *Töflu III.5.1*.

5.3. Eftirlit með dýravelferð

Við samantekt á alvarlegum frávikum við eftirlit í frumframleiðslu fyrir árið 2014 kom í ljós að alvarleg frávik voru skráð við eitt eða fleiri skoðunaratriði á 54 starfsstöðvum/bæjum, alls 284 skoðunaratriði í 84 skoðunarskýrslum. Þar af voru alvarlegar athugasemdir gerðar við dýravelferð á 47 bæjum. Á 7 bæjum voru alvarleg frávik gerð vegna heilnæmi mjólkur, einstaklingsmerkinga / skráninga og bólusetninga.

Algengast var að alvarleg frávik kæmu fram í aðbúnaði, fóðrun og heilbrigði nautgripa, en það átti við um 29 bæi (62%), oftast vegna kálfa og annara gripa í uppeldi (22 bæir). Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við aðbúnað og fóðrun sauðfjár á 14 bæjum og hrossa á 9 bæjum/stöðum. Í sumum tilfellum var um blönduð bú að ræða þar sem athugasemdir voru gerðar við fleiri en eina dýrategund. Þá voru gerðar alvarlegar athugasemdir við aðbúnað varphænsna á einum bæ og aðbúnað og fóðrun svína á einum bæ.

Í flestum tilfellum komu frávikin fram við reglubundna skoðun (38 bæir) eða eftirfylgni (6 bæir) en á 10 bæjum komu alvarleg frávik fram við skoðun sem framkvæmd var í kjölfar ábendinga.

Í byrjun árs var gerð breyting á lögunum um velferð dýra þannig að krafan um reglulegt eftirlit ætti alfarið að byggjast á áhættuflokkun í stað lágmarkskröfu um eftirlit annað hvert ár. Starfsmenn Matvælastofnunar unnu ötullega á árinu að undirbúningi fyrir áhættuflokkun eftirlits með frumframleiðslu, þ.e. eftirlit með búfjárhaldi. Með því að áhættuflokka þá verður reglulegu eftirliti með dýrahaldi beint þangað sem þörfin er talin mest.

5.4. Fagræðing um velferð dýra

Samkvæmt ákvæðum nýrra laga um velferð dýra skal starfa sérstakt fagræðing um velferð dýra og staðfesti ráðherra skipan ráðsins á vormánuðum. Fagræðið skipa fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýravendarsambandi Íslands, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands auk yfirdýralæknis sem er jafnframt er formaður ráðsins. Með fagræðinu starfar starfsmaður Matvælastofnunar, sérgreinadýralæknir gæludýra og dýravelferðar, og hefur ráðið aðsetur hjá Matvælastofnun. Fagræðið hélt sex fundi á árinu, ýmist á Selfossi eða í Reykjavík. Fagræðinu ber að veita Matvælastofnun umsógn um allar umsóknir sem berast stofnuninni vegna tilrauna á dýrum. Alls bárust 20 umsóknir á árinu og voru þær allar afgreiddar með útgáfu leyfa að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Að auki tekur fagræðið til umfjöllunar önnur mál er varða dýravelferð.

Tafla III.5.1: Fjöldi ábendinga um illa meðferð á dýrum árið 2014

Dýr	Dýrategund	Fjöldi
Búfé		
	Nautgripir	23
	Sauðfé	38
	Hross	148
	Svín	4
	Loðdýr	1
	Alifuglar	6
	Búfé almennt	16
	Búfé samtals:	236
Gæludýr		
	Hundar	229
	Kettir	57
	Önnur gæludýr	10
	Gæludýr samtals:	296
	Ábendingar alls:	532

6. Opinbert eftirlit eftir dýrategundum

6.1. Alifuglar

Á árinu voru aldri kjúklingar í samtals 85 húsum á 27 búum. Kalkúnar eru aldri hjá einum framleiðanda á 5 búum í 9 eldishúsum. Kjúklingaframleiðsla jókst á árinu, kjúklingaeldi hófst á einu nýju kjúklingabúi með tveimur eldishúsum og bætt var við tveimur nýjum eldishúsum á öðru búi.

Á árinu voru framleidd neysluegg til dreifingar á 13 varphænsnabúum í samtals 44 varphúsum með húsplássi fyrir alls 220.000 varphænum. Í 20 þessara húsa eru hæurnar haldnar á gólfi, eða 28% allra varphæna. 72% varphæna á landinu eru því haldnar í hefðbundnum búum. Á árinu var einu nýju varphænsnabúi með einu varphúsi veitt leyfi til frumframleiðslu eggja, auk þess fengu tvö ný varphús á öðru varphænsnabúi leyfi til frumframleiðslu eggja. Á árinu var ekki búið að skilgreina í reglugerð hvaða starfsemi krefst úttekta áður en starfsemin hefst skv. lögum nr. 55/2014 um velferð dýra. Þess vegna er ekki hægt að upplýsa um úttektir á fyrirhugaðri starfsemi með alifuglum skv. lögum um velferð dýra. **Tafla III.6.1** gefur upp fjölda fuglastæða með tillit til reglugerðar nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum, með síðari breytingum. Í henni koma ekki fram ákvæði um lágmarkskröfur fyrir fullorðnar varphænum sem eru haldnar á gólfi. Matvælastofnun hefur þó gert kröfur um hámarksþéttleika og aðra velferðarþætti skv. tilskipun 1999/74/EC um vernd varphænsna, en tilskipunin er ekki innleidd hérlandis. Fjöldi fuglastæða í lausagönguhúsum varphæna miða við ofarnefndu tilskipun. Á árinu voru starfræktar 12 eggjapökkunarstöðvar á jafnmörgum varphænsnabúum. Eitt fyrirtæki er að auki með leyfi til vinnslu á eggjum.

Tafla III.6.1: Yfirlit yfir fjölda fuglastæða á alifuglabúum 2014


Umdæmi	Varphænsni		Holdahænsni		Kalkúnar	
	Stofnfugl*	Varphænur*	Stofnfugl*	Kjúklingar	Stofnfugl*	Kalkúnar
Suðvesturumdæmi	9.200	179.500	8.700	219.300	800	1.200
Vesturumdæmi	0	7.900	0	172.800	0	0
Norðvesturumdæmi	0	3.000	0	29.300	0	0
Norðausturumdæmi	0	10.200	7.900	59.800	0	0
Austurumdæmi	0	4.200	0	0	0	0
Suðurumdæmi	0	21.500	45.200	292.000	0	10.800
Samtals á landinu	9.200	226.300	61.800	773.200	800	12.000

*fullorðnir fuglar

6.1.1. Sjúkdómavarnir

Á þessu ári eins og undanfarin ár voru með óbreyttum hætti flutt inn alifugla frjóegg til endurnýjunar á ræktunarstofnum. Ungar úr innfluttum frjóeggjum voru eins og áður haldnir í einangrun í 8 vikur, en einangrun er að jafnaði aflétt ef ekki finnast mótefni gegn Newcastle veiki (PMV-1), fuglaflensu (AIV H5 og H7), nef- og barkabólgu (ART / SHS), varpröskun (EDSV, einungis leitað í holda- og varphænsnastofni), Gumboro-veiki (IBDV), smitandi berkjubólgu (IBV, einungis leitað í holda- og varphænsnastofni), smitandi kverka- og barkabólgu (ILTV, einungis leitað í holda- og varphænsnastofni) og fuglakregðu af völdum *Mycoplasma gallisepticum* eða af völdum *Mycoplasma synoviae*. Í kalkúnum var til viðbótar leitað að mótefnum gegn fuglakregðu af völdum *Mycoplasma meleagridis*.

Mynd III.6.1: Dreifing kjúklingabúa um landið



Átta sinnum voru flutt inn frjóegg holdahæna frá Svíþjóð af Aviagen Ross 308 stofni, og tvisvar sinnum frjóegg af kalkúnastofninum (British United Turkeys stofn) frá Bretlandi. Tvisvar sinnum voru varphænsnastofnhópar fluttir til landsins frá Noregi, tveir Lohman LSL stofnhópar (hvítar varphænur) og einn Lohman LB stofnhópur (brúnar varphænur).

Allur innflutningur gekk mjög vel og lítið var um vanhöld meðan á einangrun stóð. Engar grunsemdir vöknudu um smitsjúkdóm í hópnum í einangrun.

Breska matvælastofnunin FSA hefur sett á laggirnar vinnuhóp með það að markmiði að lækka tíðni kampýlóbactersmits í kjúklingum í Bretlandi. Dýralækni alifuglasjúkdóma var boðið að halda erindi á fundi í febrúar sem var haldinn í London og fræddi hann um íslenskar aðferðir til varnar því að kjúklingahópar smitist af kampýlóbakter. Í Bretlandi hefur það ekki tekist að lækka tíðni smitaðra hópa með bættum smitvörnum á búum þrátt fyrir margra ára tilraunir til þess. Árangurinn sem hefur náðst hér á landi vekur verðskuldaða athygli erlendis.

6.1.2. Sjúkdómar

Varðandi skráningarskylda og tilkynningaskylda sjúkdóma, þá vaknaði á árinu grunur um hænsnalömun af völdum Gallid herpesvirus 2 (Marek's veiki) í varphænu á búi í atvinnurekstri. Ekki var hægt að staðfesta sjúkdóminn í hópnum, en varphænuungar eru að staðaldri bólusettrir gegn Marek's veiki í útungunarstöðvum.

Á einu varphænsnabúi greindist fuglakólera (*Pasteurella multocida*), en á því búi greindist sjúkdómurinn fyrst árið 2010 og aftur á seinni árum. Fuglakólera er tilkynningaskyldur sjúkdómur. Áfram gildi á búinu að ekki mátti flytja fugla þaðan nema til slátrunar til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins. Varphænuungar voru bólusettrir gegn fuglakóleru á þessu ári áður en þeir voru fluttir á búið.

Stofnfuglar hænsnugla eru að staðaldri bólusettrir gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Dagsgamlar varphænur eru einnig bólusettar gegn hænsnalömun eins og áður nefnd. Kalkúnaforeldrar og aðrir alifuglahópar eru ekki bólusettrir að staðaldri.

Á árinu greindist salmonella í 17 kjúklingaeldishópum. Slíkum hópum er ekki slátrað en fuglarnir eru aflífaðir í eldishúsum. Alls var um 147.000 kjúklinga að ræða í þessum 17 hópum. Nánar er fjallað um salmonellu í kafla V.2.

6.1.3. Forvarnir í dýravelferð

Alifuglar sem eru haldnir í atvinnuskyni eru almenningi að jafnaði ekki sjáanlegir og teljast þá til dýrahalds sem er ekki sýnilegt en alifuglahald er undir reglulegu eftirliti Matvælastofnunar, auk þess sem fylgst er með velferð og heilbrigði hvers kjúklinga- og kalkúnahóps við slátrun.

Í fyrsta skipti í mörg ár voru aldri kjúklingar með aðgang að útsvæði í tveimur eldishúsum á liðnu ári.

Starfshópur sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið setti á laggirnar árið 2013 starfaði áfram á árinu við endurskoðun reglugerðar um velferð alifugla. Dýralæknir alifuglasjúkdóma fór með formennsku í starfshópnum. Vinnu starfshópsins lauk í apríl 2014 með afhendingu tillögu að nýrri reglugerð um velferð alifugla til ráðuneytisins.

6.1.4. Meðferð alifugla

Eftirlitsdýralæknar í slátruhúsum hafa undanfarin ár skráð dritbruna í kjúklingum, en dritbruni getur myndast á gangþófum kjúklinga ef undirburðurinn í eldishúsinu verður of rakur. Enn sem komið er eru ekki til samanburðarhæf gögn úr eftirliti í slátruhúsum um tíðni vandamála sem eru þekkt í kjúklingaeldi en á grunni nýrrar reglugerðar verður eftirlitskerfi með dritbruna sett upp. Slæmur dritbruni fannst í nokkrum kjúklingahópum og fór Matvælastofnun fram á úrbætur í eldishúsum.

Aflifun alifugla í alifuglahúsum eða gámum vegna uppkomu sjúkdóma á árinu var framkvæmd undir eftirliti Matvælastofnunar. Ein tilkynning barst á árinu um illa meðferð kjúklinga vegna oftroðnings í gámi við aflifun.

6.2. Fiskar

Árið 2014 fer án efa inn á spjöld fiskeldissögunnar sem eitt af þeim betri. Ný og öflug fyrirtæki hafa bæst í flóruna á liðnum misserum og markviss uppbygging til framtíðar hefur átt sér stað hjá fjölda fyrirtækja, ekki síst á Reykjanesi og Vestfjörðum. Segja má að kvíaeldisbylgjan hin fjórða sé nú hafin og komin á gott skrið, en þeirri þriðju sem hófst um aldamótin lauk árið 2007 þegar Sæsilfur í Mjóafirði og Salar Islandica í Berfirði slátruðu upp síðustu löxunum, ekki síst sökum ofursterkrar íslenskrar krónu. Það sem fyrst og síðast einkennir þá kröftugu uppbyggingu sem á sér stað um þessar mundir er að fjölþjóða erlendir fjárfestar eru alls ráðandi og þeim virðist fylgja mikill hugur og trú á þeim aðstæðum sem þeim bjóðast hér á landi. Markaðsmál voru hagfelld á liðnu ári, ekki síst í laxi og engin óvænt áföll áttu sér stað.

Á síðasta degi vorþings 2014 voru samþykktar breytingar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi sem m.a. eiga að leiða til endurskipulagningar á leyfisveitingum og eftirliti. Eitt af megin markmiðum breytinganna var að einfalda og hraða veitingu starfs- og rekstrarleyfa með það að leiðarljósi að auka skilvirkni en einnig að hagræða við sjálft eftirlitið. Breytingarnar fela í sér að frá og með 1. janúar 2015 hefur Matvælastofnun tekið yfir hlutverk Fiskistofu um útgáfu rekstrarleyfa og eftirlit með að skilyrðum þeirra séu uppfyllt. Í upphafi nýs árs var líffræðingur ráðin til þessa starfa. Þá hefur Matvælastofnun frá sama tíma tekið yfir afmarkaða þætti umhverfisfirtirlits sem Umhverfisstofnun er falið skv. lögum nr. 71/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nánar skal kveðið á um umfang og tilhögun þessa eftirlits í reglugerð sem ráðherra mun setja.

Í heildina voru 52 eldisstöðvar í fullum rekstri árið 2014 og fóru dýralæknar fisksjúkdóma í alls 149 eftirlits- og sýnatökuheimsóknir í þessi fyrirtæki á árinu.

Framleiðsla til slátrunar tók jákvæðan kipp á milli ára þegar allt er talið. Lax- og regnboga-silungselði jukust töluvert, laxinn um fjórðung og regnboginn hátt í sexfaldaðist. Eldi bleikju jókst lítilsháttar á milli ára, eða um 6%. Þróun þorskeldis heldur sama takti og undanfarin ár, dregst stöðugt saman og nú standa í raun bara þrjú fyrirtæki eftir. Nokkrir samverkandi þættir eiga þátt í þessari þróun, s.s. erfiðara og dýrara að nálgast undirmálsþorsk, lélegur markaður og aukin fiskveiði- og eftirlitsgjöld hins opinbera. Alls var slátrað 8.288 tonnum af eldisfiski árið 2014 og uppskera kræklinga var um 38 tonn úr hreinni ræktun. Kræklingaræktendum hefur fækkað, en auk þess er nokkuð um uppskeru á villtum kræklingi til manneldis en samdráttur hefur orðið á því sviði einnig.

Tafla III.6.2: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2003 - 2014 (tonn af óslægðum fiski)

Tegund	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lax	3.710	6.020	6.094	6.894	1.158	292	714	1.068	1.083	2.923	3.018	3.965
Bleikja	1.670	1.336	977	1.426	2.851	3.124	2.405	2.427	3.021	3.089	3.215	3.410
Regnbogi	180	142	50	10	11	6	75	88	226	422	113	603
Hekluborri	0	0	0	0	0	0	0	0	2,5	0,3	0,8	0,5
Þorskur	393	595	1.050	1.412	1.467	1.502	1.805	1.317	877	893	482	310
Lúða	95	123	129	141	31	39	49	72	33	13	0,2	0
Sandhverfa	32	62	115	47	70	51	68	46	20	28	58	0
Ýsa	65	0	0	23	23	4,5	0	0	0	0	0	0
Barri	76	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sæeyra	6,5	1,5	4	0,4	0,5	0	0	0	0	0	0	0
Risarækja	0	0	0,1	0,2	0,3	0,3	0	0	0	0	0	0
Kræklingur	4	5	5	7	10	10	49	32	46	63	49	38
Samtals	6.232	8.285	8.424	9.961	5.622	5.029	5.165	5.050	5.309	7.431	6.936	8.326

Árið 2014 var sex fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á alls 368 lítrum (3.680.000) af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Sem framhald frá árinu á undan voru á fjögurra vikna fresti allt sl. ár flutt inn alls 3.010.000 senegalflúriseiði (0,2 gr.) frá Spáni til áframeldis á Reykjanesi. Þá var í fyrsta sinn veitt heimild til innflutnings á styrju til áframeldis og komu alls 300 seiði (15 gr.) frá Kaliforníu og fóru í einangrun í Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði. Hugmyndin er að ala upp innlendan klakstofn til framleiðslu á kaviar í framtíðinni, en 10 til 12 ár tekur að ná kynþroskaaldri hjá styrju. Einnig voru flutt inn 580 græn sæeyru (Ezo) frá Írlandi til kynbóta og áframeldis. Ostrur til

áframræktunar voru í annað sinn fluttar inn frá Spáni árið 2014. Alls komu um 1.100.000 ungiði af risastru (7-8 mm) til Húsavíkur þann 12. júní og tókst vel til með flutning. Skeljarnar voru settar í lokaðar grindur og langlínu á 5-6 metra dýpi í Skjálfaflóa, en því miður gerði skaðræðis óveður þann 21. október 2014 með 10-12 metra ölduhæð sem olli því að öll skeldýrin drápust og einnig þær ostrur sem komu árið á undan.

Góð heilbrigðisstaða innlendra klakstofna án veirusýkinga kynslóð fram af kynslóð tryggir innlendra kynbótastarfsemi sterka stöðu og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2014 voru fluttir út 9.976 lítrar af laxahrognum (56,5 milljónir hrogn) til Chile, Noregs, Færeyja, Skotlands, Bandaríkjanna, Danmörku, Kanada, Póllands, Sviss, Líbanon og Tékklands. Þá voru fluttir út 70,5 lítrar af bleikjuhrognum (835.000 stk.) til Austurríkis, Eistlands, Kanada og Þýskalands. Einnig má geta þess að 9 lítrar (80.000 stk.) af villtum laxahrognum úr Eystri-Rangá voru fluttir til Færeyja bæði í byrjun og lok árs 2014 með það fyrir augum að sleppa seiðum í laxveiðiár. Alls voru flutt út 1.090.000 laxaseiði (3,3-5,2 gr.) til Færeyja til áframeldis og auk þess 8.800 laxaseiði (0,1-1 gr.) til Noregs í erfðarannsóknir í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómapöls. Í lok árs 2014 hófst útflutningur á lifandi hrognkelsaseiðum til Færeyja á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og Stofnfisks og hafa sömu aðilar nú þegar gert með sér samninga um framhald á sölu seiða. Alls fóru út um 144.000 seiði (18-41 gr.), en þau eru sett út í sjókvíar og ætlað að éta laxalús af eldislaxi. Þessi náttúrulega aðferð hefur rutt sér til rúms á liðnum misserum til að halda aftur af lúsinni og hefur virkað vel bæði í Noregi og Færeyjum. Loks voru fluttir út 66 lifandi þorskar (1-1,5 kg) á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar til sædýrasafns í Portugal.

6.2.1. Sjúkdómavarnir

Í sjúkdómaskimun ársins 2014 greindust engar sjúkdómsvaldandi veirur í þeim 10.742 fiskasýnum sem tekin voru til rannsókna í 12 eldisstöðvum. Veirugreining sýna fór nokkuð jöfnum höndum fram bæði á Keldum og í Færeyjum, en einnig í Noregi.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur tekist afar vel til. Engin sýklalyf voru notuð í fiskeldi árið 2014 og er það þriðja árið í röð sem engin lyf eru notuð við eldi lax, bleikju og regnbogasilungs. Það litla sem reyndist nauðsynlegt að nota árin 2012 og 2013 fór allt í eldi þorsks. Árið 1999 hófst skipulagt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

6.2.2. Sjúkdómar

Sjúkdómastaða landsins hefur ekkert breyst á milli ára og er áfram afar góð, ekki síst er varðar hvers kyns veirusjúkdóma. Engir alvarlegir smitsjúkdómar litu dagsins ljós árið 2014 ef frá eru skilin tvö tilfelli nýrnaveiki í annars vegar bleikju og hins vegar í laxi. Umhverfisógnir á borð við þörungablóma í sjó létu ekkert á sér kræla allt árið. Þeir smitsjúkdómar sem íslenskar fiskeldisstöðvar þurfa fyrst og fremst að kljást við eru af völdum baktería, en sníkjudýr koma þó alltaf við sögu við og við.

Tafla III.6.3: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 2003-2014

Sjúkdómur	Ný sjúkdómatalfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva											
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Hitraveiki	0	0	0	0	0	0	0	1*	0	0	0	0
Kýlaveikibróðir	4 ^{o#}	6 ^{o#}	3 [#]	8 [#]	9 [#]	7 [#]	7 ^{#o}	7 [#]	6 [#]	6 [#]	7 [#]	2 [*]
Nýrnaveiki	1 ^o	3 ^{o*}	3 ^{o*}	4 ^{o*}	1 ^o	0	0	1 ^o	2 [*]	0	0	2 ^{**}
Rauðmunnaveiki	4 ^{*o}	0	3 ^{o#}	2 ^{o#}	1 [*]	2 [*]	1 [*]	3 ^{o*}	1 [*]	1 [*]	1 [*]	0
Roðsár/sporðáta	1 [#]	0	0	1 [#]	1 [#]	1 [#]	1 ^o	1 ^o	2 [#]	5 ^o	9 ^o	6 ^o
Vetrarsár	2 [*]	0	0	0	0	0	0	1 [*]	1 [*]	3 ^{**}	2 [*]	3 [*]
Vibríuveiki	2 [#]	3 [#]	4 [#]	3 [#]	2 [#]	4 [#]	3 [#]	2 [#]	1 [#]	2 [#]	1 [#]	0
Þekjublaðra	0	1 [#]	1 [#]	1 [#]	0	0	0	0	1 [#]	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) · Sjókvíaelði (full selta) ° Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

6.2.3. Lyfjaleifar

Lyfjaleifar voru mældar í fiskeldi skv. aðskoðafnaáætlun 2014. Skimað var fyrir ólöglegum lyfjum, vaxtarhvetjandi og klóramfenikól, minnst 30 sýklalyfjum, hníslalyfjum og aðskotaefnum í eldisfiski um allt land. Alls voru 53 sýni tekin og voru þau öll undir viðmiðunarmörkum.

6.3. Gæludýr

Hlutastarf sérgreinadýralæknis gæludýra var stofnað seinni part ársins 2013 í tengslum við flutning dýravelferðarmála frá Umhverfisstofnun. Gæludýr er málaflokkur með mikinn fjölda dýrategunda, s.s. skrautfiska, búrfugla, nagdýr, kanínur, ketti og hunda. Gæludýrahald er algengast til afþreyingar og félagsskapar en ekki er óalgengt að gæludýr séu einnig haldin til gagns. Ýmis starfsemi sem tengist gæludýrahaldi er oft á tíðum mjög umfangsmikil og fjölbreytileg. Þjónustustarfsemi við gæludýr og eigendur þeirra svo sem gæludýrabúðir, hundaskólar, snyrtistofur, dýralæknaþjónusta ofl. hefur fjölgað en einnig hefur notkun og þátttaka gæludýra innan skemmtanatengdrar starfsemi svo sem við auglýsingagerð, kvikmyndir og sýningar aukist mikið undanfarin ár.

6.3.1. Sjúkdómavarnir

Bóluefni sem er í boði fyrir hunda á Íslandi er blandað bóluefni gegn smitandi lífrabólgu (HCC), smitandi hósta (kennel cough), smáveirusótt (parvo) og hundafári (canine distemper vírus). Hunda sem flytja á úr landi er einnig hægt að fá bólusetta gegn hundaeði (rabies) og leptóspírur. Ketti er hægt að fá bólusetta gegn kattafári (feline panleukopeni vírus), öndunarfæravírussýkingum (rhinotrakeitt vírus og calici vírus) og smitandi augnsýkingu (*Chlamydia psittaci*). Ketti sem flytja á úr landi er einnig hægt að fá bólusetta gegn hundaeði (rabies). Samkvæmt reglugerð um hollustuvernd ber einnig að meðhöndla árlega alla hunda gegn þráð- og bandormum og alla ketti gegn bandormum og er það á ábyrgð sveitarfélaganna að fylgjast með að svo sé.

Á árinu voru flutt inn 165 hundar og 29 kettir. Einnig voru fluttir inn 15 búrfuglar og 5 kanínur og nagdýr. Á árinu voru gefin út 50 leyfi fyrir innflutningi skrautfiska og annarra vatnadýra. Hundar og kettir eru haldnir í sértækum einangrunarstöðvum í 4 vikur þar sem tekin eru sýni til skimunar á snykjudyrum bæði við komu og fyrir brottför. Önnur innflutt gæludýr eru haldin í heimasóttkví undir eftirliti. Á árinu voru gefin út 199 útflutningsvottorð fyrir hunda og 60 fyrir ketti.

Engar sérstækar viðbragðsáætlanir hafa verið gerðar fyrir gæludýrasjúkdóma en Matvælastofnun hefur gert almennar viðbragðsáætlanir ef upp kemur grunur um alvarlegan dýrasjúkdóm sem verða notaðar þangað til sértækar viðbragðsáætlanir hafa verið gerðar varðandi gæludýr.

6.3.2. Sjúkdómar

Engir alvarlegir smitsjúkdómar hafa komið upp hjá gæludýrum á árinu. Ný tilfelli af þráðorminum *Strongyloides stercoralis* greindist hinsvegar, bæði í innfluttum hundum á einangrunarstöðvum landsins en einnig í sama hundabúi og greinst hefur í áður. Enn standa vonir til að geta hindrað að þessi þráðormur verði landlægur hér á landi og hefur verið gripið til meðhöndlunar, eftirfylgni og forvarna hjá viðkomandi aðilum.

Á árinu kom upp grunur um hundafár og var almenn viðbragðsáætlun Matvælastofnunar sett í gang. Við ítarlegri skoðun reyndist grunurinn ekki á rökum reistur.

6.3.3. Forvarnir í dýravelferð

Matvælastofnun leiddi starfshóp sem vann að endurskoðun reglugerðar um velferð gæludýra. Starfshópurinn skilaði tillögu að nýrri reglugerð til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á árinu.

6.3.4. Meðferð gæludýra

Reglubundið eftirlit hefur verið með gæludýraverslunum, hundabúum og þar sem sýningar gæludýra eru haldnar. Að öðru leyti byggðist eftirlit með velferð gæludýra að mestu á eftirliti með gæludýrahaldi þar sem borist hefur ábending um mögulega illa meðferð á dýrum. Á árinu bárust 296 ábendingar er vörðuðu gæludýr, þar af 229 um hunda, 57 um ketti og 10 um önnur gæludýr. Matvælastofnun fylgir öllum ábendingum eftir og gerir kröfur um úrbætur þegar þær eiga við rök að styðjast. Ef ekki er brugðist við kröfum Matvælastofnunar beitir stofnunin þvingunarræðum eins og lög gera ráð fyrir og lauk nokkrum málum með vörslusviptingu.

6.4. Hross

Alls voru flutt út 1.269 hross. Til Þýskalands fóru flest hross eða 594 en til Norðurlandanna voru flutt út alls 379 hross. Nánari upplýsingar um útflutning hrossa má nálgast í kafla IV.6.1.

6.4.1. Sjúkdómavarnir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum fyrir árið 2013: hestainflúensu (EI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi slagæðabólgu (EAV). Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð.

Upplýsingum um reglur um smitvarnir var haldið á lofti með rafrænum auglýsingum með hjálp félagasamtaka hestamennskunnar auk þess sem bæklingar hafa verið gefnir út fyrir ferðapjónustuaðila. Hestamenn sem ferðast milli landa geta nýtt sér hreinsunarþjónustu fyrir reiðfatnað á Keflavíkurflugvelli en þjónustan er þó mun minna nýtt en áætlað hafði verið. Því verður enn að líta svo á að tíðar ferðir atvinnumanna í hestamennsku milli landa feli í sér mesta hættu á að nýir smitsjúkdómar berist í hrossastofninn.

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirra greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum FEIF. Árlega berast myndir af um 200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn um sumarexemsrannsóknir. Fræðslubæklingur um sumarexem var endurnýjaður á árinu, í samvinnu við Félag hrossabænda.

6.4.2. Sjúkdómar

Engir nýir smitsjúkdómar komu upp í hrossum á árinu.

Alvarleg fódureitrun kom upp á einum bæ í Skagafirði í byrjun árs og leiddi til bráðadauða fjögurra hryssna. Fullvist er talið að um hræitrun af völdum *Clostridium botulinum* hafi verið að ræða. Leiðbeiningar um fyrirbyggjandi aðgerðir voru birtar á vefmiðlum hestamanna.


6.4.3. Forvarnir í dýravelferð

Áfram var unnið að reglugerð um velferð hrossa sem gefin var út 17. október 2014. Nokkrir fræðslufundir voru haldnir á árinu til kynningar á reglugerðinni.

Eftirlit með fódun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. nýjum lögum um dýravelferð. Dýralæknir hrossasjúkdóma tók þátt í nýliðabjálfun dýraeftirlitsmanna, vann að samræmingu í störfum þeirra og kom að gerð skoðunarhandbókar fyrir hross. Áhersla var lögð á heildstætt mat á velferð hrossa hvort heldur á útgangi eða í húsvist.

Unnið var úr niðurstöðum eftirlits með heilbrigði og meðferð keppnishesta samkvæmt fyrirkomulaginu "Klár í keppni" á Landsmóti Hestamanna í Reykjavík 2014 og á Íslandsmóti í hestaípróttum í Reykjavík sama ár. Mikill árangur náðist í að bæta velferð keppnishesta sem skýrðist einkum af banni við að nota mál með vogaraffli og tunguboga í keppni en einnig af vitundarvakningu knapa um bættu reiðmennsku. Skýrsla um niðurstöður heilbrigðisráðgjafna á keppnishestum árið 2014 var birt á heimasíðu Matvælastofnunar.

Mynd III.6.2: Dreifing hrossaræktarbúa um landið



Fræðsla er einn mikilvægasti þátturinn í bættu heilbrigði og meðferð keppnishesta og hefur dýralæknir hrossasjúkdóma einbeitt sér að fræðslu um særindi í munni hesta sem eiga rætur sínar að rekja til beislisbúnaðar og notkunar hans auk vandamála tengdum tönnum.

Auk fjölda fræðslufunda var vefurinn www.mouthofthehorse.com formlega opnaður á landsþingi Landsambands hestamannafélaga 16. október.

6.4.4. Meðferð hrossa

Allar ábendingar um illa meðferð á hrossum voru skoðaðar af viðkomandi dýraeftirlitsmönnum og/ eða eftirlitsdýralæknum, auk reglubundins eftirlits. Alls bárust 148 ábendingar um hross á árinu. Lítið var um alvarleg frávik í fôðrun og aðbúnaði en brugðist var við alvarlegri vanrækslu á hófhirðu og hófheilbrigði í nokkrum tilfellum.

Tólf hross drukknuðu í Bessastaðatjörn 21. desember 2014. Matvælastofnun rannsakaði atvikið og birti skýrslu um atvikið á vef stofnunarinnar. Slysið var ekki rakið til vanrækslu á hrossunum skv. reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa.



6.5. Loðdýr

Við árslok 2014 voru 33 aðilar með aliminka á 28 minkabúum í landinu. Á þessum búum voru um 44 þúsund paraðar læður skv. upplýsingum frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og skv. niðurstöðum úr plasmacytósúrannsóknnum. Tveir bændur hættu minkarækt en nokkuð er um að fleiri en einn bóndi sé með dýr á sama búi. Fjöldi loðdýrabúa og loðdýra stóð í stað árinu og skiptist svo milli umdæma:

Tafla III.6.5: Fjöldi loðdýrabúa og loðdýra á landinu árið 2014

Umdæmi	Minkar			Kanínur	
	Fjöldi búa	Læður	Högnar	Fjöldi búa	Feld-, angóra- og kjötkanínur
Suðvesturumdæmi	1	2.301	462	1	82
Vesturumdæmi	0	0	0	0	12
Norðvesturumdæmi	10	17.480	3.030	1	116
Norðausturumdæmi	2	3.650	830	0	46
Austurumdæmi	3	4.300	820	0	63
Suðurumdæmi	12	15.445	3.116	0	31
Samtals á landinu:	28	43.176	8.258	2	350

* Skv. upplýsingum úr gagnagrunninum Bústofni.

Í norðvesturumdæmi eru starfrækt tvö einangrunarbú fyrir innflutta minka. Í maí og í desember voru fluttir inn annars vegar 1.140 högnar og hins vegar 1.240 minkar af báðum kynjum frá dönskum ræktunarbúum. Dýrin voru flutt með flugi til Keflavíkur og flutt í einangrunarstöð í Skagafirði. Lögum samkvæmt voru dýrin í einangrun í rúma 6 mánuði og var einangrun aflétt að loknum rannsóknum af fyrri innflutningshópnum í nóvember. Nánar er fjallað um innflutning minka í kafla IV.3.6.

Sem fyrr er ekkert refabú starfrækt á landinu, einu refirnir sem haldnir eru innan girðinga, svo vitað sé, er refapar í Húsdýragarðinum í Reykjavík. Tæplega 300 kanínur eru haldnar sem hluti af búfénaði á Íslandi við lok árs 2014. Eitt stórt holdakanínubú er á landinu og nokkuð er um að einstaklingar haldi nokkrar kanínur, ýmist af angóra-, holda- eða feldkyni, sem gæludýr eða til heimanotkunar. Slátrun á holdakaninum hófst á Hvammstanga haustið 2014.

Staða minkaræktunar í landinu er nokkuð góð en sveiflur hafa verið í verði á skinnnum sem gera eflaust mörgum erfitt fyrir. Mikill árangur hefur náðst í ræktunarstarfi minkabænda í kjölfarið á innflutningi kynbótadýra. Það hefur skilað sér í stærri dýrum og betri feldgæðum.

Líkt og fyrri ár voru fluttir inn kynbótaminkar á vegum Sambands íslenskra loðdýrabænda, eins og fyrr var getið.

6.5.1. Sjúkdómavarnir

Samkvæmt reglugerð nr. 1277/2014 um velferð minka skulu bændur láta prófa að minnsta kosti 10% paraðra læðna á hverju búi fyrir A-sjúkdómnum plasmacytosis. Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins reyndust neikvæðar árið 2014.

6.5.2. Sjúkdómar

Tíðni algengustu sjúkdóma var svipuð og undanfarin ár. Í byrjun október vaknaði grunur á einum bæ í norðvesturumdæmi um tilfelli af B-sjúkdómnum lungnafári sem bakterían *Pseudomonas aeruginosa* veldur. Ekki náðist að staðfesta bakteríuna og því voru engin staðfest tilfelli af lungnafári á árinu.

Hvolpadauði og vanhöld hvolpa á vaxtarskeiði eru vandamál sem bændur glíma við á hverju ári. Ekki hefur tekist að greina stakar orsakir fyrir þessu og á árinu voru vanhöld svipuð og fyrri ár. Talið er að sveiflur í fôðurgæðum ásamt tilfallandi þáttum í búrekstri séu aðalástæðan fyrir vanhöldum. Fátítt er að hræ séu send til krufningar og því erfitt að átta sig á orsökunum, svo sem hvort sameiginlegir þættir greinist eða jafnvel hvort um smitandi sjúkdóma sé að ræða. Eitt af skilyrðunum fyrir innflutningi minka er að hræ af öllum dýrum sem drepast í innflutningi eða í einangrun séu send til krufningar og rannsókna. Niðurstöður þeirra rannsókna gefa vísbendingar um tíðni helstu tækifærissýkla og

helstu dánarorsakir minka. Undanfarin ár hafa aðeins fullorðnir högnar verið fluttir inn og því vantar skýrari mynd af dánarorsökum minka í kringum got og á vaxtarskeiði. Undanfarin ár hefur orðið vart við fjölgun sýkinga, meðal minka í einangrun, af völdum bakteríunnar *Streptococcus suis*. Bakterían er upprunnin í svínunum og er hluti af náttúrulegri sýklaflóru þeirra. *S. suis* olli banvænum sýkingum í rúmlega 30% þeirra minka sem drápu í einangrun, m.a. bólgum í hjartalokum og því þótti ástæða til að kanna betur ástæður þessa. Líklegt er að sýkingin berist í dýrin úr fóðri, en notaðar eru hráar aukaafurðir svína í minkafóður. Á árinu voru þó afföll með minnsta móti í einangruninni sem stóð frá maí til nóvember.

Nokkur munur er á frjósemi minka á milli landshluta, sunnlenskir minkar (fá fóður frá Fóðurstöð Suðurlands) koma best út með meðaltalið 5 hvolpa á læðu. Landsmeðaltalið á árinu var 4,8 sem er lækkun um 0,1 frá fyrra ári. Byggjast þessar tölur á upplýsingum um frjósemi, skipt eftir fóðurstöðvunum þremur á Vopnafirði, Selfossi og Sauðárkróki. Örfáir bændur blanda eigið fóður en eru að þessu sinni með í landsmeðaltali. Hafa ber í huga að bændum er frjálst að gefa upp tölur um frjósemi og skekkir það því niðurstöðurnar, tölurnar byggja á upplýsingum frá 22 búum.

Smitandi fótasár (e. Pododermatitis, footandface rot) greindist fyrst árið 2011 á Íslandi. Þar sem sjúkdómssvaldur smitandi fótasárs er enn óþekktur, er sjúkdómurinn greindur á grundvelli einkenna. Sjúkdómudreifing hefur staðið í stað og tilfellum hefur fækkað. Öll innflutt dýr í einangrun eru skoðuð sérstaklega með tilliti til fótasára, en talið er að sjúkdómurinn hafi borist til landsins með innfluttum kynbótadýrum en þó hafði hann aldrei sést á dýrum á útflutningsbúum. Nýlega greindist sjúkdómurinn í fyrsta skipti í Danmörku og mun það án vafa ýta undir frekari rannsóknir á orsökum þessa hvítleiða sjúkdóms.


6.5.3. Forvarnir í dýravelferð

Ný reglugerð um aðbúnað og velferð minka tók gildi rétt fyrir árslok 2014. Á árinu var unnið að gerð skoðunarhandbókar fyrir starfsmenn stofnunarinnar sem hafa eftirlit með minkabúum. Dýralæknir loðdýrasjúkdóma tók þátt í kennslu á námskeiði fyrir loðdýrabændur sem haldið var á tveimur stöðum á landinu vorið 2014. Námskeiðið samanstóð af annarsvegar almennri fræðslu um sjúkdóma, velferð og umönnun minks og hinsvegar fræðslu um aflifun minka og allt henni tengt, sem bændur eiga að kunna skil á. Í reglugerð um vernd dýra við aflifun nr. 911/2012 sem innleiðir reglugerð nr. 1099/2009, eru kröfur um að hver sá sem hefur umsjón með aflifun loðdýra þurfi að hafa til þess hæfisskírteini. Slík skírteini geta menn öðlast með því að sitja námskeið og taka próf, annaðhvort á vegum yfirvalda eða hjá öðrum sem bjóða viðurkennd námskeið. Í lok árs höfðu 40 einstaklingar lokið prófi og öðlast þannig hæfisskírteini til að aflifa mink.

6.5.4. Meðferð minka

Engar ábendingar bárust Matvælastofnun á árinu sem snéru að aðbúnaði og velferð minka.

Mynd III.6.3: Dreifing minkaræktar um landið



6.6. Nautgripir

Tafla III.6.6: Fjöldi nautgripa á landinu árið 2014

Umdæmi	Heildarfjöldi	Mjólkurkúr	Holdakúr til undaneldis	Kelfdar kvígur	Geldneyti > 1 árs	Kvígukálfar < 1 árs	Nautkálfar < 1 árs
Suðvesturumdæmi	1.294	301	213	113	319	218	130
Vesturumdæmi	11.236	4.052	244	1.058	2.559	1.729	1.594
Norðvesturumdæmi	11.254	3.804	410	1.056	2.758	1.642	1.584
Norðausturumdæmi	16.842	6.443	237	1.795	3.629	2.563	2.175
Austurumdæmi	4.484	1.500	29	357	1.158	671	769
Suðurumdæmi	29.334	10.059	711	2.781	7.484	4.202	4.097
Samtals á landinu	74.444	26.159	1.844	7.160	17.907	11.025	10.349

6.6.1. Sjúkdómavarnir

Á árinu var hafið átak í söfnun sýna til skimunar á kúariðu. Þetta var gert þar sem Ísland átti á hættu að missa stöðu sína sem kúariðulaust land hjá Alþjóða dýraheilbrigðismálastofnuninni (OIE) vegna takmarkaðra sýna sem bárust til rannsókna. Átakið, sem fólst í greinarskrifum og hvatningu til bænda um að láta héraðsdýralækni vita um fullorðna gripi sem höfðu drepist eða til stóð að fella á bænum, bar árangur og alls bárust 238 riðusýni úr nautgripum sem öll reyndust neikvæð.

Með tilkomu nýrrar reglugerðar nr. 1065/2014 um velferð nautgripa er bændum nú skylt að tilkynna Matvælastofnun um aflifanir á gripum vegna slysa eða alvarlegra veikinda þar sem ekki hefur verið unnt að kalla til dýralækni. Þetta gerir Matvælastofnun kleift að meta hvort nauðsynlegt sé að taka sýni til nánari greiningar en einnig að bregðast við sjúkdómum eða óvenjulegu ástandi.

Í tengslum við skimunaráætlun Matvælastofnunar voru 78 mjólkursýni og 76 blóðsýni tekin og send til DTU Veterinærinstituttet í Danmörku til greiningar. Í mjólkursýnum voru mótefni gegn smitandi barkabólgu (IBR) ásamt smitandi hvítblæði (BLV9) mæld og voru öll sýni neikvæð. Í blóðsýnum voru mótefni gegn *Brucella abortus* mæld og voru öll sýni neikvæð. Nánari upplýsingar um skimun er að finna í kafla III.4 um smitsjúkdóma.


6.6.2. Sjúkdómar

Í nóvember fékkst staðfest garnaveiki í nautgrip frá bæ í Borgarbyggð í Vesturlandshólfi en sláturhúsasýni úr viðkomandi grip hafði verið sent á Keldur vegna gruns um garnaveiki. Mótefni gegn garnaveikibakteríunni höfðu greinst í blóðsýni úr gripnum fyrir slátrun. Blóð- og sláturhúsasýni úr tveimur öðrum gripum sem slátrað var frá búinu sýndu ekki merki um sjúkdóminn. Tekið er fram að héraðslæknir hefur aldrei fundist hinn alvarlegi sjúkdómur kúagarnaveiki heldur er hér um að ræða sauðfjargarnaveiki sem getur smitað kúr og er mun vægari sjúkdómur í nautgripum en kúagarnaveikin.

6.6.3. Forvarnir í dýravelferð

Í lok árs 2014 tók ný reglugerð um velferð nautgripa gildi. Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði nautgripa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Í anda hinna nýju laga um dýravelferð er sérstaklega tekið fram að leitast skuli við að nautgripir geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Þá er undirstrikað að reglugerðin tilgreinir lágmarkskröfur um einstök atriði og þannig gert ráð fyrir að bændur gefi sjálfir út leiðbeiningar um góða búskaparhætti, þ.e. gefi út lýsingu á fyrirmyndarbúskap. Eftir gildistöku reglugerðarinnar skulu öll ný fjós sem byggð eru vera lausagöngufjós en gefinn er frestur til breytinga á eldri fjósum til tuttugu ára. Á árinu var unnið að uppfærslu skoðunarhandbókar fyrir eftirlitsdýralækna í samræmi við hina nýju reglugerð.

Mynd III.6.4: Dreifing nautgripa um landið



6.6.4. Meðferð nautgripa

Við eftirlit í frumframleiðslu var algengast að alvarleg frávík væru gerð við aðbúnað, fóðrun eða heilbrigði nautgripa. Oftast var um að ræða athugasemdir sem gerðar voru vegna kálfa og gripa í uppeldi. Í flestum tilfellum komu frávikin fram við reglubundið eftirlit en einnig í kjölfar ábendinga sem bárust Matvælastofnun.

Í kjölfar nýrra laga um velferð dýra og aukinni fjölmiðlaumfjöllum um málefni dýra, varð mikil vitundarvakning meðal almennings á árinu. Kröfur um vellíðan og heilbrigði dýra sem nýtt eru til afurðaframleiðslu hafa aukist hjá neytendum og mögulegt er að sú vaxandi athygli sem málaflokkurinn hefur hlotið valdi auknum fjölda ábendinga til Matvælastofnunar á komandi árum. Á árinu bárust alls 35 ábendingar varðandi illa meðferð nautgripa sem er mikil aukning á milli ára, en á síðasta ári bárust 17 ábendingar. Flestar ábendingarnar snéru að almennum aðbúnaði nautgripa ásamt ábendingum varðandi kýr sem ekki var hleypt út á beit að sumri.

6.7. Sauðfé


Tafla III.6.7: Fjöldi sauð- og geitfjár á landinu 2014

Umdæmi	Heildarfjöldi	Ær	Hrútar og sauðir	Lamb-gimbrar	Lambhrútar og geldingar	Geitur og lífkíð	Bú með geitur
Suðvesturumdæmi	3.897	2.876	154	692	120	55	8
Vesturumdæmi	123.170	95.835	2.888	21.802	2.304	341	18
Norðvesturumdæmi	120.614	93.466	2.762	22.394	1.790	202	26
Norðausturumdæmi	76.949	59.492	1.725	13.995	1.561	176	18
Austurumdæmi	79.882	63.401	1.999	12.910	1.470	102	13
Suðurumdæmi	83.294	64.646	2.209	14.651	1.677	111	27
Samtals á landinu	487.806	379.716	11.737	86.444	8.922	987	110

6.7.1. Sjúkdómavarnir

Eldgos bita jafnan hart á sauðfé, en árstími skiptir þó verulegu máli í tengslum við rannsókn á áhrifum eldgossins í Holuhrauni tók Matvælastofnun grassýni á átta bæjum á Austurlandi í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Mælt var meðal annars magn flúors og brennisteins með það að markmiði að kanna hvort magn þessara efna gætu haft áhrif á heilsufar grasbita á svæðinu. Á fimm af þessum átta bæjum höfðu sýni verið tekin af tünnum 2013 og við samanburð milli ára reyndist magn brennisteins vera töluvert hærra en árið áður en ekki reyndist marktækur munur á flúormagni. Bæði gildin, ásamt magni ýmissa steinefna, reyndust innan viðmiðunarmarka og því var ekki talin hætt á neikvæðum heilsufarslegum áhrifum á búfenað sem beitt var á túnin á viðkomandi bæjum svo og bæjum í svipaðri fjarlægð frá gosstöðvunum það sem eftir lifði ársins. Áætlað er að ráðast í frekari sýnatökur á svæðinu vorið 2015.

Mynd III.6.5: Dreifing sauðfjár um landið



Á árinu hófst rannsóknarverkefni í samstarfi við Keldur þar sem útbreiðsla kregðu á líflambasölusvæðum var könnuð en sýnatökur fóru fram í haustslátrun 2014. Endanlegar niðurstöður rannsóknarinnar liggja ekki fyrir en kregða er þekktur sjúkdómur í sauðfé og töluvert útbreitt vandamál. Kindur sem sýkjast af kregðu geta átt á hættu að veikjast af skæðari lungnasjúkdómum í kjölfarið, t.d. lungnapest.

6.7.2. Sjúkdómar

Í nóvember greindist garnaveiki á sauðfjárbúinu Blöndubakka í Héraðshólfi. Veikin uppgötvaðist við reglubundið eftirlit í slátruhúsi, af 9 sýnum sem send voru til nánari greiningar reyndust 5 þeirra jákvæð fyrir garnaveiki. Í kjölfar faraldsfræðilegs mats héraðsdýralæknis voru sýni tekin á búinu Teigaseli 2 í Héraðshólfi sem einnig reyndust jákvæð fyrir garnaveiki. Reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni var því breytt á þann veg að skylt yrði að bólusetja allt fé í hólfinu. Ekki hafði greinst garnaveiki í Héraðshólfi síðan fyrir fjárskipti í kringum árið 1990. Einnig greindist tilfelli garnaveiki á bænum Dölum í Fjarðabyggð en síðast greindist sjúkdómurinn á tveimur bæjum í Fjarðabyggð árið 2010.

Við reglubundna skimun fyrir riðuveiki voru alls 4.111 sýni frá 273 bæjum send til rannsóknar á Keldum. Þar af voru 43 línubrótar. Hefðbundin riða fannst í tveimur slátruhúsum frá bænum Neðra-Vatnshorni í Vatnsneshólfi, en síðast greindist hefðbundin riða á landinu árið 2010. Hefðbundin riða greindist síðast í Vatnsneshólfi árið 2000. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á að hvetja bændur til að senda hausa af föllu fé til rannsóknar á Keldum en það getur skipt sköpum fyrir baráttuna gegn sjúkdómum.

Á haustmánuðum greindist vöðvasullur í slátrulambi. Tilfellið undirstrikar mikilvægi ormahreinsunar í hundum því ormurinn þarfnast viðkomu í görnum hunda og refa en í þeim lifa fullorðnir ormar. Vöðvasullur er lírfustig bandormsins *Taenia ovis* og greindist fyrst á Íslandi árið 1983 en kindur eru millihýslar ormsins. Sjúkdómurinn smitast ekki yfir í menn og því er ekki um hættu fyrir neytendur að ræða en hann getur þó valdið sauðfé töluverðum óþægindum ásamt skemmdum á kjöti.

6.7.3. Forvarnir í dýravelferð

Á árinu tók gildi ný reglugerð nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár. Henni ætlað að tryggja velferð og heilbrigði sauðfjár og geita með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði sem gerir dýrunum kleift að sýna sitt náttúrulega og eðlislæga atferli eins og kostur er. Á árinu var unnið að gerð skoðunarhandbókar fyrir eftirlitsmenn Matvælastofnunar í samræmi við hina nýju reglugerð.

6.7.4. Meðferð sauðfjár

Á bæ í Suðurumdæmi tók Matvælastofnun ákvörðun um vörslusviptingu á 300 kindum vegna ófullnægjandi aðbúnaðar. Matvælastofnun hafði ítrekað gert athugasemdir við aðstæður á bænum sem ekki var brugðist við með viðeigandi úrbótum. Féð var að lokum sent til slátrunar. Matvælastofnun hafði töluverð afskipti af vanhirtu fé á lausagöngu á Austfjörðum. Á árinu bárust alls 57 ábendingar varðandi illa meðferð sauðfjár sem er töluverð aukning á milli ára, en á síðasta ári bárust 40 ábendingar. Flestar ábendingarnar snéru að vanhírðu og vanfóðrun sauðfjár.

Þessi mynd sigræði í flokki dýravelferðar í ljósmyndakeppni sem haldin var meðal starfsmanna á árinu 2014.



6.8. Svín

Á landinu eru starfandi 12 svínaframleiðendur sem reka 21 svínabú/starfsstöðvar víðsvegar um landið. Færst hefur í aukana að einstaklingar kaupi sér eitt eða nokkur svín til eldis, þá helst yfir sumartímann. Alls eru tæp 30.000 svín á landinu auk smágrísa. Í *Töflu III.6.8* er yfirlit yfir fjölda svína skipt eftir umdæmum.

Tafla III.6.8: Yfirlit yfir fjölda svína 2014*

Umdæmi	Geltir	Gyltur	Eldisgrísir	Samtals
Suðvesturumdæmi	21	1.395	6.980	8.396
Vesturumdæmi	12	561	9.368	9.941
Norðvesturumdæmi	1	30	1.015	1.046
Norðausturumdæmi	11	484	4.346	4.841
Austurumdæmi	1	10	81	92
Suðurumdæmi	18	1.045	4.615	5.678
Samtals á landinu	60	3.105	25.812	29.994

*Tölur fengnar úr Bústofni eða beint frá framleiðendum. Í töfluna vantar fjölda smágrísa.

6.8.1. Sjúkdómavarnir

Á árinu voru tekin sýni til skimunar á svínainflúensu H1N1, svínainflúensu H3N3, PRRS-veiki og Aujeszky's. Mótefni gegn svínainflúensu H1N1 og H3N2 greindust á flestum svínabúum landsins en engin svín á búunum sýndu einkenni sjúkdómsins. Mótefni gegn svínainflúensu H1N1 og H3N2 hafa áður greinst hér á landi. Nánari upplýsingar um sjúkdómaskimun er að finna í kafla *III.4*.

Á árinu var tvisvar sinnum flutt inn djúpfrost svínasæði frá Noregi, alls 361 skammtur. Sæðið er úr tegundunum Duroc, Yorkshire og Landrace og er notað til kynbóta á flestum svínabúum landsins. Sæðið er flutt inn til notkunar beint á svínabúunum og gekk allur innflutningur vel. Engar grunsemdir vöknudu á árinu um að smitsjúkdómar hefðu borist með innfluttu sæði til landsins.

6.8.2. Sjúkdómar

Engir alvarlegir sjúkdómar komu upp á árinu. Sjúkdómastaða á svínabúum var nokkuð góð á árinu líkt og undanfarin ár. Meðal þeirra sjúkdóma sem koma reglulega upp eru skita hjá smágrísum og fráfarugrísum, auk brjósthimnubólgu, lungnabólgu, liðabólgu o.fl.

Í sláturhúsum fer fram sjúkdómaeftirlit. Svínin eru skoðuð af héraðs- eða eftirlitsdýralækni fyrir og eftir aflifun, þ.e. líffæri og skrokkar eru heilbrigðis skoðaðir. Við heilbrigðis skoðun í sláturhúsum ber mest á kregðu, langvinnri brjósthimnubólgu og langvinnri gollurhússbólgu.

6.8.3. Forvarnir í dýravelferð


Í lok árs kom út ný reglugerð um velferð svína (nr. 1276/2014). Reglugerðin gefur svínabændum svigrúm til 10 ára til að framfylgja kröfum reglugerðarinnar ef aðstæður eru þannig að kostnaðarsamt sé að uppfylla þær. Breytingar úr básahaldi yfir í lausagöngu falla þar undir, en þó með þeim fyrirvara að básarnir þrengi ekki um of að gyltunum. Þessi frestur er háður því að svínabændur skili inn tímasettri úrbótaáætlun og kostnaðarmati til Matvælastofnunar.

6.8.4. Meðferð svína

Reglulegt eftirlit er haft með heilbrigði og velferð svína. Á árinu var sérstök áhersla lögð á eftirlit á svínabú sem halda gyltur og þ.m.t. spenagrísi.

Hér á landi eru flestar fanggyltur ennþá haldnar á básum í stað lausagöngu. Svínaræktendur fá þó aðlögunartíma skv. nýrri reglugerð um velferð svína, þannig er unnið markvisst að afnámi básahalds gyltna. Bógsár á gyltum eru enn nokkuð vandamál hér á landi.

Mynd III.6.6: Dreifing svína um landið



Í samræmi við ný lög um velferð dýra ákváðu svínabændur að hætta geldingum grísa án deyfingar. Við eftirlit kom í ljós að öll bú reyndust vera með dýralækni til að gelda grísi með staðdeyfingu. Allir hluteigandi aðilar, svínabændur og dýralæknar, eru sammála um að gelding með staðdeyfingu sé tímabundin lausn og að áriðandi sé að finna betri og varanlegri lausn á geldingum grísa með velferð þeirra að leiðarljósi. Þessi umræða á sér einnig stað í Evrópu og víðar um heim.

7. Lyfjamál

7.1. Gagnagrunnar

Unnið var að frekari þróun að gagnagrunninum Heilsu, sem heldur utan um sjúkdóma- og lyfjaskráningar dýralækna, helstu verkefni snéru að samtengingu við skýrsluhaldskerfi sauðfjárræktar, gagnagrunninn LAMB. Vorið 2014 var opnað fyrir gerð rafrænna samninga milli dýralækna annars vegar og bænda hins vegar um afhendingu á sýklalyfjum til bænda, án þess að dýralæknir hefji meðhöndlun sjálfur. Með rafrænu fyrirkomulagi hverfur pappírsvinnan, allt utanumhald verður auðveldara og yfirsýn fæst yfir afhendingar og notkun sýklalyfja í sauðfé. Seinni part árs 2014 var gagnagrunninum breytt á þann veg að dýralæknum var gert auðveldara um vik að skrá garnaveikibólusetningar í Heilsu auk þess sem unnið var að undirbúningi þess að færa allt utanumhald Matvælastofnunar með garnaveikibólusetningum inn í Heilsu. Á árinu var einnig unnið að lausnum þannig að sjúkdóma- og lyfjaskráningar dýralækna gætu færst milli gagnagrunna þeirra og Heilsu. Auk þess var unnið að almennum viðhaldsverkefnum og veitt aðstoð til þeirra sem þess þurftu.

7.2. Lyfjaleifar í búfjárafurðum

Lyfjaleifar voru mældar í búfé og búfjárafurðum skv. aðskotaefnaáætlun 2014. Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, minnst 30 sýklalyfjum, hnísla- og sníklalyfjum og öðrum lyfjum í sauðfé, nautgripum, hrossum, svínum, kjúklingi, hreindýrum, eldisfiski, mjólk og eggjum. Alls voru lyfjaleifar mældar í 1.070 sýnum á viðurkenndum rannsóknastofum hérlendis og erlendis, tvö sýni voru yfir viðmiðunarmörkum.

Nánari upplýsingar er að finna í *Viðauka VI.3*.

7.3. Samstarf við Lyfjastofnun

Á árinu veitti Matvælastofnun umsögn til Lyfjastofnunar vegna 9 markaðsleyfa fyrir dýralyf og vegna 13 undanþágubeiðna dýralækna fyrir óskráðum dýralyfjum.

8. Aukaafurðir dýra

Aukaafurðir dýra eru hlutar dýra eða afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru ætlaðar til manneldis, hvort heldur vegna eðlis þeirra eða vegna ákvörðunar þess rekstraraðila sem framleiðir aukaafurðirnar. Meðferð aukaafurða dýra skal vera eftir settum reglum á öllum stigum meðhöndlunar, vinnslu og förgunar til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra smitefna, í þeim tilgangi að tryggja lýðheilsu og heilbrigði dýra. Matvælastofnun hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem aukaafurðir dýra verða til, t.d. í sláturhúsum, kjötvinnslum og fiskvinnslum, og hefur eftirlit með rekstraraðilum þar sem vinnsla á aukaafurðum dýra fer fram, t.d. moltugerð, gerð gæludýrafóðurs og í kjötmjölsvinnslum.

Þann 1. september 2014 tók gildi reglugerð nr. 1124/2013, sem felldi brott 2. grein reglugerðar nr. 41/2012, og þar með var krafist brottnáms á áhættuvef úr nautgripum við slátrun. Fram að því var ekki skylt að fjarlægja áhættuvefi úr nautgripum á Íslandi þar sem ekki hefur fundist kúariða á Íslandi auk þess sem innflutningur lifandi nautgripa er bannaður. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafði gert athugasemdir við að ákvæði um brottnám áhættuvefs úr nautgripum væri ekki í samræmi við ákvæði í Evrópureglugerð nr. 999/200. Ljóst var að samræma þurfti ákvæðið í íslenskri löggjöf við Evrópulöggjöf og var það gert með gildistöku 1124/2013. Á árinu var unnið að undirbúningi þess að ný reglugerð ESB um aukaafurðir dýra, sem hefur verið í gildi í Evrópu síðan 2011, yrði tekin upp í EES-samninginn og í framhaldinu innleidd á Íslandi, en tafir urðu á því að reglugerðin yrði tekin upp í EES-samninginn, um áramót hafði hún ekki enn tekið gildi hérlendis.

1. Um inn- og útflutning

Inn- og útflutningsskrifstofa Matvælastofnunar gegnir margvísnum hlutverkum tengdum inn- og útflutningi. Eftirlit er haft með innflutningi á lifandi dýrum s.s. gæludýrum, einkum hundum og köttum. Ennfremur er haft eftirlit með innflutningi á dýraafurðum. Varðandi afurðir frá ríkjum innan Evrópska Efnahagssvæðisins (EES) er fyrst og fremst um að ræða sér íslenskar reglur sem fara þarf eftir. Um dýraafurðir og reyndar ýmsar aðrar afurðir frá ríkjum utan EES gilda samræmdar reglur á öllu svæðinu. Þannig gildir einu hvort vörurnar koma til svæðisins í Grikklandi eða á Íslandi. Reglurnar eru þær sömu. Fram til ársins 2014 voru starfræktar hér á landi átta landamærastöðvar víðs vegar um landið til að taka á móti afurðum frá ríkjum utan EES, svokölluð þriðju ríki. Landamærastöðvarnar eru skráðar til móttöku á mismunandi tegundum afurða og formi. Flestar eru landamærastöðvarnar skráðar til móttöku á frosnum fiskafurðum. Þó eru tvær stöðvar (á Keflavíkurflugvelli og í Sundahöfn) með víðtækar heimildir og geta því tekið á móti öðrum dýraafurðum en fiski, t.d. kjötmeti, mjólkurvörum og fóðri sem inniheldur dýraafurðir. Mismikill fjöldi sendinga kemur á landamærastöðvarnar. Fer þar mikið eftir staðsetningu og skipaferðum á þær hafnir sem stöðvarnar eru á. Þannig hafði engin sending komið á landamærastöðina á Húsavík í nokkur ár. Talsverður kostnaður fylgir rekstri hverrar stöðvar. Því var ákveðið að tilkynna um lokun stöðvarinnar á árinu. Þar með var hætt áralangri starfsemi landamærastöðvar á Húsavík.

Eftir breytingar á matvælalöggjöfinni hér á landi seint á árinu 2011, hefur mynstur innflutnings breyst nokkuð. Í heildina hefur hlutfallslega minna verið flutt inn af dýraafurðum beint frá þriðju ríkjum. Vinna við eftirlit með innflutningi beint frá þriðju ríkjum er talsvert umfangsmeiri en frá ríkjum innan EES. Þar eð kröfur innleiddrar löggjafar kveða á um umfangsmeira landamæraeftirlit en tíðkaðist fyrir breytingar. Innflytjendur virðast hafa aðlagast breytingunum nokkuð vel og sækja nú þriðju ríkja vörur æ meir til Evrópu. Það vill segja vörurnar hafa þá þegar farið í gegnum samræmt eftirlit og eru þá í „frjálsu flæði“ innan EES og geta komið hingað til lands án ítarlegs landamæraeftirlits.

Gerður var samningur við Hong Kong um heilbrigðismál varðandi útflutning þangað á svína-, sauðfjár- og hrossaafurðum. Þó nokkur aðdragandi var að því að leyfi fengist fyrir útflutningi á þessum afurðum til Hong Kong. Starfsmenn inn- og útflutningsskrifstofu sem og annarra sviða innan Matvælastofnunar voru í miklum samskiptum við kollega sína í Hong Kong í um tvö ár. Þá komu aðilar frá systurstofnun Matvælastofnunar í Hong Kong í eftirlitsheimsókn, sem síðan leiddi til opunar á markaði þar fyrir ofangreindar afurðir. Hefur þetta verið íslenski framleiðslu til framdráttar.

Fríverslunarsamningur Kína og Íslands tók gildi í júní árið 2014. Þetta þýðir að talsverðir tollaafslættir eru af vörum sem seldar eru milli þessara ríkja. Hér eru talsverðir hagsmunir fyrir íslenska framleiðendur. Þrátt fyrir þetta er ekki heimilt að senda mikinn hluta dýraafurða til Kína vegna ákvæða um gagnkvæma stöðu varðandi dýraheilbrigðismál. Starfsfólk Matvælastofnunar hefur lagt á sig ómælda vinnu við að opna fyrir þennan markað á sem flestum dýraafurðum. Rúmu ári síðan fríverslunarsamningurinn tók gildi er ekki enn heimilt að flytja til Kína dýraafurðir aðrar en fiskafurðir. Kína er mjög mikilvægur markaður og bagalegt að ekki sé hægt að selja þangað meira af afurðum frá Íslandi. Það er umhugsunarvert hvort ekki þurfi að endurskoða nálgunina í fríverslunarsamningum varðandi dýraheilbrigðismál. Hugsanlega væri betra að kafað yrði dýpra í þau mál við samningagerðina þannig að opna megi fyrir gagnkvæm viðskipti milli ríkjanna þegar fríverslunarsamningurinn tekur gildi. Slíkt væri verulega til bóta.

Samstarf við tollayfirvöld hefur verið styrkt, einkum vegna sendinga er innihalda dýraafurðir sem eru að koma beint frá þriðju ríkjum. Einkum hefur verið fylgst með að sendingar komi á réttar landamærastöðvar og séu ekki fluttar milli tollhafna án landamæraskoðunar. Þá hafa verið gerðar breytingar innan tollskrár til að gera eftirlitið markvissara. Meðal þeirra breytinga er þétting síunets innan tollskrárinnar. Þess utan hefur verið unnið að nákvæmari texta tengdum hverju tollskrárnúmeri. Aukning varð á innflutningi á kjöti frá fyrra ári. Munar þar mest um aukinn innflutning á nautakjöti. Þessar afurðir koma nær eingöngu frá ríkjum innan EES. Örlítil lækun var í innflutningi á mjólkurafurðum frá ríkjum innan EES. Innflutningur gæludýra stendur nokkurn vegin í stað. Þó varð örlítil fækkun í fjölda katta.

Gefin voru út á árinu heilbrigðisvottorð fyrir afurðum til hinna ýmsu landa utan EES og fyrir ýmsum dýraafurðum. Munar þar mest um fjölda vottorða fyrir fiskafurðir. Ennfremur var talsverður útflutningur á búfjárafurðum, einkum mjólkurafurðum til Færeyja og Bandaríkjanna. Ekki þarf heilbrigðisvottorð fyrir afurðir innan EES.

Vöktun hraðviðvörðunarkerfis Evrópu er eitt af hlutverkum inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar. Nýlunda er að fylgst er með efnun og hlutum í sneringu við matvæli. Hefur þetta leitt til nokkra tilkynninga er varða Ísland. Sýnir þetta mikilvægi þess að eftirlit sé haft með þessum hlutum til að koma í veg fyrir mögulega eitrun eða mengun í matvælum.

2. Innflutningur matvæla

2.1. Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fóðurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga. Afgreiddar voru 12 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, samkvæmt reglugerð nr. 871/2014 um aukið eftirlit með innflutningi á matvælum sem ekki eru af dýrauppruna.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði síðan árið 1979. Heildarfjöldi RASFF tilkynninga á árinu voru 5910. Tæplega helmingur tilkynninga er um hafnanir á matvælum við eftirlit á landamærum EES ríkjanna. Næst algengustu tilkynningar eru um vörur sem eru innkallaðar af markaði. Það eru oftast neytendur sem tilkynna um vörur á markaði og einnig ef upp koma matarsýkingar. Í kjölfar innra eftirlits hjá matvælafrýrtækjum eru sendar tilkynningar um innkallanir um matvæli sem einnig hafa verið dreift til annarra landa. Alls komu 16 RASFF tilkynningar á árinu um vörur sem höfðu borist til Íslands. (sjá *Töflu IV.2.1*).

Tafla IV.2.1: RASFF-tilkynningar 2014 er vörðuðu Ísland

Vörutegund	Ástæða	Upprunaland
Barnamatur (grautur)	Þyrnieplafrae og atrópín	Þýskaland
Vínber	Varnarefnaleifar (Ethepon)	Brasilía
Sjávarréttur	Ómerktir ofnæmis- og ópolsvaldar (egg, soja, glúten)	Kína
Hlaup (tapioka)	Ólöglegt litarefni (E 127)	Víetnam
Líkjör	Of hátt magn af aukefni (glykól)	Kanada
Kókosmjólk*	Aðskotahlutur (eóla)	Tæland
Heilhvaitipasta	Myglueitur (Okratoxín)	Ítalía
Pistasíusælgæti	Örverurmengun (<i>Listeria monocytogenes</i>)	Tyrkland
Sveppir	Örverurmengun (<i>Listeria monocytogenes</i>)	Suður Kórea
Mangó	Varnarefnaleifar	Pakistan
Súpa	Ómerktir ofnæmis- og ópolsvaldar (selleri)	
Aukefni E 331	Aðskotaefni (arsenik)	Kína
Chia fræ	Örverurmengun (<i>Salmonella</i>)	Kanada og Bandaríkin
Maískökur	Myglueitur (DON)	Belgía og Ítalía
Sveppir	Örverurmengun (<i>Listeria monocytogenes</i>)	Suður Kórea
Túnfiskur	Aðskotaefni (histamín)	Tæland

* RASFF-tilkynning frá Íslandi

2.2. Aukið innflutningseftirlit með matvælum sem ekki eru af dýrauppruna

Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðar nr. 835/2010 með breytingum eða í öðrum tengdum reglugerðum. Tekin voru sýni í innflutningseftirliti 2014 af gráfíkjum og apríkósum frá Tyrklandi vegna aflatoxíns og súlfíts. Bæði voru undir leyfilegum mörkum. Einnig var tekið sýni af tei frá Kína sem reyndist innihalda of hátt magn af varnarefnaleifum og var því fargað.

Vissar tegundir grænmetis og kryddjurta frá Víetnam og Tælandi eru undir ströngu innflutningseftirliti vegna varnarefnaleifa og tekin eru 20% af sendingum til ástandskoðunar og sýnatöku. Innflytjendur hafa þó valið í öllum tilvikum að farga tilteknum matvælum úr sendingum og sleppa þá við dýran rannsóknarkostnað og að viðkvæm matvæli í sendingu eyðileggist á meðan beðið er eftir niðurstöðum.

2.3. Innkallanir

Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga sem eru tíu talsins fara með eftirlit á matvælum á markaði og tilkynna til Matvælastofnunar ef þörf er á aðgerðum. Heilbrigðiseftirlitið og Matvælastofnun framkvæmdu 24 samræmdar innkallanir á markaði á innlendum og erlendum matvælum árið 2014. Flestar innkallanir voru vegna vanmerkingar ofnæmis- og ópolsvalda eða

í ellefu tilfella. Innkallanir voru nokkra vegna salmonellamengunar. Þrjár tegundir af fæðubótarefnum voru innkallaðar vegna lyfjavirkra efna. Heilbrigðiseftirlitið gerði fjölmargar athugasemdir við merkingar á ýmsum matvælum sem fengu frest til að endurmerkja samkvæmt reglugerðum, t.d. að varan sé merkt á viðurkenndu tungumáli.

2.4. Dýraafurðir

Skrifstofa Inn- og útflutnings annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins frá þriðju ríkjum og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. reglugerð nr. 1044/2011. Innflutningseftirlit með dýraafurðum tekur til hvers kyns afurða úr dýraríkinu, sem dæmi má nefna; matvæli, fiskimjöl og fóður, lýsi, dýrafeiti, býflugnavax, hunang, óunnin skinn, ull og veiðiminjar.

Eftirlitið felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærastöðvar til eftirlits með innflutningi dýraafurða. Landamærastöðvarnar eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurlflugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík (Eimskip og Samskip). Heimilt er að taka til eftirlits fiskafurðir á öllum landamærastöðvum, en Eimskip Reykjavík og Keflavíkurlflugvöllur eru einu stöðvarnar sem geta tekið á móti öllum dýraafurðum.

Stærsti hluti innflutnings á dýraafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla IV.2.2*). Fiskafurðir voru stærsti hluti sendinga frá löndum utan EES á síðasta ári og þar af var iðnaðarrækja í mestu magni, hvortveggja í þyngd og fjölda sendinga. Innflutningur á dýraafurðum til mannelis var einkum mjólkurafurðir (mysuprótein og ostahlíðstæða) og einungis átta sendingar bárust af kjötafurðum (kjúklingaréttir). Aðrar dýraafurðir voru gæludýrafóður og veiðiminjar. Sendingum með fiskafurðum fjölgaði verulega eða um 6% frá fyrra ári og sendingum af dýraafurðum til mannelis fjölgaði um 53% og af öðrum dýraafurðum um 12%. Heildarfjöldi sendinga af dýraafurðum jókst um 11% milli ára, en heildarþyngd sendinga dróst saman um fjórðung, að magni til.

Tafla IV.2.2: Innfluttar dýraafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2014

Landamærastöð	Fiskafurðir Fjöldi sendinga	Dýraafurðir* Fjöldi sendinga	Aðrar dýraafurðir** Fjöldi sendinga	Heildarfjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
Reykjavík (Eimskip)	215	51	16	282	11.590.300
Hafnarfjörður	28	0	0	28	5.281.272
Reykjavík (Samskip)	20	0	0	0	1.744.815
Keflavíkurlflugvöllur	12	1	2	15	1.491
Akureyri	0	0	0	0	0
Ísafjörður	0	0	0	0	0
Húsavík	0	0	0	0	0
Þorlákshöfn	0	0	0	0	0
Samtals	275	52	18	345	18.617.878

*Dýraafurðir til mannelis, aðrar en fiskafurðir. ** Dýraafurðir ekki til mannelis.


Þremur sendingum af dýraafurðum sem komu frá löndum utan EES þurfti að vísa frá við landamæraeftirlit. Frávísunarástæður voru að samþykkisnúmer starfsstöðvar vantaði á umbúðir vöru eða að heilbrigðisvottorð vantaði með sendingu.

Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var alls 4.409.408 kg í 43 sendingum. Fjöldi sýnishorna af dýraafurðum frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsóknar eða kynningar var 26 og vógu þau samtals 846 kg. Alls voru flutt inn 25.439.874 kg af dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

2.5. Hrátt kjöt

Bann er við innflutningi á hráu kjöti til landsins en samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 448/2012 getur ráðherra veitt innflutningsleyfi eftir umsögn Matvælastofnunar. Hráar kjötafurðir sem fluttar eru til landsins skulu vera sannanlega lausar við salmonellu og hafa verið frýstar í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu. Kjötafurðir skulu hafa verið framleiddar í vinnslustöð sem viðurkennd er af ESB. Að auki eru gerðar fleiri kröfur til afurða sem fluttar eru inn frá þriðju ríkjum. Þeim skulu fylgja uppruna- og heilbrigðisvottorð og þær eru háðar innflutningseftirliti skv. reglugerð nr. 1044/2011.

Mynd IV.2.1: Magn innfluttra hrárra kjötafurða eftir tegundum 2013-2014 (tonn) - valdir vöruflokkar úr tollflokki 02




Heildarinnflutningur á hráum kjötafurðum var 3.392 tonn árið 2014 borið saman við 1.620 tonn árið 2013. Hann jókst því um tæp 1.800 tonn milli ára eða 110%. Mest var flutt inn af nautakjöti (1.048 tonn), þá kjúklingakjöti (922 tonn), andakjöti (807 tonn) og svínakjöti (517 tonn).

2.6. Mjólkurafurðir

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um innflutning á dýraafurðum beint frá ríkjum innan EES. Heimilt er að flytja inn afurðir sem unnar eru úr gerilsneyddri mjólk eða hafa hlotið viðeigandi meðferð samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012. Árið 2014 voru flutt inn 501 tonn af unnum mjólkurafurðum (654 tonn árið 2013).

Mynd IV.2.2: Magn innfluttra osta og annarra unninna mjólkurafurða (tollflokkur 04) eftir löndum 2013-2014 (tonn)




3. Innflutningur dýra

Meðal hlutverka inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til mannelis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

3.1. Hundar og kettir

Á árinu 2014 voru fluttir inn 165 hundar og 29 kettir. Fluttar voru inn 66 hundategundir frá 23 löndum og 10 kattategundir frá 11 löndum. Auk þess var flutt inn sæði úr 6 hundum.

Mynd IV.3.1: Innflutningur hunda og katta 2003-2014



Tafla IV.3.2: Innfluttar hunda-/kattategundir

Hundategund	Fjöldi
Blendingar	18
Labrador Retriever	15
Chihuahua	11
Golden Retriever	6
Pug	5
Dverg Schnauzer	4
Franskur Bolabítur	4
Enskur Cocker Spaniel	3
Þýskur Fjárhundur	2
Stóri Dani	2
Aðrar tegundir	95

Tafla IV.3.3: Upprunaland innfl. katta

Kattategund	Fjöldi
Heimilisköttur	14
American Blue	3
Main Coon	3
Persian	3
Bengal	1
Norwegian forest Cat	1
Ragdoll	1
Sphynx	1
Siamese	1
Turkish Angora	1

Upprunaland	Fjöldi
Bretland	7
Bandaríkin	4
Noregur	3
Svíþjóð	3
Þýskaland	3
Belgía	2
Litháen	2
Tékkland	2
Danmörk	1
Kanada	1
Sviss	1

Innflutt gæludýr eru ýmist vistuð í einangrunarstöð gæludýra í Hrísey eða í einangrunarstöðinni í Reykjanesbæ. Gæludýrin eru skoðuð af eftirlitsdýralæknum við komuna til landsins og fyrir útskrift úr einangrun, auk þess sem farið er í óboðaðar heimsóknir í einangrunarstöðvarnar.

3.2. Önnur gæludýr

Árið 2014 voru gefin út 50 leyfi fyrir innflutningi skrautfiska og annarra vatnadýra fyrir sjö gæludýraverslanir, tvær háskólastofnanir og þrjú einstaklinga. Einnig voru fluttir inn 15 búfuglar og 5 kanínur/nagdýr.

3.3. Frjóegg

Árlega eru flutt inn frjóegg á vegum alifuglaræktenda. Árið 2014 voru flutt inn 4.000 frjó kalkúnaegg frá Bretlandi og 237.000 frjó hænsnaegg frá Svíþjóð og Noregi. Nánari upplýsinga um innflutning og sjúkdómavarnir er að finna í kafla III.6.1.

3.4. Hrogn og seiði

Góð heilbrigðisstaða innlendra klakstofna án veirusýkinga kynslóð fram af kynslóð tryggir innlendri kynbótastarfsemi sterka stöðu og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2014 voru fluttir út 9.976 lítrar af laxahrognum (56,5 milljónir hrogn) til Chile, Noregs, Færeyja, Skotlands, Bandaríkjanna, Danmörku, Kanada, Póllands, Sviss, Líbanon og Tékklands. Þá voru fluttir út 70,5 lítrar af bleikjuhrognum (835.000 stk.) til Austurríkis, Eistlands, Kanada og Þýskalands. Einnig má geta þess að 9 lítrar (80.000 stk.) af villtum laxahrognum úr Eystri-Rangá voru fluttir til Færeyja bæði í byrjun og lok árs 2014 með það fyrir augum að sleppa seiðum í laxveiðiár. Alls voru flutt út 1.090.000 laxaseiði (3,3-5,2 gr.) til Færeyja til áframeldis og auk þess 8.800 laxaseiði (0,1-1 gr.) til Noregs í erfðarannsóknir í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómáþols. Í lok árs 2014 hófst útflutningur á lifandi hrognkelsaseiðum til Færeyja á vegum Hafró og Stofnfishs og hafa sömu aðilar nú þegar gert með sér samninga um framhald á sölu seiða. Alls fóru út um 144.000 seiði (18-41 gr.), en þau eru sett út í sjókvíar og ætlað að éta laxalús af eldislaxi. Þessi náttúrulega aðferð hefur rutt sér til rúms á liðnum misserum til að halda aftur af lúsinni og hefur virkað vel bæði í Noregi og Færeyjum. Loks voru fluttir út 66 lifandi þorskar (1-1,5 kg) á vegum Hafró til sædýrasafns í Portúgal.

3.5. Hunangsflugur

Býflugnaræktendur fluttu inn 112 býpakka og 50 drottningar á árinu 2014 til hunangsframleiðslu.

3.6. Minkar

Í maí 2014 voru fluttir inn 1.140 minkahögnar á vegum Gránumóa ehf. frá 5 ræktunarbúum í Danmörku og í desember sama árs komu 1200 læður og 240 högnar á vegum sama innflytjanda frá 3 búum frá Borgundarhólmi, Danmörku. Nánar er fjallað um minka og loðdýrarækt í kafla III.6.5.

3.7. Svínasæði

Á árinu var tvisvar sinnum flutt inn djúpfryst svínasæði frá Noregi, alls 361 skammtar (1.032 strá). Sjá kafla III.6.8.

4. Innflutningur áburðar, fódurs og plantna

4.1. Áburður

Á árinu 2014 fluttu 23 fyrirtæki inn áburð og jarðvegsbætandi efni, alls 273 tegundir. Alls voru flutt inn 60.961 tonn af áburði og jarðvegsbætandi efnum. Innlendir framleiðendur eru 14 á skrá, en það eru fyrirtæki sem framleiða áburð eða jarðvegsbætandi efni. Áburðarfyrirtæki sem voru með skráða starfsemi á árinu eru því 37. Nýskráðar eða endurskráðar áburðartegundir á árinu voru 102.

Tafla IV.4.1: Fjöldi áburðafyrirtækja, framleiðslumagn og fjöldi tegunda 2014

Áburður	Fjöldi fyrirtækja	Fjöldi tegunda	Magn (kg)	N (kg)	P (kg)	K (kg)
Jarðræktaráburður	7	80	60.184.933	14.335.540	1.833.948	2.553.620
Kalk	3	7	235.000	0	0	0
Ylræktaráburður	3	48	491.995	54.007	9.648	76.873
Íþróttavallaáburður	3	28	37.515	5.235	1.021	3.048
Blómaáburður	10	117	11.727	272	288	537
Samtals	26	280	60.961.170	14.395.054	1.844.906	2.634.077

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá 5 innflutningsfyrirtækjum og voru alls 45 áburðarsýni af 41 áburðartegund tekin á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

Við efnamælingar kom í ljós að 9 áburðartegundir voru með efnainnihaldi undir vikmörkum samkvæmt ákvæðum reglugerða. Þar af var 1 með of mikið kadmíuminnihald, 1 með of lítið köfnunarefni, 1 með of lítinn fosfór, 1 með of lítið kalí og 8 með of lítinn brennistein. Í nokkrum tilfellum voru fleiri en eitt næringarefni undir leyfðum vikmörkum. Þessar tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar. Allar niðurstöður miðast við uppgefin gildi við skráningu og samkvæmt merkingum á umbúðum.

Fáar athugasemdir voru gerðar við merkingar, en helstu gallar voru vegna misræmis milli skráninga og merkinga en einnig voru merkingar máðar í nokkrum tilfellum. Þá voru gerðar athugasemdir ef merkingar voru ekki á íslensku.

Matvælastofnun birtir á heimasíðu sinni skýrslu um áburðareftirlit liðsins árs. Vísað er til þessarar skýrslu um frekari upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður eftirlitsins.

4.2. Fóður

Á árinu 2014 fluttu 66 fyrirtæki inn fóður samanborið við 68 fyrirtæki árið 2013. 1.607 tilkynningar bárust um innflutning á 2.777 fóðurtegundum og samtals voru flutt inn 106.351 tonn af fóðri. Tilkynningum um innflutning hefur fjölgað um 25% milli ára, en magn innflutts fóðurs hefur aukist um 14% á milli ára. Munar þar mest um aukningu í innflutningi á kúafóðri og alifuglafóðri eða nálægt 70% fyrir hvora tegund. Einnig hefur innflutningur á fiskafóðri og gæludýrafóðri aukist nokkuð eða um 20% milli ára. Tölur um innflutt fóður eftir dýrategundum og samanburð milli ára er að finna í viðauka VI.4.

Auk reglubundins eftirlits með starfsstöðvum í fóðurframleiðslu felst fóðureftirlit einnig í skráningu allra innflytjenda á fóðri og skráningu nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu nýrra fóðurtegunda eru innihaldslýsingar og notkunarleiddbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki Matvælastofnunar gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörinni.

4.3. Plöntur og sáðvara

Undir þennan verkþátt falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vöruflokkum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju (í *Töflu IV.4.2.* undir „lífrænar varnir“).

4.3.1. Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2014 voru 3 kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna og Samband garðyrkjubænda hefur leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2014 voru 22 bændur með útsæðisleyfi þar með taldir áður nefndir stofnræktendur. Af þeim voru 11 á Suðurlandi, 7 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 3 á Hornafirði.

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15. Hér á landi er viðurinn hitaður til að ná markinu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2014 voru 6 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðan trjávið til umbúðagerðar og 50 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhituðum viði og merkja. Þessi fyrirtæki dreifast um allt land.

4.3.2. Eftirlit

Fylgst er með því að heilbriggt kartöfluútsæði sé á markaði. Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágústmánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar-mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð tæp 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: *Gullauga*, *Helgu*, *Premiere* og *Rauðum íslenskum*.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi.

Í *Töflu IV.4.2.* er yfirlit yfir nokkra vöruflokka, en alls voru vottaðar 1102 innflutningstilkynningar, þar af 797 þar sem heilbrigðisvottorðs er krafist. Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir og krafist er heilbrigðisvottorðs er tollafhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun.

Tafla IV.4.2: Fjöldi áritaðra vottorða vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árin 2009-2014

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilin	Vottorð 2009	Vottorð 2010	Vottorð 2011	Vottorð 2012	Vottorð 2013	Vottorð 2014
Afskorin blóm og greinar	145	121	115	103	150	129
Arinviður	4	8	8	4	7	12
Blómlaukar og rótarhnýði	54	52	55	39	69	30
Garðplöntur, tré og runnar	61	62	86	59	51	58
Græðlingar og smáplöntur	139	154	165	172	160	139
Jólatré og barrgreinar	30	28	28	37	26	38
Lífrænar varnir	104	104	106	123	169	152
Matar- og verksmiðjukartöflur	147	153	120	195	142	264
Mold	40	48	52	61	53	64
Pottaplöntur	28	39	22	64	55	54
Útsæðiskartöflur	4	11	5	6	7	9
Ýmislegt	-	-	-	-	229	153
Samtals	756	780	762	863	1.118	1.102

Næsta tafla sýnir magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokka fyrir árin 2009-2014. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, útsæðiskartöflur, gróðurmold og jólatré.

Tafla IV.4.3: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna, gróðurmoldar og jólatrjáa árin 2009-2014

Vöruflokkar	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Matar- og verksmiðjukartöflur (tonn)	2.683,80	2.869,3	2.869,3	3.346,3	2.520,8	4.041
Útsæðiskartöflur (tonn)	43	68,3	71,9	109,6	158	181,9
Gróðurmold*(tonn)	827,4	930,3	930,3	1.289	1.342,3	994,2
Jólatré**(stykki)	20.401	17.970	18.525	18.803	26.558	18.474

* Almenn er innflutningur á mold bannaður en þó er heimilt að flytja inn mold sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*) og hefur aldrei verið notuð til ræktunar og inniheldur hvorki óunninn trjábörk eða húsdýraáburð.

** Nær allur innflutningur á jólatrjám er af tegundinni norðmannspín (*Abies nordmanniana*) en einnig er lítilsháttar innflutningur á eðalþin (*Abies procera*) og rauðgreni (*Picea abies*). Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð nr. 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrjám sem gefin eru af vinabæjum til sveitarfélaga hér á landi.

Allt fræ sem flutt er til landsins er skráð hjá Matvælastofnunar sem gefur út innflutningsheimild fyrir sérhverri sendingu. Ef fræið er ætlað til sölu í landbúnaði þurfa að fylgja með upplýsingar um frægæði og er þá stuðst við alþjóðlegar reglur. Alls voru flutt inn 1406,9 tonn af gæðavottuðu fræi. Helstu upplýsingar um þetta fræ eru í viðauka VI.8. Að auki er nokkur innflutningur af fræi í smáum skömmtum sem er ætlað til tilrauna eða einkanota og af fræi til sáninga í gróðurhúsum.

Alls voru á árinu gefnar út 215 innflutningsheimildir. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í viðauka VI.8. Í töflunum er innflutningur síðustu fjögurra ára sýndur.

5. Útflutningur matvæla


Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðs vegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands. Ekki er krafist heilbrigðisvottorða innan Evrópska efnahagssvæðisins fyrir dýraafurðir sem framleiddar eru samkvæmt kröfum matvælalöggjafar Evrópusambandsins og hefur útgefnun heilbrigðisvottorðum því fækkað frá 1. nóvember 2011 þegar innleiðsla matvælalöggjafarinnar hófst fyrir landbúnaðarafurðir.

5.1. Kjöt


Á árinu 2014 voru gefin út heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á 3.749 tonnum af kjöti. Mest var gefið út af vottorðum vegna lamba- og kindakjöts (3.195 tonn), því næst hrossakjöts (500 tonn), og svínakjöts (54 tonn). Allt útflutt svínakjöt fór til Hong Kong.

Mynd IV.5.1. sýnir útflutning á hrossakjöti milli ára eftir löndum og *Mynd IV.5.2.* sýnir útflutning á lambakjöti milli ára eftir löndum.

Mynd IV.5.1: Samanburður á útflutningi hrossakjöts í tonnum til þriðju ríkja 2013-2014




Mynd IV.5.2: Samanburður á útflutningi lambakjöts í tonnum til þriðju ríkja 2012-2014



5.2. Mjólkurafurðir


Mynd IV.5.3 sýnir útflutning á mjólkurafurðum frá Íslandi til þriðju ríkja árin 2013-2014 eftir löndum.

Mynd IV.5.3: Samanburður á útflutningi mjólkurafurða til þriðju ríkja 2013-2014



Mynd IV.5.4 sýnir þróun í útgáfu heilbrigðisvottorða vegna útflutnings á lambakjöti, hrossakjöti, svínakjöti og mjólkurafurða milli ára. Aukning hefur orðið í sölu lambakjöts og mjólkurafurða, en samdráttur í útflutningi hrossa- og svínakjöts samanborið við árið 2013.

*Mynd IV.5.4: Útfluttar afurðir (tonn) sem gefin voru út heilbrigðisvottorð fyrir 2009-2014**



* Frá 1. nóvember 2011 eru útfluttar afurðir í frjálsu flæði innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og þurfa því ekki heilbrigðisvottorð frá Matvælastofnun. Tölur frá þeim tíma ná þ.a.l. eingöngu til útflutnings utan EES.

5.3. Sjávarafurðir

Matvælastofnun gefur út heilbrigðisvottorð með sjávarafurðum til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins. Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykkisnúmer framleiðanda, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Á síðast liðnu ári voru gefin út ríflega um fjögur þúsund og fimm hundruð heilbrigðisvottorð með útfluttum sjávarafurðum (*Tafla IV.5.1*). Þriðjungur vottorðanna voru til landa í tollabandalagi Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan og ríflega fjórðungur voru almenn heilbrigðisvottorð. Sextán aðrar vottorðagerðir voru gefnar út með fiskafurðum til mismunandi landa. Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum dróst saman um ríflega 15% frá fyrra ári.

Tafla IV.5.1: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2014

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan	1.531
Almennt	1.178
Kína	548
Úkraína	495
Forvottorð (pre-export)	367
Bandaríkin	103
Tyrkland	86
Brasilía	71
Moldavía	27
Önnur lönd	162
Samtals	4.568

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem frítt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.




6. Útflutningur dýra

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.

6.1. Hross

Útflutningur hrossa var heldur meiri en á árinu 2013. Alls voru flutt út 1.269 hross, flest voru send í flugi til Liege í Belgíu og var þeim dreift þaðan til hinna ýmsu Evrópulanda. Til Þýskalands fóru flest hross eða 594, til Norðurlandanna alls 389 og til Austurríkis 94 hross.

Mynd IV.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2014


6.2. Hundar og kettir

Árið 2014 voru gefin út 199 útflutningsvottorð fyrir hunda og 60 fyrir ketti, og voru því fleiri hundar og kettir fluttir út en voru fluttir til landsins 2014.

6.3. Hrogn og seiði

Góð heilbrigðisstaða með klakstofn án veirusýkinga tryggir innlendri kynbótastarfsemi sterka stöðu og er erfðaefni eftirsótt víða erlendis til áframeldis. Árið 2013 voru fluttir út 9.755 lítrar af laxahrognum til Chíle, Noregs, Færeyja, Skotlands, Bandaríkjanna, Danmörku og Kanada og 109 lítrar af bleikjuhrognum til Austurríkis, Írlands, Kanada, Danmörku og Skotlands. Alls voru flutt út 578.200 laxaseiði (70 gr.) til Færeyja til áframeldis og auk þess 8.400 laxaseiði til Noregs í sérstaka veipurannsókn (brisdrep) í tengslum við kynbætur á sviði sjúkdómáþols. Loks voru fluttir út 70 lifandi þorskar (0,6-1,6 kg) í sæðýrasafn í Portúgal.

7. Útflutningur plantna

7.1. Útflutningur plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2014 voru gefin út 22 slík vottorð, flest með vörubrettum úr trjávið sem fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum.

7.2. Fræútfutningur

Eini útflutningur héðan á fræi er á vegum Landgræðslu ríkisins. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem fræið er spírunarprófað. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið út gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2014 var gefið út eitt frævottorð með tegundinni beringspunti.

Tafla IV.6.1: Útflutningur hrossa eftir löndum

Útflutningsland	Fjöldi
Þýskaland	594
Svíþjóð	153
Danmörk	130
Austurríki	94
Sviss	77
Noregur	55
Holland	45
Finnland	31
Bandaríkin	23
Færeyjar	10
Önnur lönd	57

1. Um súnur og súnvalda

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli dýra og manna. Súnuvaldur veldur súnu og er hann skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, sníkla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnu.

Hér á landi er í gildi reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna og súnvalda. Þessi reglugerð byggir á tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um sama efni. Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vaktað á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að finna uppruna súnvaldsins sem olli sýkingunni og meta leitni sýkinga yfir tíma. Vöktun á þoli súnvalda gegn sýklalyfjum er útfært nánar með reglugerð nr. 714/2012 um vöktun á lyfjapoli. Einnig er í gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Upplýsingum sem hér eru birtar hefur verið safnað á grundvelli ofangreindrar reglugerða um súnur auk niðurstaðna rannsókna úr opinberu eftirliti.

2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólki, matvælum, dýrum, fóðri og fiskimjöli. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólki eru fengnar frá Embætti Landlæknis og frá sýklafræðideild Landspítalans. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóður- og fiskimjölsværsmiðjurnar senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr dýrum, dýraafurðum, fóðri og fiskimjöli fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, hjá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf, hjá Matís ohf. og hjá Rannsóknþjónustunni ProMat Akureyri ehf. Ræktun á salmonellu úr sýnum úr fólki fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Staðfesting salmonellu í öllum sýnum og sermisgreining fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Bretlandi.

Eftirlit með salmonellu í alifuglum fer samkvæmt landsáætlun um varnir og viðbrögð á Íslandi. Eftirlit með salmonellu í svínunum fer samkvæmt skoðunarhandbók um salmonellu í svínunum. Landsáætlunina og skoðunarhandbókina er að finna á vef Matvælastofnunar, www.mast.is undir [Dýraheilbrigði - Eftirlit](#).


2.1. Salmonella í fólki

Uppruna salmonellusýkinga í fólki má oft rekja til dýra. Algengast er að dýr smitist af salmonellu sé hún til staðar í umhverfi þeirra, fóðrinu sem þau éta eða vatninu sem þau drekka. Dýrin geta smitað hvert annað og smitalagið eykst. Smitist búfé af salmonellu er hættu á að hún geti borist í fólk með afurðum þeirra. Af þessum sökum er mikilvægt að skoða hvort samhengi sé á milli salmonellu í fólki og dýrum. Sé það tilfellið ætti að koma í ljós samhengi á milli sermisgerða sem greinast í fólki og dýrum og að aukin tíðni í dýrum leiddi af sér auknar sýkingar í fólki á svipuðum tíma. En fyrst ber að líta á sýkingar í fólki þ.e. hvort þær séu af innlendum eða erlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis telst það smit af erlendum uppruna ef sjúklingur hefur dvalið erlendis innan viku frá upphafi einkenna. Stundum er ekki vitað um uppruna smits.

Á árinu greindist 41 salmonellutilfelli í fólki:

- *Salmonella* Enteritidis og *Salmonella* Typhimurium voru algengastar en þær greindust í 28 af 41 tilfelli.
- Sýkingar af völdum *Salmonella* Enteritidis voru í 19 af 22 tilfellum af erlendum uppruna.
- Sýkingar af völdum *Salmonella* Typhimurium voru í 5 af 6 tilfellum af innlendum uppruna.

Mynd V.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólki eftir uppruna og árum



2.2. Salmonella í matvælum

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna stóðu saman að söfnun sýna af alifuglakjöti framleiddu erlendis. Skimað var fyrir salmonellu og kampýlóbakter í 115 sýnum af kjúklingakjöti, andakjöti, kalkúnakjöti og gæsakjöti. Salmonella greindist í einu sýni. Nánari umfjöllun um verkefnið er að finna í kafla [II.5.1.](#) og eru niðurstöður mælinga birtar í [Viðauka VI.5.1.](#)

Sýnatökuáætlun vegna innflutningseftirlits með dýraafurðum frá 3ju ríkjum, gerir ráð fyrir að taka sýni til mælinga á salmonellu í 20% sendinga af kjöti og gæludýrafóðri. Á undanförunum árum hafa komið mjög fáar sendingar af þessum afurðum og því var aðeins tekið sýni úr einni lotu (fimm sýni) af hvorri þessara afurða á síðasta ári. Sýnin reyndust öll neikvæð.

2.2.1. Salmonella í alifuglum við slátrun

Við slátrun kjúklinga eru reglulega tekin sýni úr hálsaskinni til rannsókna á salmonellu. Ef salmonella greinist við slátrun er dreifing stöðvuð og ef afurðir hafa farið á markað eru þær innkallaðar. Heimilt er að hitameðhöndla afurðirnar til að tryggja matvælaöryggi. Ef heimild til hitameðhöndlunar er ekki nýtt skal farga afurðum. Á árinu greindist salmonella í 1 af 712 sláturhópum, *Salmonella* Infantis, sem svarar til 0,1% tíðni.

Á árinu greindist enginn af 72 sláturhópum kalkúna jákvæður m.t.t. salmonellu.

Tafla V.2.1: Yfirlit yfir fjölda sláturhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi sláturhópa	Fjöldi jákvæðra sláturhópa	Hlutfall
2005	635	0	0,0%
2006	730	0	0,0%
2007	777	0	0,0%
2008	706	1	0,1%
2009	702	1	0,1%
2010	668	24	3,6%
2011	695	8	1,2%
2012	715	2	0,3%
2013	715	2	0,3%
2014	712	1	0,1%

2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

Við slátrun svína eru reglulega tekin stroksýni af svínaskrokkunum til rannsókna á salmonellu. Notast er við svokölluð hraðpróf sem gefa jákvæða eða neikvæða svör. Niðurstaða úr hraðprófinu er endanleg niðurstaða, þó svo að það takist ekki að rækta salmonellu úr stroksýninu. Sýnin eru tekin frá öllum slátruhópum og fer fjöldi sýna eftir fjölda svína í hverjum hópi. Ef bú eru í 2. eða 3. flokki í kjötsafaprófi (sjá nánar í kafla V.2.3.2.) eru tekin stroksýni af öllum svínaskrokkum frá því tiltekna búi. Jákvæðir skrokkar fara í hitameðhöndlun til að tryggja matvælaöryggi.

Á árinu greindist salmonella í 23 af 4.921 sýni sem svarar til 0,5% tíðni. Tíðni fór hæst í 1,8 % í janúar. Salmonella greindist ekki í stroksýnum í þremur af 12 mánuðum ársins.

- *Salmonella* Typhimurium greindist í 3 sýnum.
- *Salmonella* Brandenburg greindist í 3 sýnum.
- *Salmonella* London greindist í 1 sýni.
- *Salmonella* spp. greindist í 3 sýnum.
- *Salmonella* ræktaðist ekki úr 13 af 23 jákvæðum stroksýnum.

Tafla V.2.2: Yfirlit yfir hlutfall stroksýna sem greindust jákvæð fyrir salmonellu

Ár	Fjöldi sýna	Fjöldi jákvæðra sýna	Hlutfall jákvæðra stroksýna
2006	1.005	11	1,1%
2007	1.937	10	0,5%
2008	2.481	34	1,4%
2009	3.495	392	11,2%
2010	3.302	89	2,7%
2011	2.522	32	1,3%
2012	2.171	7	0,3%
2013	2.878	26	0,9%
2014	4.921	23	0,5%

2.3. Salmonella í dýrum

Fylgst er reglulega með salmonellu í eldi alifugla og svína. Ekki er fylgst reglulega með salmonellu við eldi annarra dýra. Sýni eru tekin úr nautgripum, sauðfé, hrossum eða öðrum dýrum við grun um salmonellu eða við eftirlitsverkefni sem eru framkvæmd til þess að fá nánari vitneskju um útbreiðslu salmonellu í öðrum dýrategundum en alifuglum og svínum. Slík eftirlitsverkefni voru ekki framkvæmd á árinu.

2.3.1. Alifuglar

Sýni eru reglulega tekin úr öllum eldshópum alifugla. Hópum sem greinast með salmonellu í eldi er fargað. Á árinu greindist Salmonella í 17 af 658 eldshópum kjúklinga sem svarar til 2,6% tíðni.

- *Salmonella* Agona greindist í sjö eldshópum kjúklinga á tveimur mismunandi búum. Líklega er ekki um nýsmit að ræða þar sem sermisgerðin hefur áður greint á þessum búum.
- *Salmonella* Infantis greindist í sjö eldshópum á einu búi. Líklega er ekki um nýsmit að ræða þar sem sermisgerðin hefur áður greint á þessu búi.
- *Salmonella* Worthington greindist í þremur eldshópum á einu búi. Líklegt er að smitið hafi borist með fóðri inn á búið þar sem þetta var nýsmit. Þessir stofnar og stofn úr fóðurverksmiðju reyndust við stofnagreiningu (Whole Genome Sequencing) náskyldir og líklega af sama uppruna.

Á árinu greindist enginn af 31 eldshópi kalkúna jákvæður m.t.t. salmonellu.

Tafla V.2.3: Yfirlit yfir eldshópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi eldshópa	Fjöldi jákvæðra eldshópa	Hlutfall
2005	575	0	0,0%
2006	616	0	0,0%
2007	667	0	0,0%
2008	609	6	1,0%
2009	599	5	0,8%
2010	616	32	5,2%
2011	637	14	2,2%
2012	638	10	1,6%
2013	641	15	2,3%
2014	658	17	2,6%

2.3.2. Svín

Eftirlit með salmonellu í svínum er með þrennum hætti:

1. Með kjötsafasýnum í slátruhúsum
2. Með stroksýnum af svínaskrokkum í slátruhúsum
3. Með saursýnatökum á svínabúum

Mótefni salmonellu eru mæld í kjötsafasýnum og gefa vísbendingu um smitálagið á hverju svínabúi. Á grundvelli kjötsafaprófs er svínabúum raðað í þrjá flokka. Röðunin byggir á útreikningi salmonellustuðuls, en þess hærrí sem stuðullinn er því fleiri sýni hafa verið jákvæð í kjötsafaprófi á ákveðnu tímabili. Svínabú í 1. flokki eru með engan eða mjög lágan salmonellustuðul, en falla í 2. flokk og síðan í 3. flokk eftir því sem stuðullinn hækkar.

Stroksýnin eru tekin til að fylgjast með salmonellumengun svínaskrokka við slátrun (sjá nánar í kafla V.2.2.2.)

